

2015–2016

**HÖNNUN OG
ARKITEKTÚR**
KENNSLUSKRÁ
BA NÁM



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

Hönnunar- og arkitektúrdeild

KENNSLUSKRÁ

BA nám

2015–2016

**HÖNNUNAR- OG ARKITEKTÚRDEILD
LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS**

Hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands

Þverholt 11
105 Reykjavík
s. 545 2200
lhi@lhi.is

www.lhi.is

Útgefandi Hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands 2015

Ritstjóri Ingibjörg Þórisdóttir

Prentvinnsla Oddi, umhverfissvottað fyrirtæki

FYRIRVARI

Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um
ófyrirsjáanlegar og nauðsynlegar breytingar

EFNISYFIRLIT

Hönnunar- og arkitektúrdeild	4
Kennarar og starfsmenn	6
Þjónusta	7
Úr skólareglum 2015–2016	9
Nemendafélag	11
Handbók nemenda	11
Sameiginleg skyldunámskeið allra brauta hönnunar- og arkitektúrdeildar	12
Sameiginleg bundin valnámskeið allra brauta hönnunar og arkitektúrdeildar	22
Arkitektúr	30
Fatahönnun	51
Grafísk hönnun	74
Vöruhönnun	96
Flæðirit	117–118
Mikilvægar dagsetningar 2015–2016	119

HÖNNUNAR- OG ARKITEKTÚRDEILD

Hönnuðir og arkitektar hafa það hlutverk að breyta til batnaðar – að auka áþreifanleg og óáþreifanleg gæði. Hagnýtir eiginleikar hönnunar, fagurfræði og hugmyndafræði geta haft víðtæk áhrif á umhverfi og samfélag og koma við sögu oft á dag í lífi sérhverrar manneskju. Hönnun og arkitektúr ná yfir skapandi ferli sem byggir jöfnum höndum á rannsókn, rök-hugsun, afstöðu, fagurfræði, innsæi og ímyndunarafl.

Í hönnunar- og arkitektúrdeild er lögð áhersla á að nemendur kunni skil á fræðilegum forsendum hönnunar og geti út frá þekkingu sinni tekið ábyrga afstöðu til umhverfis og samfélags. Hönnun snýst oft á tíðum um að koma auga á möguleikana í því sem hefur enn ekki átt sér stað. Nemendur eru því stöðugt hvattir til að leita nýrra lausna og leiða og leggja sérstaka rækt við frumleika, ímyndunarafl og gagnrýninn hugsunarhátt.

MARKMIÐ

Markmið hönnunar- og arkitektúrdeildar eru:

- ▶ að bjóða upp á metnaðarfullt nám og kennslu
- ▶ að þróa lærdómssamfélag kennara og nemenda
- ▶ að þróa þverfagleg samvinnuferli í hönnun
- ▶ að vinna að sjálfbærni
- ▶ að byggja upp rannsóknamenningu sem styður sameiginlega þekkingarsköpun
- ▶ að takast á við samtímaáskoranir í samfélaginu með aðferðafræði hönnunar
- ▶ að koma menningu hönnunar á framfæri sem hreyfiafli í samfélaginu
- ▶ að stuðla að uppbyggilegum breytingum í samfélaginu

Þar sem hönnun er breytingarafl til aukinna lífsgæða er mikil áhersla lögð á að nemendur takist á við þau málefni sem efst eru á baugi í samfélaginu. Miklu skiptir að beina athyglinni að staðbundnum aðstæðum í hnattrænu samhengi og að takast á við þá öfga sem felast í því að búa í fámennu landi með víðáttumikilli og stórbrotinni náttúru.

Áhersla er lögð á að skilja sögulegt samhengi fræðigreina sem námsbrautirnar tengjast og að bera fram nýjar spurningar um viðeigandi gildissvið, gerð og framleiðsluferli í nútíma-samhengi. Allar faggreinar hönnunar verða að takast á við takmarkaðan aðgang að auðlindum. Nýsköpun þarf því að ígrunda vel og setja í samhengi við kerfisbundna sjálfbærni, að því er varðar nýtingu auðlinda, framleiðsluferla og lífsferil hráefna.

SAMSTARF

Hönnun felur ávallt í sér samráð og samvinnu. Við hönnunar- og arkitektúrdeild er leitast við að efla samtali og samstarf við fjölbreyttan hóp fagaðila og leikmanna, enda er það mikilvægur hluti námsins. Kennarar deildarinnar hafa stofnað til samstarfs við fjölda samtaka, stofnana, fyrirtækja og innlendra og erlendra háskóla um þróun verkefna sem unnin eru í námskeiðum og rannsóknar- og/eða þróunarverkefnum. Samstarfslíkón eru margvísleg

og í sífelldri þróun og mótun. Samstarf við mismunandi aðila veitir samræðu og samskiptum þann sess sem nauðsynlegur er í öllum samstarfstilraunum í sköpun og þverfaglegri hugsun.

NÁMIÐ

Við hönnunar- og arkitektúrdeild eru í boði fjórar námsbrautir á BA stigi og ein námsbraut á MA stigi. Námsbrautir á BA stigi eru í arkitektúr, grafískri hönnun, fatahönnun og vöruhönnun. BA nám í hönnun og arkitektúr er þriggja ára nám til 180 eininga. Nemendur ljúka að jafnaði 30 einingum á önn. Að loknu námi og tilskildum prófum og verkefnum hlýtur nemandi BA gráðu.

Fyrsta ár námsins felst í kynningu á viðfangsefnum og hönnunaraðferðum hvernar greinar. Áhersla er lögð á hugmyndafræðilegan skilning og tæknilega færni sem birtast í fyrstu hönnunarverkum nemenda á vorönn. Nemendur dýpka skilning á eigin verkum og tileinka sér gagnrýnið og skapandi viðhorf á eigin verk og annarra. Í fræðigreinum er lögð áhersla á hönnunarsögu og menningarfræði auk fræðilegra rannsóknnaaðferða. Í tækninámskeiðum kynnast nemendur notkun forrita og verklegri vinnu á verkstæðum.

Á öðru ári er aukin áhersla lögð á flóknari samfélagsleg viðfangsefni. Í námskeiðum eru ferli samfélagsins rannsökuð og nemendur rannsaka hvernig megi hafa áhrif á tiltekna þætti í samfélaginu í stærra samhengi. Þverfagleg og skapandi vinnubrögð eru viðfangsefni sameiginlegs námskeiðs allra deilda Listaháskólans um mitt árið og í lok árs vinna nemendur á bæði BA og MA stigi í deildinni að sameiginlegum verkefnum þar sem áhersla er á samstarf og að kanna möguleika hönnunar á að hafa inngríp í samfélagið. Sú vinna sem fram fer í vinnustofum er studd með faglegri umfjöllun í fræðinámskeiðum þar sem áherslan er á samfélagslega greiningu, sjálfbærni og þverfræðilegar nálganir. Auk þess fá nemendur innsýn og kennslu í hagnýtum þáttum er lúta að þeirra faggrein.

Á þriðja ári leggja nemendur áherslu á samþættingu hönnunar sem byggir á hugmyndaauðgi, færni og þekkingu, og þess er vænst að þeir sýni sjálfstæði í eigin hönnun og verkefnastjórnun. Nemendur ígrunda eigin vinnu með gerð möppu um verk sín, skrifa hönnunargreiningu samhliða lokaverkefni, kynnast faglegu starfsumhverfi auk þess að skrifa fræðilega lokaritgerð. Náminu lýkur með útskriftarverkefni sem miðlað er á opinberum vettvangi.

Kennsla fer fram í námskeiðum á vinnustofum, verkstæðum og í hefðbundnum kennslustofum þar sem stuðst er bæði við einkaleiðsögn og hópleiðsögn, í fyrirlestrum, málstofum, umræðum og gagnrýni í smærri hópum auk tæknikennslu á verkstæðum deildarinnar.

Frá kl. 08:30–12:10 sækja nemendur fræðinámskeið og tækninámskeið. Fræðigreinar eru mikilvægar þáttur námsins. Lögð er áhersla á gagnrýna og skapandi hugsun nemenda og að nemendur kunni skil á hugmyndafræðilegum forsendum hönnunar og sögulegu samhengi faggreina. Kennsluaðferðir eru í formi fyrirlestra, umræðna og verkefnavinnu. Nemendur

vinna stutt rannsóknar- og greiningaverkefni, kynna niðurstöður sínar í kynningum og stuttum fyrirlestrum og vinna með texta, m.a. í ritgerðarskrifum.

Í tækninámskeiðum er boðið upp á sérhæfða þjálfun nemenda í samræmi við valda faggrein. Tækninámskeið fara fram bæði í hefðbundnum kennslustofum og á verkstæðum skólans í Þverholti og í Laugarnesi.

Frá kl. 13:00–16:40 sækja nemendur vinnustofur. Kennslu er skipt niður í mislöng námskeið og geta verið allt frá einni viku og upp í fimmtán vikna námskeið. Í vinnustofum er unnið að margvíslegum verkefnum sem tengjast hönnun undir leiðsögn umsjónarkennara námskeiða. Hver nemandi fær úthlutað eigin vinnuaðstöðu og er ætlast til að nemendur stundi sína vinnu þar en kennarar koma reglulega á vinnustofu og leiðbeina með verkefni. Þarfir námskeiðsins ráða síðan hvernig unnið er í vinnustofunni en gerð er grein fyrir kennslufyrirkomulagi og námsmati í upphafi hvers námskeiðs. Námskeiðum lýkur með yfirferðum þar sem nemendur kynna verkefni sín og taka þátt í umræðum með kennurum og utanaðkomandi gestum og öðrum nemendum.

KENNARAR OG STARFSMENN

Deildarforseti

Sigrún Birgisdóttir, sigrunbirgis@lhi.is

Sigrún Alba Sigurðardóttir, starfandi deildarforseti fram í október, sigrunalba@lhi.is

Arkitektúr

Steinþór Kári Kárason, prófessor og fagstjóri, steinthork@lhi.is

Massimo Santanicchia, lektor, massimo@lhi.is

Fatahönnun

Katrín M. Káradóttir, aðjúntk og fagstjóri, katak@lhi.is

Linda Björg Árnadóttir, lektor, linda@lhi.is

Grafísk hönnun

Lóa Auðunsdóttir, aðjúntk og fagstjóri, loaauduns@lhi.is

Birna Geirfinnsdóttir, lektor, í fæðingarorlofi frá október, birnageirfinns@lhi.is

Atli Hilmarrsson, aðjúntk, atli@lhi.is

Vöruhönnun

Gardar Eyjólfsson, lektor og fagstjóri, gardareyjohnfsson@lhi.is

Tinna Gunnarsdóttir, aðjúntk, tinnag@lhi.is

Thomas Pausz, aðjúntk, thomaspausz@lhi.is

Fræðigreinar

Sigrún Alba Sigurðardóttir, lektor og fagstjóri, sigrunalba@lhi.is

Bryndís Björgvinsdóttir, aðjúntkt, bryndisbj@lhi.is

Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, aðjúntkt, gudbjorg@lhi.is

Deildarfulltrúi

Hafdís Harðardóttir, hafdis@lhi.is

Skrifstofa deildarfulltrúa er á 5. hæð í Þverholti 11, Sími: 545 2221

Verkefnastjórar

Hallgerður Hallgrímsdóttir, hallgerdur@lhi.is

Rúna Thors, runathors@lhi.is

Skrifstofa verkefnastjóra er á kennarastofu á 5. hæð í Þverholti 11. Sími: 545 2223

Þjónustufulltrúi

Hreinn Bernharðsson, hreinnb@lhi.is

Skrifstofa þjónustufulltrúa er staðsett á 4. hæð í Þverholti 11.

Sími: 545 2202, GSM: 862 4471

Kennarar og nemendur geta leitað til þjónustufulltrúa vegna alls þess sem snýr að húsnæðis- og tækjamálum bæði hvað varðar kennslurými og verkstæði deildarinnar. Þá hefur þjónustufulltrúi umsjón með útláni á tækjum í eigu skólans, læstum skápum, lykklum o.þ.h. Móttaka gesta í samvinnu við verkefnastjóra og deildarforseta er á ábyrgð þjónustufulltrúa og deildarfulltrúa sem og samstarf við nemendur lokaárs við uppsetningu og samantekt á útskriftarsýningu.

ÞJÓNUSTA

ALÞJÓÐASKRIFSTOFA

Alþjóðaskrifstofa LHÍ leggur áherslu á að aðstoða nemendur við að sækja um sem skiptinemar í erlendum samstarfsskólum. Kynningarfundir eru haldnir reglulega í deildum skólans um tækifæri til skiptináms og starfsnáms, og möguleika á styrkjum. Ennfremur aðstoðar alþjóðaskrifstofa starfsfólk skólans við að undirbúa og sækja um styrki til starfsmanna- og kennaraskipta.

Alþjóðaskrifstofa Listaháskólans er staðsett á aðalskrifstofu skólans í Þverholti 11.

Viðtalstími alþjóðaskrifstofu er mánudaga – fimmtudaga frá kl. 09.00 – 16.00.

Auk þess hefur alþjóðafulltrúi fasta viðveru í tónlistardeild fyrsta þriðjudag hvers mánaðar frá kl. 09.00 – 13.00 og í myndlistardeild fyrsta mánudag hvers mánaðar frá kl. 12.00 – 16.00.

BÓKASAFN

Bókasafn og upplýsingaþjónusta Listaháskóla Íslands er sérfræðisafn á sviði þeirra listgreina sem kenndar eru við skólann og er safnið stærsta listbókasafn landsins.

Meginhlutverk safnsins er að veita nemendum og kennurum, auk annarra sem til skólans leita, aðgang að fjölbreyttu efni um listir og menningu, s.s. fræðibókum, tímaritum, myndefni, leikhandritum, hljómplötum, diskum og nót nabókum en ekki síður að efla upplýsingalæsi nemenda og kennara með því að leiðbeina um notkun safnsins og aðstoða við leit að upplýsingum í rafrænum gagnasöfnum og á vefnum.

Bókasafnið er staðsett í Laugarnesi, Sölvhólsgötu og Þverholti. Opnunartímar eru 8.30 – 16.00 í öllum húsum.

EFNISKAUP

Nemendur þurfa sjálfir að útvega sér efni vegna náms í hönnunar- og arkitektúrdeild.

AÐSTAÐA

Listaháskóli Íslands starfar í þremur byggingum: Sölvhólsgötu 13 þar sem sviðslistadeild er til húsa auk tónlistardeildar, við Laugarnesveg 91 þar sem myndlistardeild og listkennsludeild eru staðsettar og í Þverholti 11 þar sem hönnunar- og arkitektúrdeild er auk aðalskrifstofu skólans. Sviðslistadeildin hefur einnig til umráða rými í Austurstræti 22.

Allir nemendur fá úthlutað nemendakorti er gengur sem lykill að skólanum. Húsnæði skólans er opið frá kl. 8 – 16 virka daga, en frá kl. 07 – 08, 16-01 og um helgar þarf að nota kortið sem lykil auk númerakóða sem nemendur fá einnig úthlutað. Frá kl. 01 – 8 er skólinn lokaður.

Allar ferðir fólks um húsið eru rekjanlegar, mikilvægt er að nemendur hvorki láni kortin sín né kóða. Ef nemandi glatar nemendakortinu sínu þarf hann að greiða 10.000 kr. fyrir nýtt kort sem fæst ekki endurgreitt þó eldra kortið finnist aftur.

PRENTUN OG LJÓSRITUN

Nemendur fá á hverri önn úthlutað prent- og ljósritunarkvóta. Ef þeir fara umfram hann er hægt að kaupa viðbótarkvóta á aðalskrifstofu í Þverholti eða hjá þjónustufulltrúa í Laugarnesi. Upplýsingar um verð og staðsetningu prentara má finna á heimasíðu skólans.

NETÞJÓNUSTA

Í Listaháskólanum er þráðlaust net sem stendur öllum nemendum og gestum til boða. Við bókasafn í Þverholti er einnig nettengd almenningstólva.

INNRI VEFUR OG NETFÖNG

Við innritun í LHÍ fá allir nemendur skólans úthlutað netfangi og lykilorði til notkunar á skólanetinu MySchool. Á MySchool geta nemendur nálgast upplýsingar um námið, ásamt

Því að skoða einkunnir sínar og námsferil. Nauðsynlegt er að tileinka sér notkun skólanetsins og uppfæra allar persónulegar upplýsingar jafnóðum. LHÍ netföng nemenda eru mikilvæg boðleið milli skólans og nemenda sem nemendum ber að nota. Við inngang fyrir framan skrifstofu þjónustufulltrúa í Laugarnesi er tafla sem notuð er til að koma daglegum skilaboðum til nemenda. Einnig má finna ýmsar hagnýtar upplýsingar á heimasíðu skólans þar sem jafnframt eru birtar fréttir af viðburðum og málefnum liðandi stundar.

MATSALA

Matsala fyrir nemendur og starfsfólk í Þverholti er opin frá kl. 9.00-13.00 alla virka daga. Hádegismatur er framreiddur frá kl. 12.00-13.00.

ÚR SKÓLAREGLUM 2015–2016

Heildarreglur má finna á vefsíðu Listaháskólans.

Endurinnritun, mat á fyrra námi og fyrning eininga

Fyrirverandi nemandi sem ekki hefur lokið námi getur sótt um að hefja nám við skólann að nýju og fær metin þau námskeið sem áður var lokið séu minna en fimm ár liðin frá síðustu innritun.

Ef liðið hafa fleiri en fimm ár frá námi þarf að sækja sérstaklega um mat á fyrra námi og er þá tekið tillit til gildandi kennsluskrár hverju sinni. Einingar fyrnast séu fleiri en níu ár liðin frá því nemandi hætti námi.

Nemendur sem óska eftir að fá metnar einingar úr öðrum háskólum skulu sækja um það og skila inn viðeigandi gögnum strax í upphafi náms. Listaháskólinn getur þannig metið nám á bakkalárstigi frá öðrum háskólum til allt að 60 eininga. (17.gr.)

Skólaár, kennslumisseri og brautskráning

Skólaárið telst frá 1. ágúst til 31. júlí. Kennsluár skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri og vormisseri. Á kennslumisseri skulu eigi vera færri en 15 kennsluvikur, próf og leyfi koma þar til viðbótar.

Vorútskrift Listaháskólans fer fram í júní. Nemendur þurfa að skrá sig fyrir 15. mars.

Nemendur sem ekki hafa náð tilskildum einingafjölda til að útskrifast að vori geta sótt um brautskráningu að hausti eða miðjum vetri. Sækja þarf um haustútskrift eigi síðar en 1. september og eigi síðar en 15. desember fyrir vetrarútskrift. (18.gr.)

Einingafjöldi og framvinda náms

Við skipulag náms við Listaháskólann er miðað við að ein eining (ECTS) jafngildi 25–30 klukkustundum í vinnu fyrir nemandann.

Miðað er við að nemandi ljúki að jafnaði 60 einingum á námsári, eða sem nemur 30 einingum á misseri.

Nemandi er ábyrgur fyrir framvindu eigin náms innan skipulagsramma skólans. (19. gr.)

Fjarvera úr prófi

Ef nemandi er fjarverandi úr prófi og boðar ekki forföll er litið svo á að hann hafi þreytt prófið. Nemandi á í því tilfelli ekki kröfu um endurtökupróf. (19. gr.)

Endurtekning á prófi eða verkefni

Standist nemandi ekki próf eða fellur í verkefni er honum heimilt að endurtaka það. Nemandi á eingöngu rétt á endurtöku hafi hann uppfyllt mætingarskyldu. Nemandi þarf að sækja um endurtöku eigi síðar en fimm dögum eftir birtingu einkunna. Verði endurtekningu prófs ekki komið við getur deildarforseti ákveðið um sambærilegt verkefni. Standist nemandi ekki endurtökupróf eða fyrirlagt sérverkefni verður hann að þreyta námskeiðið að nýju. Hafi nemandi staðist próf/verkefni getur hann óskað eftir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, að fá að endurtaka prófið/verkefnið. Heimili deildarforseti endurtöku skal hún fara fram í næsta skipti sem viðkomandi próf er haldið eða verkefni sett fyrir. Seinni einkunnin skal gilda. (19. gr.)

Sjúkrapróf/verkefni

Sjúkrapróf /verkefni skulu haldin vegna haustmissisris eigi síðar en 15. janúar og vegna vormissisris eigi síðar en 1. júní.

Færsla einkunna og varðveisla úrlausna

Náms- og kennsluþjónusta sér um færslu einkunna og varðveislu þeirra, auk þess að birta nemendum lokaekunnir. (19. gr.)

Námsframvinda

Skuldbinding nemandans og úrsögn úr námskeiði

Þegar nemandi er skráður í námskeið er hann jafnframt skráður í próf eða er bundinn skiladögum fyrir verkefni ef námsmatinu er þannig háttað. Með úrsögn úr námskeiði er nemandi þar með leystur undan þeim kröfum er varða námsmatið. Úrsögn úr námskeiði verður að tilkynna skriflega til deildarfulltrúa innan frests sem nemur þriðjungi af heildartímalengd viðkomandi námskeiðs. (22.gr.)

Veikindi

Nemandi, sem vegna veikinda mætir ekki til prófs eða getur ekki lagt fram tilskilið verkefni til mats, innan þess frests sem gefinn er, skal tilkynna forföll áður en prófið hefst eða frestur rennur út. Læknisvottorði skal skilað á skrifstofu skólans til staðfestingar eigi síðar en þremur dögum eftir að próf var haldið eða skilafrestur rann út, annars telst nemandi hafa þreytt prófið eða tekið þátt í verkefnaskilum. Með læknisvottorði ávinnur nemandi sér rétt til sjúkraprófs, svo framarlega sem mæting hafi verið fullnægjandi í námskeiðinu.

Námshlé

Nemendur geta tekið sér námshlé innan þess ramma sem reglur skólans setja um framvindu náms. Nemendur þurfa að tilkynna um námshlé á þar til gerðum eyðublöðum eigi síðar en 1. október vegna náms á haustmissisri og fyrir 1. febrúar vegna náms á vormissisri. Námshlé

getur að hámarki verið eitt ár og þarf að rúmast innan þess ramma sem skólinn setur, sbr. 19. gr.

Meðferð mála frá nemendum

Ef nemandi telur sig vera beittan órétti getur hann beint máli sínu í eftirfarandi farveg:

Nemandi snýr sér til viðkomandi kennara, fagstjóra, deildarforseta eða námsráðgjafa sem taka málið til umfjöllunar og leita lausna á því.

Uni nemandi ekki þeirri lausn skal hann senda skriflegt erindi ásamt rökstuðningi til rektors. Rektor fer yfir málið, tekur ákvörðun og nemandi fær skriflegt svar þar sem niðurstaða málsins er rökstudd.

Ef nemandi sættir sig ekki við ákvörðun rektors getur hann áfrýjað til úrskurðarnefndar í réttindamálum nemenda. Úrskurðarnefnd fellar þó ekki um einkunnir (sjá starfsreglur úrskurðarnefndar). Um ábyrgð og fyrirkomulag námsmats er vísað í 21. gr. (28. gr.)

Brot á lögum eða reglum skólans

Hafi nemandi gerst sekur um brot á lögum eða reglum skólans eða að framkoma hans gagnvart starfsmönnum eða öðrum nemendum er álitin ósæmileg eða óhæfileg getur rektor og/ eða viðkomandi deildarforseti veitt honum skriflega áminningu. Sé um að ræða brot sem talið er alvarlegt og stríðir gegn grundvallarforsendum starfseminnar getur rektor vikið viðkomandi nemanda úr skóla tímabundið

NEMENDAFÉLAG

Við hönnunar- og arkitektúrdeild er starfrækt nemendafélag. Félagið er hagsmunafélag fyrir nemendur deildarinnar og stendur fyrir ýmsum uppákomum og skemmtunum yfir veturinn. Áherslan er lögð á að auka samskipti milli árganga deildarinnar og samskipti nemenda í öllum deildum og bæta þannig félagslíf skólans. Fulltrúar nemendafélagsins eru einnig mikilvæg rödd í skólalífinu og málsvarar nemenda deildarinnar á vettvangi fagráðs skólans, svo eitthvað sé nefnt. Upplýsingar um hverjir sitja í stjórn félagsins hverju sinni má finna í Handbók nemenda á heimasíðu skólans.

Nemendaráð

Nemendaráð er samráðsvettvangur nemendafélaga við skólann og tengiliður nemendafélagaanna við stjórnendur skólans. Nemendaráð er skipað formönnum nemendafélaga frá fimm deildum skólans. Nemendaráð tilnefnir fulltrúa nemenda í nefndir og ráð skólans.

HANDBÓK NEMENDA

Fleiri hagnýtar upplýsingar má finna í handbók nemenda á vef skólans. Þ.á.m. umgengnisreglur, trúnaðar og réttindamál o.fl.

SAMEIGINLEG SKYLDUNÁMSKEIÐ ALLRA BRAUTA HÖNNUNAR- OG ARKITEKTÚRDEILDAR

ALL111-06H Kynning

6 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Í námskeiðinu eru aðferðir hönnuða í vinnuferli kynntar. Námskeiðið byggist á fjölda teikni- og miðlunaræfinga ásamt því að farið er í undirstöðuatriði þess að afla sér þekkingar og upplýsinga fyrir skapandi ferli hönnuða. Í upphafi námskeiðs eru nemendum kynntar mismunandi teikniáferðir og nálganir í framsetningu hugmynda. Nemendur kynna sér teikninguna sem verkfæri til að kanna og þróa eigin hugmyndir í gegnum fjölda æfinga. Þungamiðja námskeiðisins snýr að rannsóknum og ólíkum rannsóknaraðferðum í tengslum við starf hönnuða auk þess sem lögð er áhersla á að efla gagnrýna hugsun og hæfileika nemenda til að greina umhverfi sitt og samfélag í sögulegu samhengi með tilliti til tíðaranda. Nemendur kynna sér starfsvettvang hönnuða og mismunandi viðfangsefni þeirra. Farið er yfir hvernig sækja megi innblástur og mikilvægi ígrundaðrar rannsóknarvinnu. Námskeiðið er kennt í vinnustofu.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja undirstöðuatriði í hönnunarferli, frá mótun hugmynda til framsetningar,
- ▶ hafa tileinkað sér frumlega og skapandi hugsun í vinnuferli,
- ▶ hafa getu til að setja sig inn í, greina og skýra einkenni tíðaranda, hönnuða og aðferðarfræði,
- ▶ geta tekið þátt í greinandi og gagnrýnum umræðum um eigin verk og annarra,
- ▶ geta tekið virkan þátt í samstarfi.

Námsmat: Þátttaka, virkni, einstaklings- og hópverkefni

Umsjónarkennari: Lóa Auðunsdóttir

Kennarar: Lóa Auðunsdóttir, N.N.

HFR130-02H Kynning – Fræðiskrif

2 ECTS – fræði

Lýsing

Námskeiðið er kennt í nánu samstarfi og samtali við það sem fram fer í vinnustofunámskeiðinu Kynning. Í þessum fræðilega hluta af kynningu er fjallað um mikilvægi ígrundaðrar rannsóknarvinnu. Fjallað er sérstaklega um viðtalstækni og hvernig nemendur geta aflað sér frumheimilda í rannsóknarvinnu. Farið er yfir reglur og viðmið heimildaskráningar og lögð

sérstök áhersla á að nemendur kynnist fræðilegum vinnubrögðum. Þá er lögð áhersla á að nemendur öðlist færni í að miðla og tjá sig bæði munnlega og í rituðu máli.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja undirstöðuatriði í akademískum vinnubrögðum,
- ▶ þekkja reglur og viðmið um heimildaskráningu og geta beitt þeim,
- ▶ geta tekið þátt í greinandi og gagnrýnum umræðum um eigin verk og annarra,
- ▶ geta fjallað um eigin rannsóknir eða annarra á viðunandi hátt í fræðilegu samhengi

Námsmat: verkefni og próf

Umsjónarkennari: N.N.

HFR110-08H Hönnun og samfélag I

8 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu er fjallað um sögu hönnunar frá 19. öld og til dagsins í dag og hún skoðuð í ljósi tíðaranda og hugmyndasögu á tímabilinu. Aðferðum menningarfræðinnar er beitt við greiningu á ýmsum þáttum sem einkennir samfélagið á þessum tíma og sérstök áhersla lögð á sjónrænar birtingarmyndir menningar og tíðaranda. Fjallað er um það hvernig menning og samfélag mótar hegðun fólks og hugað að því hvernig greina megi valdasamspil í samfélaginu í gegnum ýmsa þætti í menningu og listsköpun. Fjallað verður um grunnþætti í helstu heimspeki- og menningafræðikenningum samtímans, s.s. orðræðugreiningu, afbyggingu, femínisma, fyrirbærafræði og sálgreiningu, og hvernig hægt sé að nota þessar kenningar í skapandi vinnu. Inn í kennsluna fléttast þjálfun í akademískum vinnubrögðum. Áhersla er lögð á sjónræna framsetningu og samhengi ólíkra þátta í hönnun, arkitektúr, menningu, hugmyndafræði og hugsun.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja og geta gert grein fyrir helstu straumum, stílgerðum og stefnum á tímabilinu,
- ▶ þekkja og geta gert grein fyrir helstu hönnuðum á tímabilinu og geti sett verk þeirra í hugmyndasögulegt samhengi,
- ▶ hafa öðlast þjálfun í myndgreiningu og lestri myndmáls,
- ▶ hafa fengið þjálfun í lestri fræðitexta og geti sett þá í samhengi við ýmsa þá þætti í menningunni sem snúa að arkitektúr, hönnun og öðrum listgreinum,
- ▶ hafa tileinkað sér fræðileg hugtök sem geti nýst þeim við að fjalla um hönnun, arkitektúr og listir í nýju samhengi,
- ▶ geta fjallað um sjónræna þætti í menningu samtímans á gagnrýnninn og fræðilegan hátt og rökstutt skoðanir sínar með vísun í fræðikenningar, bæði munnlega og skriflega,

- ▶ hafa fengið grunnþálfun í akademískum vinnubrögðum og geti beitt þeim á sjálfstæðan hátt í eigin vinnu.

Námsmat: Vinnudagbók, verkefni og próf

Umsjónarkennari: Sigrún Alba Sigurðardóttir

Kennarar: Guðmundur Oddur Magnússon og Sigrún Alba Sigurðardóttir

HFR101-06H Hönnun og samfélag II

6 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu er fjallað um sögu hönnunar með áherslu á vöruhönnun, tísku og alþjóðlega byggingarlist. Helstu stefnur og straumar í vöruhönnun, tísku og byggingarlistasögu eru tekin til skoðunar og áhersla lögð á að tengja verk einstakra hönnuða eða arkitekta við almennar listastefnur og tíðaranda þeirra. Fjallað er um hvernig klæðnaður, hlutir og byggingar tengjast og mótast af tíðaranda og hvernig sögulegir atburðir og samfélagsþróun hafa þar áhrif á. Þjóðfélagslegar og tæknilegar aðstæður eru einnig skoðaðar og rætt um hver áhrif þeirra eru á hönnun hverju sinni.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ geta sett ákveðnar byggingar og hönnunarverk í sögulegt og þjóðfélagslegt samhengi,
- ▶ hafa fengið þjálfun í að þekkja og koma auga á helstu lista- og hönnunarstefnur,
- ▶ vera færir um að fjalla um helstu stíleinkenni ólíkra tímabila í hönnun og arkitektúr,
- ▶ vera færir um að þekkja nokkur lykilverk einstaka arkitekta og hönnuða og geta sett þau í sögulegt samhengi,
- ▶ hafa tileinkað sér fræðileg hugtök sem geta nýst við að fjalla um hönnun, arkitektúr og listir í nýju samhengi.

Námsmat: Verkefni og próf

Umsjónarkennari: Tinna Gunnarsdóttir

Kennarar: Tinna Gunnarsdóttir, Katrín Káradóttir og Sveinn Bragason

HFR210-04H Hönnun og samfélag III

6 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu er fjallað um umhverfi og sjálfbærni út frá hugmyndum og kenningum sem sóttar eru í umhverfisfræði, félagsfræði, heimspeki og hagfræði. Sérstök áhersla er lögð á að

nemendur átti sig á hnattrænu samhengi og áhrifum staðbundinna þátta í því. Þá verður fjallað um sjálfbærni og vistvæna hegðun út frá aðstæðum í samtímanum.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast góðan skilning á hugtakinu sjálfbærni og geta fjallað um það í ólíku samhengi,
- ▶ þekkja samspiðið milli staðbundinna þátta og hnattræns samhengis og vera færir um að fjalla um þetta samspil með vísun í fræðikenningar,
- ▶ vera færir um að taka afstöðu til einstakra þátta er varða sjálfbærni og hönnun á faglegum forsendum.

Námsmat: Verkefni, ritgerð og próf

Umsjónarkennari: Eva Dögg Kristjánsdóttir

HFR303-04H Hönnun og samfélag IV

4 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu er fjallað um samfélagslega ábyrgð hönnuða, samskipti og samband hönnuða við neytendur, kaupendur verkefna, markaðsmál, starfsumhverfi og rekstur fyrirtækja sem starfa á sviði hönnunar og arkitektúrs. Farið er í grunnatriði sem varða stofnun fyrirtækja, rekstrarform, gerð viðskiptaáætlana, markaðs- og kostnaðaráætlana. Markmiðið með námskeiðinu er að búa nemendur undir að vinna sjálfstætt að námi loknu með því að veita þeim innsýn í helstu atriði sem hafa ber í huga við eigin rekstur eða rekstur fyrirtækis. Þá er áhersla lögð á að skoða ábyrgð hönnuða í tengslum við umhverfismál og mannréttindi. Nemendur kynna sér mismunandi fræðikenningar úr siðfræði, viðskiptafræði og verkefnastjórnun.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast grunnþekkingu og færni í aðferðum sem varða stofnun, rekstur og markaðssetningu fyrirtækja,
- ▶ hafa öðlast innsýn í hugtakaheim hönnunarhugsunar (e. design thinking) eins og hún hefur verið skilgreind af m.a. Rolf Faste og David M. Kelley,
- ▶ þekkja til aðferðarfræði hönnunarhugsunar í anda Faste og Kelley til að leysa vandamál og hafa öðlast færni til að beita henni á raunveruleg viðfangsefni,
- ▶ hafa öðlast grunnþekkingu á skapandi verkefnastjórnun,
- ▶ vera færir um að greina og skilja eigin áhrif sem hönnuðir,
- ▶ geta fjallað í rituðu og töluðu máli um hlutverk, ábyrgð og stöðu hönnuða í samfélaginu á gagnrýninn hátt,
- ▶ vera færir um að geta tekið afstöðu til einstakra mála er varða hlutverk og ábyrgð hönnuða í samfélaginu og rökstutt skoðanir sínar.

Námsmat: Ýmis verkefni og/eða próf

Umsjónarkennari: Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir

Kennarar: Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson og Ólafur Páll Torfason

ALL303-02H Portfolio

2 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Í námskeiðinu taka nemendur saman portfolio (möppu) yfir þau hönnunarverkefni og hönnunarferli sem þeir hafa unnið í námi sínu við Hönnunar- og arkitektúrdeild. Nemendur vinna möppuna undir leiðsögn kennara og í samtali við hann. Farið er yfir eðli og hlutverk portfolios út frá sérstöðu og færni hvers og eins. Fjallað er um það ferli sem nauðsynlegt er til að fullvinna portfolio.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa skilning á sérkennum og sérstöðu eigin verka og geta valið sér framsetningaraðferð sem hentar verkunum,
- ▶ þekkja ólíkar leiðir til kynningar og geta skilgreint markhóp fyrir verk sín,
- ▶ hafa öðlast hæfni, þekkingu og færni til að miðla upplýsingum um verk sín með viðeigandi hætti.
- ▶ geta lagt mat á þær aðferðir sem henta best til að kynna eigin verk og beitt þeim,
- ▶ geta fullhannað portfolio með eigin verkum og framleitt það.

Námsmat: Portfolio

Umsjónarkennari: Lóa Auðunsdóttir

Kennari: Garðar Eyjólfsson

INTR101-OH Kynning á verkstæðum í Laugarnesi

0 ECTS – tækni

Lýsing

Á námskeiðinu fá nemendur kynningu á verkstæðum Listaháskólans í Laugarnesi, prentverkstæði, trésmíðaverkstæði, keramikverkstæði, ljósmyndastúdíói og myrakraherbergi. Nemendur kynnast þeim tækjabúnaði sem þar eru til staðar, læra grundvallaratriði er varða notkun hans og þeim möguleikum sem eru fyrir hendi á verkstæðum í Laugarnesi.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja þá aðstöðu sem er fyrir hendi á verkstæðum í Laugarnesi og vita hvernig þau geti nýtt sér hana,
- ▶ hafa grunnþekkingu á þeim tækjabúnaði sem er fyrir hendi í Laugarnesi og geta nýtt sér hann undir leiðsögn kennara.

Námsmat: Mæting og þátttaka

Umsjónarkennari: Jóhann Lúðvík Torfason

INTR102-02H Kynning á verkstæðum í Þverholti

0 ECTS – tækni

Lýsing

Á námskeiðinu fá nemendur kynningu á verkstæðum Listaháskólans í Þverholti. Nemendur kynnast þeim tækjabúnaði sem þar eru til staðar, læra grundvallaratriði er varða notkun hans og þeim möguleikum sem eru fyrir hendi á verkstæðum í Þverholti.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja þá aðstöðu sem er fyrir hendi á verkstæðum í Þverholti og vita hvernig þau geti nýtt sér hana,
- ▶ hafa grunnþekkingu á þeim tækjabúnaði sem er fyrir hendi í Þverholti og geta nýtt sér hann undir leiðsögn kennara.

Námsmat: Mæting og þátttaka

Umsjónarkennari: Halldór Úlfarsson

SAT000-02S Samtal

2 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Sameiginlegt námskeið allra deilda Listaháskóla Íslands þar sem nemendur starfa í blönduðum hópum innan sama ramma. Á tímabilinu vinna hóparnir að samsetningu verka eða uppákoma þar sem samþætting ólíkra hugmynda og aðferða er höfð að leiðarljósi. Fram fara umræður og haldnir eru fyrirlestrar sem tengjast námsefninu og leiðbeinendur leggja línurnar við úrvinnslu og framsetningu verkefna. Leitast er við að kanna hverjir möguleikar hinna mismunandi listgreina eru þegar samtal verður á milli þeirra út frá einu sameiginlegu þema/verkefni.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ vera meðvitaðir um snertifleti á milli ólíkra listforma og geta nýtt sér hana með skapandi hætti,
- ▶ geta miðlað af eigin þekkingu og reynslu til samstarfsfólks úr öðrum greinum,
- ▶ kunna að beita viðeigandi aðferðum í samsköpunarferli,
- ▶ hafa þróað með sér víðsýni í vinnu og samstarfi,
- ▶ hafa öðlast færni til þess að nýta sér sameiginlega reynslu nemenda við listrænar útfærslur.

Námsmat: Símat og verkefni

Umsjónarkennari: N.N.

ALL200-06H Together

6 ECTS – vinnustofa

Námskeiðið er kennt á ensku

Description

The course Together-Repair is about social design and social change. Design can be used as a tool to rethink everyday life, to transform ideas about industrial production, government, public and private space, pre-established systems and networks, and to generate new forms of activism, political consciousness, and community. Design is a research process that can act as an agent to change society. Social design means putting people first and thinking of the impact that design and making processes have on society. Can social links be ‘repaired’ or strengthened? How can design promote participation in the common and greater good? Together seeks to strengthen the collaboration between different disciplines, create new networks with local agencies and citizens, to create a positive social impact. Tutors and first year MA students develop eight themes or topics for social design interventions to focus on during the course. Students will work in teams. Each team is composed of one MA student in the role of Facilitator and a group of BA students, who will evaluate, develop and refine a brief supervised by tutors. The teams are expected to contact local agencies: businesses, specialists, interest groups to provide support and context to each project. Students, tutors and local agents collaborate in building projects or interventions reconfiguring common praxis.

Learning outcomes

At the end of the course, students should:

- ▶ Be able to discuss issues of sustainability in context of the larger society,
- ▶ Have insight and understanding to approach the subjects in an individual manner,
- ▶ Be able to discuss and assess own research and take critical stance on information and methods used in project,
- ▶ Have developed a critical view on the role and responsibility of designers in society,
- ▶ Have ability to effect change in society in relation to research topic,
- ▶ Be able to participate in a critical discourse,
- ▶ Have the independence and communication skills to actively participate in collaborations,

- ▶ Be able to present ideas through their own works to different groups in different circumstances.

Assessment: Participation and teamwork, weekly assignments on; analysis, exploration, research, synthesis, communication

Supervisor: Massimo Santinacchia

BAH300-00H Undirbúningur fyrir lokaritgerð

o ECTS – fræði

Lýsing

Námskeiðið undirbýr nemendur til að takast á við komandi fræðileg lokaritgerðaskrif. Helst er miðað að því að undirbúa nemendur undir val á viðfangsefni, öflun heimilda um það viðfangsefni m.a. með aðstoð bókasafnsins og leitarvéla sem og ritunar á ritgerðarlýsingu sem inniheldur rannsóknarspurningu. Áhersla er lögð á að nemendur séu sjálfstæðir í hugsun og sýni frumkvæði. Þá er einnig lögð áhersla á að þeir hafi þegar tileinkað sér fræðileg vinnubrögð en geti aukið við þá þekkingu sínu með þessu námskeiði.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- ▶ þekkja heimildaskráningarkerfið sem notað er við lokaritgerðaskrif við skólann,
- ▶ vera færir um móta ritgerðarlýsingu,
- ▶ vera færir um að móta rannsóknarspurningar og kunna að beita þeim,
- ▶ vera færir um að nýta sér leitarvélar til heimildaöflunar,
- ▶ vera færir um að nýta sér bókasafn skólans til heimildaöflunar,
- ▶ vera færir um að beita tilvísunum inn í texta á réttan hátt,
- ▶ vera í stakk búnir til að skrifa 6000 orða fræðilega lokaritgerð við skólann.

Námsmat: Ritgerðarlýsing

Umsjónarkennari: Bryndís Björgvinsdóttir

BAH300-06H Lokaritgerð

6 ECTS – fræði

Lýsing

Í lokaritgerð fjalla nemendur á fræðilegan hátt um afmarkað viðfangsefni innan hönnunar og setja það í samhengi við annaðhvort fagurfræðilega, listfræðilega, samfélagslega, menningarlega eða heimspekilega þætti. Nemendi velur sér viðfangsefni sjálfur og hefur um það samráð við fagstjóra fræðigreina. Eftir að hafa valið sér efni fær nemandi úthlutað leiðbeinanda sem hefur sérþekkingu á því sviði sem nemandi hefur valið sér eða hæfni og forsendur

til að setja sig inn í viðfangsefnið. Leiðbeinandinn er faglegur ráðgjafi nemanda við ritun lokaritgerðar. Hlutverk leiðbeinanda er að aðstoða nemandann við efnisafmörkun og efnistöð, og stuðla að því að nemandinn beiti eðlilegum vinnubrögðum við ritun ritgerðarinnar. Leiðbeinandi er einnig ráðgefandi varðandi val á heimildum og notkun á fræðikenningum. Leiðbeinandinn veitir nemanda ráð um formlegan frágang og uppbyggingu ritgerðar, s.s. efnisyfirlit, kaflaskiptingu og þess háttar. Meðan á ritgerðarvinnunni stendur ber nemendum að hitta leiðbeinanda sinn reglulega samkvæmt tímaáætlun sem fagstjóri setur upp. Ætli nemandinn að fá þá ráðgjöf sem hann á rétt á þarf hann að skila leiðbeinanda þremur uppköstum að ritgerðinni og viðhalda þeirri tímaáætlun sem lagt er upp með.

Áhersla er lögð á að nemendur séu sjálfstæðir í hugsun, sýni frumkvæði og séu gagnrýnir í afstöðu sinni á það viðfangsefni sem þeir hafa valið sér. Gengið skal frá ritgerðinni þannig að hún uppfylli fræðilegar kröfur um tilvitnanir, neðanmálsgreinar og heimildaskrá.

Lokaritgerð er ekki nauðsynlegur undanfari að lokaverki nemanda. Hins vegar er talið æskilegt að nemandi nýti sér þá rannsóknarvinnu sem lokaritgerðin felur í sér til að dýpka þekkingu sína og sjá nýjar hliðar á því viðfangsefni sem hann ætlar að vinna með í lokaverki.

Hæfniviðmið

Þegar vinnu við lokaritgerð er lokið eiga nemendur að:

- ▶ geta tekið sjálfstæða og persónulega afstöðu til einstakra þátta í hönnun og geta rökstutt skoðanir sínar,
- ▶ vera færir um að beita kenningum og fræðilegum hugtökum til að fjalla um viðfangsefni hönnunar,
- ▶ vera færir um að fjalla um viðfangsefni hönnunar á gagnrýninn hátt og setja áður þekkta vitneskju í nýtt samhengi,
- ▶ geta nýtt sér heimildir á markvissan hátt og geta vísað til þeirra með því að beita viðurkenndu heimildaskráningakerfi,
- ▶ hafa aflað sér sérhæfðrar þekkingar á afmörkuðu viðfangsefni hönnunar, geta sett það í fræðilegt samhengi og vera færir um að miðla vitneskju sinni og túlkun með markvissum hætti í rituðu máli.

Námsmat: Lokaritgerð (6.000 orð)

Umsjónarkennarar: Sigrún Alba Sigurðardóttir og Bryndís Björgvinsdóttir

HFR306-02H Útskriftarverkefni – Greining

2 ECTS – fræði

Lýsing

Námskeiðinu er ætlað að styrkja þá hugmynda- og rannsóknarvinnu sem hefur átt sér stað við lokaverkefnavinnu nemenda. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og hæfni nemenda til að halda áfram að þróa verkefni sín, tala um þau, og koma þeim á framfæri í máli og myndum. Markmið námskeiðisins er að gera þá rannsóknar- og heimildarvinnu að baki lokaverkefni

nemenda sýnilega og aðstoða þá við að gera grein fyrir hugmyndum sínum og listsköpun á aðgengilegan og markvissan hátt.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ vera færir um að miðla þeirri grunnhugmynd sem býr að baki lokaverkefni þeirra á markvissan hátt,
- ▶ vera færir um að tjá sig um eigið lokaverk, bæði í fræðilegu og persónulegu samhengi,
- ▶ geta gert grein fyrir þeirri rannsóknarvinnu sem býr að baki lokaverkefni, greint hana, metið og gagnrýnt,
- ▶ vera færir um að vinna sjálfstætt að áframhaldandi þróun verkefnisins eða annarra hönnunarverkefna með skráningu, frásögnum og skrifum.

Námsmat: Kynningartexti og skýrsla

Umsjónarkennari: Bryndís Björgvinsdóttir

Kennarar: N.N.

ALL304-02H Úrvinnsla

2 ECTS – vinnustofa

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

Lýsing

Í námskeiðinu er unnið að samantekt á verkefnum unnum á námsbraut og að miðla þeim á viðeigandi vettvangi í samráði við kennara námskeiðs. Umfjöllun fer fram um það hvernig nemendur staðsetja sig í faglegu samhengi.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa góðan skilning á starfsumhverfi hönnuða og mismunandi vettvangi sem þeir starfa á,
- ▶ vera sér meðvitandi um stöðu sína sem fagfólks á sviði hönnunar,
- ▶ hafa tileinkað sér helstu undirstöðuatriði er varða vinnuumhverfi hönnuða,
- ▶ hafa tileinkað sér sjálfstæði í vinnubrögðum og hæfni til að útfæra og fylgja eftir eigin hönnun og verkefnum frá upphafi til enda.

Námsmat: Verkefni, virkni og ástundun

Umsjónarkennarar: Lóa Auðunsdóttir, Linda Björg Árnadóttir, Garðar Eyjólfsson og Steinþór Kári Kárason

SAMEIGINLEG BUNDIN VALNÁMSKEIÐ ALLRA BRAUTA HÖNNUNAR OG ARKITEKTÚRDEILDAR

Nemendu velja eitt af eftirfarandi námskeiðum.

HFR211-04H Skapandi skrif – haust 2. ár

4 ECTS – fræði

Lýsing

Markmið námskeiðisins er aukin gleði og öryggi við gerð texta af hvaða tagi sem er. Lítið er um eiginlega kennslu eða fyrirlestra en því mun meira af umræðum og gagnrýni og stuðningi frá hópnum. Í tímum er boðið upp á æfingar sem hreyfa við hugsun og geta nýst sem kveikjur að skrifum en þess utan er ætlast til að hver og einn gefi sér klukkustund á dag til að vinna við texta, hvort sem um er að ræða skáldsögu, smá- eða örsögu, kvikmyndahandrit, æviminningar, ljóð eða einhverja blöndu af þessu. Þátttakendur þurfa að vera tilbúnir til að deila verkum sínum með hinum og taka þátt í þeim umræðum sem skapast. Í lok námskeiðisins er þess vænst að nemendur skili handriti, einu verki eða nokkrum smærri.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast aukið öryggi, færni og leikni í textagerð,
- ▶ vera færir um að skilja möguleika texta í tengslum við eigin listsköpun,
- ▶ búa yfir hæfni til að rökræða bæði um eigin skrif og annarra á uppbyggilegan og greinandi hátt.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil

Umsjónarkennari: Guðrún Eva Mínervudóttir

HFR213-04H Alþjóðleg vöruhönnun – haust 2. ár

4 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu verður fjallað um alþjóðlega vöruhönnun frá tíma Bauhaus skólans til dagsins í dag. Farið verður í gegnum helstu strauma og stefnur tímabilsins, með áherslu á að tengja verk einstakra hönnuða og hönnunarhópa við þær samfélagslegu aðstæður sem þau spretta upp úr. Fjallað verður um áhrif tækninýjunga, lífsstílsbreytinga, menninarblöndunar, efnahagskreppu og hverskyns samfélagslegs umróts á þróun vöruhönnunar.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðsins er gert ráð fyrir að nemendur:

- ▶ þekki helstu stíleinkenni ólíkra tímabila í vöruhönnun og geta gert grein fyrir þeim,
- ▶ hafi fengið þjálfun í að þekkja og koma auga á helstu lista- og hönnunarstefnur 20. aldarinnar og geti fjallað um þær,
- ▶ þekki verk helstu vöruhönnuða og geti sett þau í sögulegt samhengi,
- ▶ hafi tileinkað sér fræðileg hugtök sem geta nýst við að fjalla um vöruhönnun í faglegu samhengi,
- ▶ hafi fengið grunnþjálfun í akademískum vinnubrögðum og geti beitt þeim á sjálfstæðan hátt í eigin vinnu.

Námsmat: Skriflegt verkefni og próf
 Umsjónarkennari: Tinna Gunnarsdóttir

HFR235-04H Íslensk vöruhönnun – haust 2. ár

4 ECTS – fræði

Lýsing

Fjallað er um bakgrunn og þróun íslenskrar vöruhönnunar frá fyrri hluta 20. aldar til samtímans og umfjöllunin sett í samhengi við alþjóðlega strauða og stefnur í hönnun. Skoðuð eru mörk hefða og nútíma og tilkoma nýrrar tækni og efna. Megináhersla er á þátt vöruhönnunar í þróun íslensks hönnunarsamfélags þar sem könnuð er birtingarmynd ímyndar og sérkenna og tilvísun í menningararf og hefðir. Skyggst er inn í hugmyndaheim valinna hönnuða sem leita nýrra leiða og lausna í samfélagi án hefðbundins iðnaðar og þröngs markaðar. Kynntar eru nýjar áherslur í vöruhönnun samtímans sem mótast af endurskoðun verðmætamat og samfélagslegri vitund gegn neysluhyggju og af hugmyndum um bætt umhverfi og betri heim, þar sem hönnun er nýtt sem afl til breytinga.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast þekkingu á þróun og sögu íslenskrar vöruhönnunar og geta gert grein fyrir henni,
- ▶ kunna skil á innkomu módernismans og áhrifum hans í samfélagsmótun og þróun í listiðnaði og síðar vöruhönnun á Íslandi,
- ▶ þekkja þær áherslubreytingar sem hafa orðið í íslenskri vöruhönnun frá bernsku fagsins til samtímans og geta skilgreint hvað að baki þeim býr,
- ▶ hafa á valdi sínu að geta greint og fjallað um einstök verk úr efni námskeiðsins og sett þau í samhengi við tíðaranda og samfélagsþróun,
- ▶ kunna að nýta sér fræðileg vinnubrögð á faglegan og sjálfstæðan hátt í túlkun viðfangsefna.

Námsmat: Ritgerð eða skilgreint verkefni
 Umsjónarkennari: Elísabet V. Ingvarsdóttir

HFR234-04H Bíó Paradís – haust 2. ár

4 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu fá nemendur möguleika á að greina kvikmyndir sem hafa alþjóðlega gæðastimpla, eru lykilkvikmyndir sem hafa skapað sér sess innan kvikmyndasögunnar og eru frá ýmsum þjóðlöndum og úr mismunandi menningarumhverfi. Þá verður leitast við að skoða hverja kvikmynd fyrir sig og kanna myndmál hennar, kvikmyndatöku, nálgun leikstjóra, sviðsmynd, búninga, persónusköpun og klippingu. Auk þess verður fjallað um kvikmyndirnar út frá tákfræði, úrvinnslu tilfinninga og félagslegum og samfélagslegum tengslum þeirra við menningarumhverfið.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ vera færir um að fjalla um nokkrar þekktustu kvikmyndir kvikmyndasögunnar á upplýsandi og fræðilegan hátt,
- ▶ vera færir um að setja einstaka kvikmyndir kvikmyndasögunnar í samhengi við sögu hönnunar og tíðaranda,
- ▶ geta gert skil á þeim fræðilegu hugtökum sem greina má í nokkrum kvikmyndum og vera færir um að beita þeim í eigin umfjöllun um kvikmyndirnar,
- ▶ hafa fengið þjálfun í að greina kvikmyndir út frá þeim aðferðum sem kenndar eru í námskeiðinu.

Námsmat: Stytttri ritgerðir

Umsjónarkennari: Oddný Jónsdóttir Sen

HFR214-04H Sjónræn menning – haust 2. ár

4 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu er fjallað um kenningar og rannsóknarefni sem tengjast sjónrænni menningu samtímans og tilurð hennar í sögulegu samhengi. Leitast er við að gefa nemendum þverfaglega sýn á svið kenninga innan hönnunarfræði, kvikmyndafræði, listfræði, félagsfræði, sálfræði og vitsmunarfræði. Kenningarnar eru kynntar og ræddar í tengslum við fjölda sýnidæma úr hönnun, samtímalistum, poppmenningu, hversdagsmenningu og auglýsingum. Hluti námsins felst í sjónrænum vettvangsrannsóknum þar sem nemendur beita þeim kenningum sem kynntar eru. Námskeiðið veitir nemendum innsýn í hvaða hlutverki hið sjónræna gegnir í samfélagi okkar, svo sem varðandi sjálfmynd fólks, þekkingarreynslu, ímyndanir, langanir og völd.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ geta fjallað um kenningar og rannsóknarefni sem tengjast sjónrænni menningu samtímans og tilurð hennar í sögulegu samhengi,
- ▶ að geta beitt þeim kenningum sem kynntar eru á námskeiðinu við sjónrænar vettvangsrannsóknir,
- ▶ geta fjallað um hvaða hlutverki hið sjónræna gegnir í samfélagi okkar, svo sem varðandi sjálfsmynd fólks, þekkingarreynslu, ímyndanir, langanir og völd.
- ▶ að geta sett þær kenningar og rannsóknarefni sem kynnt eru í samhengi við eigin hönnunarverk eða verk annarra.

Námsmat: Verkefni

Umsjónarkennari: Hildur Inga Björnsdóttir

HFR232-04H Type, media and politics

4 ECTS – Theory

Preliminary requirements: Students are expected to have basic typographic competence.

Description

In this course, we find examples of type and writing being used to instil sociocultural changes and deconstruct them. We study principal theories and examples of type as a medium and the resulting socio-political influence. In parallel, we explore ideas about type as a means of communication by looking at and collecting examples from various cultures, including theories on typography in the context of the impersonal, corporate and global, in comparison to the social, individual and local.

Learning outcomes

At the end of the course, students should:

- ▶ have acquired an understanding of type as a medium, and be able to apply that knowledge in analysis of typographic examples,
- ▶ be aware of different theories on the role and function of typography and typographic elements, history and zeitgeist,
- ▶ be able to discern and construe typographic meaning and purpose, and be able to argue the point in scholarly terms,
- ▶ be able to discern various kinds of writing and type, and the cultural references they give form to,
- ▶ have acquired an understanding about the influence typographic decisions have on the communication of content and its reception.

Supervisor: Dóra Ísleifsdóttir

HFR300-02H Galdrar og tákni – haust 2. og 3. ár

2 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu er fjallað bæði um merkingu einstakra tákna og merkingu heildar. Þá verður litið sérstaklega til þess hvernig merking er búin til og hvernig skilningur okkar er – það er að segja, hvernig við skiljum tákni. Litið verður til kenninga innan málvísinda og kenninga um hvernig orð og hlutir öðlast merkingu. Þá verður tákniþæði sett í samhengi við galdra og myndmál. Litið verður til galdra og alkemíu í menningarsögu Vesturlanda og fjallað er um tákniþæði eðli galdra og notkun alkemíu fyrir á tímum og í dag. Fjallað er um galdra í þjóðsögum og um galdra sem lifandi veruleika í nútímanum og fjölþætta endurvinnslu galdraheimsins í samtímanum.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja og geta gert grein fyrir meginhugmyndum manna um galdra og hlutverk þeirra,
- ▶ þekkja tákniþæði (e. semiotics) og geta greint frá helstu hugmyndum hennar um hvernig merking verður til,
- ▶ þekkja birtingarmynd galdra í þjóðsögum og nútímanum,
- ▶ geta túlkað tákni og myndmál og sett í samhengi,
- ▶ geta fjallað um tákniþæði á fræðilegan og gagnrýnan hátt.

Námsmat: Verkefni

Umsjónarkennari: N.N.

Kennarar: N.N.

VALNÁMSEIÐ Á VORMISSERI

HFR107-02H Hönnunarmars

2 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu sækja nemendur viðburði og fyrirlestra Hönnunarmars til að kynna sér hönnun samtímans og umfjöllunina um hana. Þá verða nemendur að sækja fyrirlestra viðburðarins og sýningar Hönnunarmars. Áður en Hönnunarmars hefst sækja nemendur undirbúningsfyrirlestra. Námskeiðinu lýkur með samræðu nemenda þar sem þeir ræða um viðburðinn og þurfa nemendur þá að sýna að þeir geti bæði rætt og skrifað um samtímahönnun út frá eigin brósti á áhugaverðan, fróðlegan og gagnrýninn hátt.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa hlotið þjálfun í að skoða framsetningu á samtímahönnun á Íslandi með gagnrýnum augum,
- ▶ hafa hlotið þjálfun í að skrifa og ræða um hönnun á uppbyggilegan, áhugaverðan og gagnrýninn hátt
- ▶ kunna skil á samtímahönnun á Íslandi eins og hún birtist á Hönnunarmars og vera færir um að setja hana í samhengi við hönnunarsögu, tíðaranda og/eða samfélagsþróun.

Námsmat: Dagbækur, fyrirlestrar og greinargerðir

Umsjónarkennari: Þórunn Árnadóttir

VER228-02H Silkiprykk

2 ECTS – tækni

Lýsing

Í námskeiðinu eru grunnaðferðir silkiprykks kenndar með áherslu á tvö verkefni:

1. Einlitt þrykk á tau með Plastisol litum, þrykk beint á efnið og með „transfer“. Nemendur komi með efni að eigin vali til að þrykkja á.
2. Marglaga myndefni þrykk á pappír með vatnslitum. Farið yfir undirbúning ramma, gerð rasta, myndefni skipt upp í lög (layers) og/eða fjórlit (CMYK). Þrykk upplag (amk. jafnt nemendafjölda) í bókverk.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að hafa:

- ▶ öðlast skilning og þekkingu á tækjum sem notuð eru við silkiprykk og virkni þeirra,
- ▶ hæfni til að beita tækni silkiprykks til að rökstyðja hugmyndir í vinnustofum,
- ▶ öðlast þekkingu á efnisfræði þeirra efna sem vinna má með í silkiprykki.

Námsmat: Virkni og ástundun

Umsjónarkennari: Jóhann Lúðvík Torfason

VER208-02H Bókagerð

2 ECTS – tækni

Lýsing

Kennd verður fjölbreytt tækni við bókagerð og samhengi hennar við framsetningu hugmynda. Nemendur læra grunnaðferðir við bókband og bókagerð með það að markmiði að þeir geti rannsakað bækur í sem fjölbreyttustu samhengi og átti sig á hvaða möguleikar felast í notkun bókagerðar. Rætt er um val á pappír og skoðaðir mismunandi eiginleikar hans.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að hafa:

- ▶ þróað með sér færni til að nota bókagerð sem aðferð við framsetningu efnis og beita henni til að þróa og útskýra hugmyndir sínar,
- ▶ öðlast þekkingu og skilning á bókagerð sem verkfæri,
- ▶ þróað sjálfstætt verklag við prentun bóka með víðsýni og frumleika að leiðarljósi.

Námsmat: Verkefni, ástundun og virkni

Umsjónarkennari: Birna Geirfinnsdóttir

VER240-02H Introduction to the Black and White Darkroom

2 ECTS – tækni

Námskeiðið er kennt á ensku

Description

Students will be given instruction in the fundamentals of working in a classical film darkroom environment. Subjects covered include film selection, development, contact and enlargement printing and finishing. Since this will be a technical course, students will be responsible for purchasing their own film and paper and will have the opportunity to experiment with different techniques of black and white photo processing.

Learning outcomes

At the end of the course students should:

- ▶ have an understanding of various techniques used when working with film in a black and white or color darkroom,
- ▶ have a working knowledge of the equipment used for the above,
- ▶ be able to connect technical skills in film photography and darkroom work with their own projects.

Assessment: Attendance and participation

Supervisor: Eric Wolf

VER231-02H Editorial Photography/Composition for Magazines

2 ECTS – tækni

Námskeiðið er kennt á ensku

Description

Basic and advanced photographic composition techniques will be discussed and analyzed through practice and application. Students will work alone and in small groups to carry out photo assignments which will result in a PDF/web magazine to be published at the end of the term. The subject and content of the magazine will reflect current life at LHÍ.

Learning outcomes

At the end of the course students should:

- ▶ have a basic understanding of the necessary skills to complete a photographic assignment in a realistic, time-sensitive environment and produce quality material for as wide an audience as possible.

Assessment: Attendance, assignments and final work product

Supervisor: Eric Wolf

ARKITEKTÚR

Arkitektúr var í upphafi skilgreindur sem listin að reisa hús og fegra eftir ákveðnum reglum þar sem grunnstoðirnar eru fagurfræði, tæknileg geta og notagildi (venustas, firmitas, utilitas). Í seinni tíð hefur inntak fagsins orðið mun víðtækara og er allt hið manngerða umhverfi til umfjöllunar í arkitektúr þar sem mótun hins einstaka arkitektóníska verks mótar hið sameiginlega; almenningsrýmið. Samhliða því sem viðfangsefni arkitektúrs hafa orðið fjölbreyttari hefur hin samfélagslega ábyrgð og meðvitund aukist og þó svo að inntak fagsins í dag sé nú mun víðtækara en áður eru grunnstoðir þess enn í fullu gildi. Þannig erum við stöðugt að skoða umhverfi okkar og samfélag og draga fram blæbrigði þess með arkitektónískum verkfærum.

FYRSTA ÁR

Vinnustofa fyrsta ár námsins felst í kynningu á viðfangsefnum og hönnunaraðferðum í arkitektúr. Áhersla er lögð á hugmyndafræðilegan skilning og tæknilega færni sem birtast í fyrstu hönnunarverkum nemenda á haustönn. Á vorönn halda nemendur áfram að auka við grunnþekkingu sína á hönnun og hanna þá sína fyrstu byggingu. Á fyrsta ári er lögð áhersla á að nemendur öðlist grunnþekkingu á byggingarefnum og byggingartæknilegum úrlausnum. Í lok vorannar er unnið að hönnun og byggingu mannvirkis allt frá þróun frumhugmyndar og að því að leysa tæknilegar útfærslur þess. Á fyrsta ári dýpka nemendur skilning sinn á eigin verkum og tileinka sér gagnrýnið og skapandi viðhorf á eigin verk og annarra. Í tækninámskeiðum kynnast nemendur notkun forrita og verklegri vinnu á verkstæðum. Í fræðigreinum er lögð áhersla á hönnunarsögu og menningarfræði auk fræðilegra rannsóknaaðferða. Einnig sækja arkitektanemendur námskeið í byggingarfræði.

Hæfniviðmið

Að loknu fyrsta ári eiga nemendur að;

- ▶ hafa öðlast skilning og innsæi inn í hönnunarferli arkitektúrs,
- ▶ þekkja helstu aðferðir við þróun, vinnslu og framsetningu verkefna í arkitektúr þ.e.a.s. skissum, teikningum og módelum,
- ▶ hafa grundvallarþekkingu á byggingartækni og byggingarefnum,
- ▶ hafa grundvallarþekkingu og skilning á hönnunarferli bygginga frá skissu að fullreistu mannvirki,
- ▶ hafa þróað með sér sjálfstæð vinnubrögð og öðlast færni í framsetningu eigin sköpunarverka,
- ▶ geta tekið þátt í greinandi og gagnrýnum umræðum um eigin verk og annarra.

ANNAÐ ÁR

Í vinnustofu á öðru ári er aukin áhersla lögð á flóknari samfélagsleg viðfangsefni og borgarumhverfið. Haustönnin hefst á því að fjalla um borgina og þá eru eiginleikar borgarumhverfisins rannsakaðir. Nemendur vinna að hönnunarverkum í samhengi við tilteknar forsendur og borgarumhverfi og grunnur er þá lagður að því að hanna heilsteyp arkitektónískt verk, þar sem forsendur borgarinnar eru lagðar til grundvallar í hönnunarferlinu. Nemendur fá þjálfun í hönnun deililausna og vinna deili í eigin hönnunarverk. Þverfagleg og skapandi

vinnubrögð eru viðfangsefni sameiginlegra námskeiða á vorönn. Í tækninámskeiðum læra nemendur á forrit fyrir arkitekta og fá þjálfun í mismunandi miðlunar- og framsetningaraðferðum í arkitektúr. Í fræðanámskeiðum er áhersla lögð á borgarfræði og sögu byggingarlistar auk námskeiða um byggingareðlisfræði og deilihönnun. Í sameiginlegum námskeiðum deildarinnar er áhersla lögð á samfélagsleg- og menningarfræðileg viðfangsefni, sem og sjálfbærni og umhverfistengda þætti.

Hæfniviðmið

Að loknu öðru ári eiga nemendur að;

- ▶ hafa skilning á samspili arkitektúrs og hins byggða borgarumhverfis,
- ▶ hafa þekkingu á mismunandi aðferðum rannsókna í borgarfræði,
- ▶ geta miðlað niðurstöðum rannsókna í fjölbreyttum miðlum á skýran og læsilegan máta,
- ▶ hafa tileinkað sér þekkingu og skilning á þeim þáttum sem samtvinnast í hönnunarferli arkitektúrs með hugmyndaavinnslu, greiningu og beitingu hugmyndafræði í formi og skipulagi,
- ▶ hafa tekið virkan þátt í samstarfi, miðlað færni sinni, hugmyndum sínum og kunnáttu, og vera færir um að túlka og kynna niðurstöður sínar með þeirri tækni sem nýtist best.

ÞRIÐJA ÁR

Í vinnustofu á þriðja ári leggja nemendur áherslu á samþættingu hönnunar sem byggir á hugmyndaauðgi, færni og þekkingu. Á haustönn er lagður grunnur að fræðilegri og tæknilegri þekkingu nemenda í sjálfbærni og vistvæni í samhengi hönnunar mannvirkja. Markmið með útskriftarverkefni á vorönn er að nemendi sýni fram á þekkingu og hæfni til að skila af sér heilsteypu verki þar sem tekist er á við alla þætti arkitektúrs – frá mótun hugmynda til framsetningar á tillögum. Í útskriftarverkefni skal sýnt fram á sannfærandi tengsl á milli einstakra þátta verkefnisins svo úr verði ein samverkandi heild í mynd og máli. Á þriðja ári skrifa nemendur lokaritgerð. Þá er áhersla lögð á samþættingu hönnunar og fræða og þess er vænst að nemendur geti sýnt sjálfstæð vinnubrögð. Nemendur ígrunda eigin vinnu og skrifa hönnunargreiningu á eigin útskriftarverkefni þar sem þeir setja verkefnið í samfélagslegt samhengi. Þá kynnast þeir hinu faglega starfsumhverfi betur og áhersla er lögð á hlutverk hönnuðarins í samfélaginu og markaðs- og viðskiptafræði.

Hæfniviðmið

Að loknu þriðja ári eiga nemendur að;

- ▶ hafa þekkingu á helstu viðfangsefnum, hugtökum og aðferðafræði vistvænnar hönnunar,
- ▶ hafa hæfni til að afla sér nauðsynlegrar þekkingar á umhverfi og staðhátum og greina þá þætti sem liggja til grundvallar sjálfbærri og vistvænni hönnun á manngerðu umhverfi,
- ▶ hafa hæfni til þess að samþætta hönnunarverkefni sín við umhverfi sitt,
- ▶ hafa tekist á við fjölbættar áskoranir í hönnun sem og sýnt fram á samhæfða kunnáttu þar sem hugmynd, virkni, tæknileg færni og form leiða til heildstæðrar hönnunartillögu,
- ▶ geta unnið sjálfstætt og skipulega og þróað með sér hæfni og sjálfstæð vinnubrögð fyrir frekara nám innan fræðigreinarinnar.

ARKITEKTÚR

FYRSTA ÁR HAUSTMISSERI – SKYLDA

ALL111-06H Kynning

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

HFR130-02H Kynning – Fræðiskrif

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

HFR101-06H Hönnun og samfélag II

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

INTR101-0H Kynning á verkstæðum í Laugarnesi

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

INTR102-02H Kynning á verkstæðum í Þverholti

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

ARK102-10H Arkitektúr og aðferðarfræði

10 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Í námskeiðinu er fjallað um grundvallaratriði arkitektúrs og hönnunarferli sem einkennir arkitektúr. Unnið er með grunnhugtök og helstu miðlunarverkfæri fagsins, s.s. módel, sneiðingar, útlit og fjarviddarmyndir. Í málstofum kynna nemendur sér texta og þar eru þeir ræddir og settir í fræðilegt og verklegt samhengi fagsins. Lögð er áhersla á að nemendur fái þjálfun í framsetningu verkefna sinna og að gera þeim skil í samtali við samnemendur og kennara í yfirferðum og vinnustofu á skýran hátt.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast skilning og innsæi inn í hönnunarferli arkitektúrs,
- ▶ þekkja helstu aðferðir við þróun, vinnslu og framsetningu verkefna í arkitektúr, þ.e.a.s. skissum, teikningum og módelum,

- ▶ geta nálgast viðfangsefni arkitektúrs á einstaklingsbundinn hátt,
- ▶ geta beitt miðlunarverkfærum fagsins, þekkja takmörk þeirra og kosti,
- ▶ geta miðlað hugmyndum sínum í eigin verkum og sett þau í afmarkað fræðilegt samhengi,
- ▶ hafa færni til að leggja mat á framsetningaraðferðir í arkitektúr og geta miðlað hugmyndum sínum og kunnáttu í hugmyndahönnun á skýran hátt með teikningum og módelum.

Námsmat: Þátttaka, virkni og verkefnaskil

Umsjónarkennari: Hólmfríður Ósmann Jónsdóttir og Hrefna Björg Þorsteinsdóttir

Kennarar: Hólmfríður Ósmann Jónsdóttir, Hrefna Björg Þorsteinsdóttir og N.N.

VER130-02H CAD I

2 ECTS – tækni

Lýsing

Í námskeiðinu öðlast nemendur þjálfun og færni í að nota teikniforrit fyrir hönnun mannvirkja. Námskeiðinu er ætlað að koma nemendum vel af stað með að nota teikniforrit, skilja það og hagnýta sér helstu tól og tæki þess til að framleiða tvívíðar teikningar. Nemendur byggja upp skilning og þekkingu á notkunarmöguleikum teikniforríts til að efla og styrkja verklag í vinnustofum við framsetningu hugmynda. Mikilvægt er að skilja notkun og mörk teikniforríts sem miðils til stuðnings og útskýringar á hugmyndum.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa skilning og þekkingu á helstu eiginleikum teikniforríts fyrir arkitekta,
- ▶ hafa þekkingu og skilning á framsetningaraðferðum teikniforríta,
- ▶ hafa tileinkað sér þekkingu á sambandi hönnunar og tölvuteikninga,
- ▶ geta undirbúið teikningar til prentunar,
- ▶ hafa færni til að leggja mat á framsetningaraðferðir í arkitektúr og miðlað hugmyndum sínum í tölvuteikningum,
- ▶ hafa öðlast grundvallarskilning á notkun teikniforríta fyrir hönnun mannvirkja.

Námsmat: Ástundun, virkni og verkefnavinna

Umsjónarkennari: Einar Hlér Einarsson

VER118-02H Arkitektúrteikning

4 ECTS – tækni

Lýsing

Í námskeiðinu öðlast nemendur þjálfun og færni í að beita teikniaðferðum arkitektúrs og nota mismunandi aðferðir teikninga til að kanna og skrásetja rými. Nemendur þróa skilning á lestri á rými og styrkja hæfni til að skrásetja mismunandi lestur á þrívíðu rými. Fjallað er um tengsl teikunar og upplifunar rýmis og umhverfis. Nemendur þróa með sér hæfni til að miðla upplifðu rými í teikningum og jafnframt getu til að varpa fram sýn af upphugsuðu rými í teikningum.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast grunnskilning og þekkingu á arkitektúrteikningum, s.s. grunnmynd, sneiðmynd, ásýnd og fjarvídarmyndum,
- ▶ hafa öðlast skilning á rýmislestri tvívíðra arkitektúrteikninga til að öðlast skilning á þrívíðu rými,
- ▶ hafa öðlast grundvallarhæfni í uppteikningaraðferðum arkitektúrs,
- ▶ geta notað skissuaðferðir til að rannsaka og teikna upp rými,
- ▶ hafa getu til að teikna upp þrívítt rými og miðla í tvívíðum teikningum,
- ▶ hafa getu til að meta viðeigandi teikniaðferð og framsetningu til að miðla rými,
- ▶ skilja samhengi teikninga til hönnunar og umhverfis.

Námsmat: Verkefni, ástundun og virkni

Umsjónarkennar: Magnea Guðmundsdóttir

VER103-02H Kynningarnámskeið á trésmíðaverkstæði

2 ECTS – tækni

Lýsing

Í námskeiðinu er smíðaverkstæði skólans kynnt fyrir nemendum. Í fyrri hluta námskeiðsins er farið yfir grundvallaröryggisatriði við störf á smíðaverkstæði, auk þess sem nemendum er leiðbeint um verklag og umgengni við stærri vélar og verkfæri. Einungis þeim nemendum er lokið hafa fyrri hluta námskeiðsins um öryggismál er heimilt að nota vélar á trésmíðaverkstæði. Í síðari hluta námskeiðsins kynnast nemendur ýmsum undirstöðuatriðum í trésmíði, m.a. mismunandi eiginleikum viðartegunda og smíðaaðferðum sem nemendur nota við sjálfstæða vinnu.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast skilning og þekkingu á tækjum á trésmíðaverkstæði og virkni þeirra,

- ▶ hafa hæfni til að beita tækjum á trésmíðaverkstæði til smíði líkana, frumgerða, sem notuð eru til að rökstyðja hugmyndir í vöruhönnun,
- ▶ hafa öðlast þekkingu á eiginleikum þeirra efna sem vinna má með í tækjum trésmíða-verkstæðis,
- ▶ hafa öðlast kunnáttu til að beita þeirri tækni sem verkstæðið býður upp á til að efla víðsýni og frumleika í framsetningu og hugmyndavinnu.

Námsmat: Mappa, framsetning, verkferlar og virkni

Umsjónarkennari: Gulleik Lövskar

FYRSTA ÁR

VORMISSERI – SKYLDA

HFR110-08H Hönnun og samfélag I

8 ECTS – fræði

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

ARK103-08H Hönnunarferli: Hús nr. 1

10 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Í námskeiðinu vinna nemendur hugmynd að húsi á lóð sem skilgreind er af kennurum. Nemendur kanna hina efnislegu úrlausn hugmyndar í heilsteypa byggingu með það að markmiði að byggingartækni, efniskennd og deililausnir styðji inntak hugmyndar. Rík áhersla er lögð á hönnunarferlið, að unnið sé með ljós og efniskennd í þróun grunnhugmyndar hússins. Áhersla er lögð á að vinna í líkanagerð og að yfirfæra hugmyndavinnu og skissu yfir í hrein-teiknaða úrvinnslu. Nemendur rannsaka og meðhöndla mismunandi byggingarefni til að kanna mögulega samsetningu efna, áferð þeirra og áhrif í umhverfi sínu.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa grundvallarþekkingu á byggingartækni og byggingarefnum,
- ▶ hafa grunnskilning á hönnun deililausna og samsetningu efna sem miðlað er í teikningum og líkönum,
- ▶ þekkja til aðferða vettvangskönnunar sem nýtist í þróun hugmyndavinnu,
- ▶ hafa leikni og færni í að yfirfæra hugmyndir sínar og tillögur yfir í teikningar,
- ▶ geta sýnt fram á færni í að afla sér upplýsinga um byggingartæknilegar úrlausnir og geta nýtt sér þær,
- ▶ geta unnið með efniskennd sem þátt í hugmyndavinnu og hönnun,

- ▶ hafa aukinn skilning á því hvernig samsetning efna er eitt tjáningarform hugmynda í arkitektúr,
- ▶ hafa þróað með sér sjálfstæð vinnubrögð og öðlast færni í framsetningu eigin sköpunarverka.

Námsmat: Ástundun, virkni og verkefnavinna

Umsjónarkennarar: Kristján Örn Kristjánsson og Kristján Eggertsson

HFR229-02H Byggingarfræði

2 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu er fjallað um tegundir byggingarefna, tækni sem stuðst er við framleiðslu og notkun þeirra og hvernig efnisval mótar manngert umhverfi á tímum sjálfbærni og orkusparnaðar. Fjallað verður um grunnatriði og grunnhugtök sem móta samsetningu ólíkra byggingarefna og hlutverk þeirra í mótun vandaðs arkitektúrs á tímum fjölbreytni og aukinnar kröfu um nýtni, vandvirkni og hraða. Farið er yfir þá þætti sem móta huglæg áhrif byggingarefna á tjáningu, upplifun, áferð og umhverfismótun. Gerð er grein fyrir efnunum, verkþáttum og uppbyggingu í mannvirkjagerð. Menningarstefna íslenskra stjórnvalda í mannvirkjagerð er kynnt og rædd. Unnið er með nokkur grunnhugtök í arkitektúr og þeim beitt við greiningu á ólíkum þáttum í uppbyggingu mannvirkja m.t.t. tækni og sjónrænnar upplifunar. Námskeiðið er kennt í nánu samspili við námskeiðið: ARK103-08H – HÖNNUNARFERLI: HÚS NR 1.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja og geta gert grein fyrir helstu byggingarefnum samtímans og sett þau í samhengi við hlutverk, umhverfi, tíðaranda og samfélagsþróun,
- ▶ þekkja helstu grunnþætti í uppbyggingu mannvirkja og geta notað þá til að móta og styrkja arkitektónískar hugmyndir,
- ▶ hafa skilning á samsetningu, hlutverki og virkni helstu hjúpefna í burðarkerfum mannvirkja,
- ▶ geta greint, virkjað og lýst helstu tólum sem notuð eru við heildarhönnun mannvirkja í samtímanum.

Námsmat: Ritgerð, rannsóknarvinna, þátttaka í tímum

Umsjónarkennari: Jóhannes Þórðarson

ARK101-08H Verk: Hönnun, ferli og framkvæmd

6 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Hvernig þróast hugmyndafræðilegur sproti í fullbyggt mannvirki? Námskeiðið skiptist í tvo hluta. Í fyrri hluta þess greina nemendur byggt mannvirki út frá ýmsum grunnþáttum, svo sem afstöðu til umhverfis, samfélagslegum tengingum, rýmisgæðum, byggingarefnum og burðarkerfum. Sérstök áhersla er lögð á að nemendur kynnist hugmyndafræði arkitekta þeirra bygginga sem eru viðfangsefni verkefnisins og öðlist færni í að greina þróun hönnunarferlisins frá frumskissu til byggingar. Í síðari hluta námskeiðsins vinna nemendur að hönnun og byggingu mannvirkis allt frá frumhugmynd í tæknilegar útfærslur. Áhersla er lögð á mikilvægi þess að útfæra hugmyndafræðina að baki byggingunni allt niður í minnstu smáatriði.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa þekkingu og skilning á hönnunarferli bygginga frá skissu að fullreistu mannvirki,
- ▶ hafa aukinn skilning á margþættu eðli byggingarferlis,
- ▶ hafa færni í að greina óhlutbundin fyrirbæri og yfirfæra áhrif þeirra og virkni í teikningu,
- ▶ hafa færni í að greina mögulegar leiðir við útfærslu byggingartæknilegra úrlausna,
- ▶ hafa reynslu í því að byggja hönnunartillögu í raunkvarða,
- ▶ hafa getu og skilning sem sýnir fram á sjálfstæð skipulögð vinnubrögð og hugvit.

Námsmat: Greining, verkefni, framsetning, kynning og ástundun.

Umsjónarkennari: Björn Guðbrandsson.

HFR111-02H Efnismenning A

2 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu er efnisleg hversdagsmenning tekin til umfjöllunar. Gefið er yfirlit yfir þetta þverfaglega rannsóknarsvið og rýnt í dæmi, bæði nýleg og eldri, hérlendis frá og erlendis. Fjallað er um mismunandi sýn á rusl og hreinlæti, matarhætti og hlutina í kringum okkur í okkar daglega lífi, handverk, neyslumeningu og menningararf. Um leið kynnast nemendur ýmsum kenningum af mismunandi fræðasviðum sem allar tengjast efnismeningu á einn eða annan hátt, sem leggja m.a. áherslu á upplifanir, sjónarhorn, framsetningu, rými, tíma og stað.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa fengið innsýn í efnislega hversdagsmenningu,

- ▶ kunna skil á ólíkum sviðum efnismenningar,
- ▶ hafa kynnst nálgunum ólíkra sjónarhorna á hið þverfaglega svið efnismenningar,
- ▶ kunna skil á þeim fræðilegu hugtökum sem fjallað er um í námskeiðinu og geta nýtt þau til greiningar á efnismenningu,
- ▶ vera færir um að nýta fræðikenningar námskeiðsins í skrifuðum texta og setja þær í samhengi við eigin hugrenningar, rannsóknir og hönnun,
- ▶ vera færir um að túlka einstaka hluti og þætti efnismenningar sem heimildir um tiltekin samfélög.

Námsmat: Stutt ritgerð og próf

Umsjónarkennari: Bryndís Björgvinsdóttir

VER120-02H – Ljósmyndun fyrir arkitekta

2 ECTS – Lýsing kemur síðar í MySchool

ANNAD ÁR HAUSTMISSERI – SKYLDA

ARK200-06H Faggrein I: Borgarrýni

6 ECTS – vinnustofa

Námskeiðið er kennt á ensku.

Lýsing

Í námskeiðinu er fjallað um borgina og eiginleikar borgarumhverfis rannsakaðir. Fjallað er um hvernig manngert umhverfi er mótað af öflum sem rekja má til samfélagslegra og umhverfislegra þátta, þar sem félagsleg, pólitísk og efnahagsleg gildi eru mótandi ásamt landfræðilegum og veðurfarslegum þáttum. Nemendum eru kynntar mismunandi greiningar- aðferðir til að kanna samverkandi og mótandi þætti í borgarumhverfinu. Áhersla er lögð á samvinnu, tilraunastarfsemi og þróun sjónrænnar framsetningar á viðfangsefni sem tekur á ólíkum þáttum menningar og borgarumhverfis. Varpað er ljósi á mismunandi eiginleika borgarinnar til að skapa sameiginlegan þekkingarbrunn og til að dýpka sýn og skilning á mótun manngerðs umhverfis. Nemendur læra að safna grunnupplýsingum sem nýta má til að þróa aðferðafræði þekkingarsköpunar, úrvinnslu og miðlunar.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa þekkingu á mismunandi aðferðum rannsókna í borgarfræði
- ▶ hafa þekkingu og færni til að þróa leiðir fyrir mismunandi aðferðafræði borgarrannsókna og framsetningarmöguleikum til að fjalla um innviði, gerð og form borgarumhverfis,

- ▶ geta miðlað niðurstöðum rannsókna í fjölbreyttum miðlum á skýran og læsilegan máta,
- ▶ hafa skilning á mismunandi aðferðum frásagna og framsetninga sem varpa ljósi á borgar-samhengið,
- ▶ geta fjallað um borgarumhverfi á fræðilegum forsendum og geta sett í samhengi við hug-myndir um samfélagsþróun, í rituðu og töluðu máli og sjónrænni framsetningu.

Námsmat: Greining, verkefni, framsetning, kynning, virkni og ástundun.

Umsjónarkennari: Massimo Santanicchia

Kennarar: Massimo Santanicchia, Steinþór Kári Kárason og Ásmundur Hrafn Sturluson

HFR200-04H Borgarfræði

4 ECTS – fræði

Námskeiðið er kennt á ensku.

Lýsing

Í námskeiðinu er fjallað um ýmsa þætti sem saman eiga þátt í að skapa þá lífrænu heild sem borgarumhverfið er. Meðal þess sem fjallað er um er þróun skipulagshugmynda og hvernig væntingar um borgarumhverfi og rými breytast með breyttu samfélagi og breyttum tíðaranda. Hugleitt er hvernig stjórnmálaskoðanir, efnahagur og hagkerfi hefur áhrif á borgarumhverfið, og jafnframt er litið til menningarlegra og umhverfislegra áhrifa. Þá er fengist við sögulega þróun borgarumhverfis og þá hugmyndafræði sem liggur nútímaborginni til grundvallar. Einnig er rætt sérstaklega um borgarumhverfi Reykjavíkur og þróun borgarinnar skoðuð í ljósi ólíkra kenninga um mótun borgarumhverfis.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ kunna skil á helstu kenningum og hugtökum í borgarfræði og geta beitt þeim á einstök dæmi í íslensku og alþjóðlegu samhengi,
- ▶ hafa skilning á sögu og þróun borgarumhverfis og geta gert grein fyrir henni í ljósi ólíkra kenninga og hugmyndafræði,
- ▶ geta fjallað um borgarumhverfi á fræðilegum forsendum og sett í samhengi við hug-myndir um samfélagsþróun, í rituðu og töluðu máli og sjónrænni framsetningu,
- ▶ geta gert grein fyrir helstu áherslum og forsendum fyrir borgarskipulagi á 20. og 21. öld,
- ▶ þekkja til þeirra viðfangsefna sem aukin borgarvæðing í heiminum á 21. öldinni felur í sér og geta rætt um sjálfbærni í borgum í því samhengi,
- ▶ þekkja helstu staðreyndir og kenningar um þróun borgarumhverfis í Reykjavík og geta tekið rökstudda afstöðu til einstakra þátta er varða þessa þróun,
- ▶ geta fengist við skrif og iðkað sjálfstæð vinnubrögð um viðfangsefni námskeiðsins.

Námsmat: Skrifleg verkefni

Umsjónarkennari: Massimo Santanicchia

VER210-04H Forrit fyrir arkitekta

4 ECTS – tækni
Forkröfur CAD I

Lýsing

Í námskeiðinu fá nemendur þjálfun í að nota teikniforrit fyrir hönnun mannvirkja og umhverfis með áherslu á mótun og byggingu þrívíddarlíkana. Nemendur læra að nýta sér tölvu-umhverfið til að þróa hugmyndir sínar og hönnun og læra á helstu tól og tæki fyrir þrívíddarteiknun. Nemendur fá þjálfun og færni í að nota forritin til að efla með sér skilning og þekkingu á framsetningaraðferðum í tölvu hvað varðar lýsingu og áferð líkana. Enn fremur er farið í grundvallaratriði tölvustýrðra framleiðsluáðferða tengt verkstæði.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast skilning og þekkingu á mótun þrívíddarlíkana í tölvu,
- ▶ hafa þekkingu og skilning á framsetningaraðferðum þrívíddarlíkana,
- ▶ hafa dýpkað skilning á sambandi hönnunar og tölvuteikninga,
- ▶ hafa þróað með sér sjálfstætt verklag við notkun teikniforríta,
- ▶ geta nýtt sér tölvuteiknun til þróunar á hugmyndavinnu,
- ▶ hafa færni til að leggja sjálfstætt mat á framsetningaraðferðir í arkitektúr og geta miðlað hugmyndum sínum að mannvirkjagerð í þrívídd,
- ▶ hafa dýpkað skilning sinn á notkun teikniforríta fyrir hönnun mannvirkja.

Námsmat: Ástundun, virkni og verkefnavinna
Umsjónarkennari: Einar Hlér Einarsson

HFR220-02H Byggingeðlisfræði

2 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu er farið yfir grunnþætti í byggingartækni, helstu hugtök og reikniáðferðir útskýrð með dæmum og sett í samhengi við gildandi reglugerðir íslenskra byggingarlaga og reglugerða. Lögð er áhersla á skilning á samverkun eðlisfræðiþátta í byggingum og helstu vandamál sem upp kunna að koma í tengslum við þá. Fjallað er um áhrif umhverfis og veðurs á tæknileg úrlausnarefni og áhersla lögð á að skoða þessa þætti í samhengi við ýmsa eðlisfræðilega þætti, s.s. veðrun, hitastreymi, rakafæði, hljóðvist og brunapól.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast skilning á helstu umhverfisþáttum sem áhrif hafa á hjúp og vistarverur mann-

virkJa og þeim þáttum sem móta frágang þeirra með tilliti til veðurs og annarra umhverfisáhrifa og geta beitt þeim við ákveðin úrlausnarefni,

- ▶ hafa öðlast skilning á helstu eðlisfræðilegum þáttum sem hafa áhrif á hið byggða umhverfi, s.s. veðrun, hitastreymi, rakaflæði, hljóðvist og brunaþol og geta nýtt sér kunnáttu sína til þess að leysa ákveðin úrlausnarefni og geta sett þau í samhengi við hugmyndafræði arkitektúrs.

Námsmat: Verkefni og próf

Umsjónarkennari: Steinþór Kári Kárasón

Kennarar: Steinþór Kári Kárasón

ARK200-10H Faggrein II: Að byggja borg

10 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Í námskeiðinu er fjallað um samband arkitektúrs og borgarumhverfis og fá nemendur ákveðna lóð eða svæði sem þeim er ætlað að skoða og fást við. Nemendur hanna heilsteyp arkitektónískt verk, eftir gefinni forsögn, þar sem forsendur borgarinnar eru lagðar til grundvallar í hönnunarferlinu. Þeim er ætlað að vinna verk sem er byggt á skýrri hugmyndafræði sem gengur sem óslitinn þráður í gegnum verkið, frá borg til byggingar, þar sem áhersla er lögð á að skýra borgarumhverfið og styrkja almenningstrýmið. Þannig á hið arkitektóníska inngríp að mótast af borginni sem mótar það um leið. Fjallað er um mikilvægi tæknilegra úrlausna og mikilvægi deilihönnunar í mótun góðs arkitektúrs. Nemendur fá þjálfun í hönnun deililausna og vinna deili í eigin hönnunarverki sem hluti af því að móta heilsteyp arkitektónískt verk. Áhersla er lögð á að þróa tæknilega vel leyst deili í veðurhjúp bygginga.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa skilning á samspili arkitektúrs og hins byggða borgarumhverfis,
- ▶ þekkja kenningar, forsendur, hugtök og aðferðir sem tengjast arkitektúr og hlutverki hans í mótun borgarumhverfis,
- ▶ geta unnið með grunnþætti arkitektúrs í borgarumhverfi,
- ▶ geta unnið með grunnþætti deilihönnunar sem byggð er á arkitektónískri hugmyndafræði,
- ▶ geta tekið gagnrýna afstöðu til upplýsinga og aðferða,
- ▶ geta beitt aðferðum og verkfærum arkitektúrs, með það að markmiði að virkja borgarrými með arkitektónísku inngrípi,
- ▶ hafa færni til að setja fram og lýsa viðfangsefni arkitektúrs í borgarumhverfi og rannsóknarniðurstöðum því tengdu og geta fjallað um þær í rituðu og töluðu máli,
- ▶ geta unnið sjálfstætt og skipulega, sett sér markmið, valið aðferðir við hæfi, gert verk-/starfsáætlun og fylgt henni.

Námsmat: Greining, verkefni, framsetning, kynning, virkni og ástundun.

Umsjónarkennari: Steinþór Kári Kárason

Kennarar: Ásmundur Hrafn Sturluson, Steinþór Kári Kárason og Massimo Santanicchia

HFR240-02H Deilihönnun

2 ECTS – fræði-

Lýsing

Á námskeiðunum er hönnun á veðurhjúp bygginga kynnt fyrir nemendum. Sérstök áhersla er lögð á deililausnir. Ætlast er til að nemendur skilji hvernig einstakir þættir hjúpsins eru byggðir upp og hvernig þeir virka og hafa þróast. Sérstök áhersla er lögð á að þjálfar nemendur í byggingartæknilegri greiningu þ.m.t. skoðun á tæknilegum vandamálum sem tengjast hönnun og byggingu á veðurhjúp. Þetta er gert með tilvikarannsóknnum á þegar byggðum mannvirkjum sem nemendur vinna að á fyrri hluta námskeiðsins. Þjálfun í deilihönnun fer fram í gegnum verkefni þar sem nemendur hanna deili í tillögu að óbyggðu mannvirki t.d. eigin hönnun frá öðru námskeiði. Unnið er að þessu verkefni á seinni hluta námskeiðsins.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ geta útskýrt uppbyggingu veðurhjúps og helstu eiginleika hans,
- ▶ þekkja til helstu byggingareðlisfræðilegra krafta sem verka á veðurhjúp,
- ▶ geti gert grein fyrir algengustu veggja- og þakgerðum í veðurhjúp nútíma bygginga,
- ▶ þekkja til þrepaskiptra þéttinga í veðurhjúp og geti útskýrt tilgang þessarar aðferðar,
- ▶ þekkja helstu orsakir byggingargalla í veðurhjúp nútíma bygginga,
- ▶ geta gert einfalda byggingartæknilega greiningu á veðurhjúp mannvirkis og komið niðurstöðum á framfæri í heimildaritgerð,
- ▶ geta hannað deili í vegg, glugga og þök í veðurhjúp bygginga og komið niðurstöðunum á framfæri í teikningu,
- ▶ geta flutt munnlega kynningu á niðurstöðu heimildaritgerðar og deilihönnunarverkefnis.

Námsmat: Tilviksrannsókn, deilihönnunarverkefni og munnlegt kynning (próf)

Umsjónarkennari: N.N.

VAL 2-4 ECTS

Sjá sameiginleg valnámskeið

ANNAÐ ÁR VORMISSERI – SKYLDA

SAT000-02S Samtal

2 ECTS – vinnustofa

Sjá sameiginleg skyldunámskeið.

HFR210-04H Hönnun og samfélag III

6 ECTS – fræði

Sjá sameiginleg skyldunámskeið.

ALL200-06H Together

6 ECTS – vinnustofa

Námskeiðið er kennt á ensku

Sjá sameiginleg skyldunámskeið.

VER101-02H Forritin öll

2 ECTS – tækni

Lýsing

Megináhersla er lögð á að nemendur læri að nota Adobe Illustrator og InDesign og meðferð þeirra í tengslum við notkun Adobe Photoshop-forritsins sem áhalds til að miðla hugmyndum og upplýsingum. Námskeiðinu er ætlað að koma byrjendum vel af stað með að nota forritin, skilja þau og hagnýta sér helstu tól og tæki þeirra. Nemendur læra að nota forritin til einfaldrar uppsetningarvinnu, einkum til að koma til skila eigin verkum og við gerð möppu (skyldu). Í námskeiðinu öðlast nemendur þjálfun og færni í að nota forritin til að efla með sér skilning og þekkingu á framsetningaraðferðum í tölvu. Þeir þróa færni sína í notkun forritanna sem gerir þeim kleift að gera hugmyndir sínar skiljanlegri.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs ættu nemendur að:

- ▶ hafa þekkingu og skilning á aðferðum sem helstu framsetningartölvuforrit bjóða upp á,
- ▶ hafa tileinkað sér þekkingu á sambandi hönnunar og framsetningarforrita,
- ▶ hafa færni til að leggja sjálfstætt mat á framsetningaraðferðir og geta miðlað hugmyndum sínum og kunnáttu við hugmyndahönnun með framsetningarforriti,
- ▶ hafa þróað með sér sjálfstætt verklag með framsetningarforrit sem verkfæri, með vísðsýni og frumleika að leiðarljósi.

Námsmat: Verkefni í tíma, virkni og ástundun

Umsjónarkennari: N.N.

ARK200-08H Hönnun og áhrif: Að þétta byggð

8 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Markmið námskeiðisins er að styrkja getu nemenda við að skoða og greina umhverfi bygginga, samspil þeirra á milli, þess félagslega samhengis sem borgin skapar og hlutverk og verkfæri arkitektúrs í sköpun borgarumhverfis. Nemendur greina lóðir sem þeir skoða og lýsa með mismunandi aðferðum sem miða að því að kynnast staðnum, jafnt sem skýrt afmarkaðri lóð og hluta af stærri borgarmynd. Nemendur gera svo verk þar sem arkitektónískum aðferðum er beitt til að bregðast við þeim aðstæðum sem fyrirbyggjandi eru, byggðu á greiningu og sýn þeirra á þróun staðarins og borgarinnar í heild.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast getu til að skoða og greina borgina og öðlast skilning á samspili bygginga, borgarrýmis og samfélagslegra þátta sem mynda borgarumhverfið,
- ▶ hafa öðlast skilning á hlutverki arkitektúrs í mótun borgarumhverfis,
- ▶ hafa tileinkað sér þekkingu og skilning á þeim þáttum sem samtvinnast í hönnunarferli arkitektúrs með hugmyndavinnslu, greiningu og beitingu hugmyndafræði í formi og skipulagi,
- ▶ hafa þróað með sér aðferðarfræði til að bregðast við borgarumhverfinu með þróun og vinnslu á forsögn að arkitektónísku verki, sem hefur það að meginmarkmiði að skýra og skerpa á því umhverfi sem það er sett í,
- ▶ hafa tekið og réttlætt ákvarðanir á faglegum grunni, unnið sjálfstætt og skipulega, sett sér markmið og fylgt starfsáætlun,
- ▶ hafa tekið virkan þátt í samstarfi, miðlað færni sinni, hugmyndum sínum og kunnáttu, og vera færir um að túlka og kynna niðurstöður sínar með þeirri tækni sem nýtist best,
- ▶ hafa tileinkað sér víðsýni og frumleika í hugsun.

Námsmat: Ástundun, vinnuaðferð og þróun verkefnis auk skilaskyldu

Umsjónarkennari: Steinþór Kári Kárason

Kennarar: Ásmundur Hrafn Sturluson og Steinþór Kári Kárason

VER204-02H Módelismiði fyrir arkitekta

2 ECTS – tækni

Lýsing

Námskeiðið miðar að því að kynna fyrir nemendum gerð hugmyndalíkana þannig að þeir öðlist þjálfun og færni í gerð þeirra. Nemendur fá leiðsögn í því að beita líkönum við hugmyndavinnu og við þróun verkefna í vinnustofum. Markmið námskeiðisins er að nemendur öðlist skilning á því að hugmyndalíkanið er notað til að þróa það sem á að verða en ekki sýna það sem er.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast skilning og þekkingu á gerð og notkun hugmyndalíkana,
- ▶ hafa kynnst helstu aðferðum og efnum sem notuð eru við gerð hugmyndalíkana,
- ▶ hafa öðlast færni í gerð hugmyndalíkana,
- ▶ hafa getu til að takast á við gerð hugmyndalíkana í samhengi við vinnustofuverkefni,
- ▶ hafa hæfni til að endurspeglar arkitektóniska hugmynd í líkani,
- ▶ hafa hæfni til að vinna sjálfstætt að hugmyndalíkani.

Námsmat: Kynning á líkani, virkni og ástundun

Umsjónarkennari: Ásmundur Hrafn Sturluson

HFR101-04H Byggingarlist á Íslandi

4 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu er farið yfir þróun byggingarlistar á Íslandi frá aldamótunum 1900 og til samtímans. Fjallað verður um tæknilegar og samfélagslegar forsendur húsagerðar á ólíkum tímaskiðum. Þá verður stílhugsun, hugmyndafræði og verk einstakra arkitekta sett í samhengi við heildarþróun byggingarlistar á tímabilinu.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast góða þekkingu á þróun byggingarlistar á Íslandi frá aldamótunum 1900 og til samtímans og geta gert grein fyrir henni,
- ▶ þekkja verk þeirra arkitekta sem fjallað er um í námskeiðinu og geta sett þau í samhengi við byggingarlistasöguna og greint þau í hugmyndafræðilegu og samfélagslegu samhengi,
- ▶ geta gert grein fyrir samspili byggingarlistar og samfélagslegra breytinga,
- ▶ hafa fengið þjálfun í fræðilegum vinnubrögðum, notkun heimilda og ritun fræðitexta.

Námsmat: ritgerð og próf

Umsjónarkennari: Pétur H. Ármannsson

ANNAD ÁR VORMISSERI – VAL

HFR107-02H Hönnunarmars

2 ECTS – fræði

Sjá sameiginleg valnámskeið

ÞRIÐJA ÁR HAUSTMISSERI – SKYLDA

BAH300-00H Undirbúningur fyrir lokaritgerð

0 ECTS – fræði

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

BAH300-06H Lokaritgerð

6 ECTS – fræði

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

ARK301-16H Hönnun og samþætting: Vistvæni bygginga

16 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Meginviðfangsefni námskeiðsins er að leggja grunn að fræðilegri og tæknilegri þekkingu nemenda á sjálfbærni og vistvæni í samhengi hönnunar. Nemendur vinna með grunnviðfangsefni vistvænnar aðferðarfræði, takast á við umhverfisþætti og tengsl hönnunar og náttúru með því að vinna hönnunarverk sem lagt er fyrir. Nemendur kynnast aðferðum við að kortleggja og greina margþætta eiginleika umhverfis og samfélagslegra kerfa og nýta til að leggja grunn að þróun á hönnunar-„konsepti“ fyrir mótun samhengis staðar og bygginga. Hönnunarverkefni annarinnar eru reglulega greind og sett í samhengi við hugmyndafræði vistvæns arkitektúrs.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa þekkingu á helstu viðfangsefnum, hugtökum og aðferðarfræði vistvænnar hönnunar,
- ▶ hafa öðlast þekkingu á umhverfislegu samhengi bygginga,
- ▶ hafa skilning á samhengi byggingarefnis, ákvarðanatöku og umhverfis,

- ▶ hafa færni til að afla sér nauðsynlegrar þekkingar um umhverfi og staðhætti,
- ▶ hafa hæfni til að greina og fjalla um umhverfisþætti sem liggja til grundvallar sjálfbærni og vistvænni hönnun á manngerðu umhverfi,
- ▶ hafa hæfni til þess að samþætta hönnunarverkefni sín við umhverfi sitt,
- ▶ geta beitt þekkingu sinni og færni til að skilgreina aðferðarfræði,
- ▶ geta sýnt fram á sjálfstæð og ábyrg vinnubrögð fyrir skapandi hugmyndavinnu, framsetningu, túlkun og úrvinnslu áhrifaþátta er tengjast sjálfbærni og upplifun manngerðs umhverfis.

Námsmat: Verkefnaskil, kynningar, virkni og þátttaka í vinnustofum og samstarfsverkefnum
Umsjónarkennari: N.N.

Kennarar: Björn Guðbrandsson og Halldór Eiríksson

HFR304-04H Arkitektúr og bókmenntir

4 ECTS – fræði

Námskeiðið er kennt í samstarfi við Íslensku- og menningardeild HÍ og verður kennt á ensku að hluta.

Lýsing

Í þessu þverfræðilega námskeiði verður fjallað um arkitektúr og bókmenntir frá ólíkum sjónarmiðum þar sem ýmsar kenningar eru kynntar og þeim beitt til þess að greina tengsl texta og manngerðs umhverfis. Fjallað er um frásagnir í byggingum og borgum, arkitektúr og strúktúr í bókmenntum og hvernig þetta tvennt mætist. Kannað er hvernig arkitektúr hefur mótagandi áhrif á bæði hegðun fólks, fagurfræðilega upplifun og tilfinningalíf og hvernig sú upplifun skilar sér inn í reynsluheim sem síðan er miðlað með öðrum hætti, s.s. í texta, með ljósmyndum og í kvikmyndum. Arkitektúr endurspeglar dvalarhætti okkar í heiminum hverju sinni og hvernig við ferðumst um hann. Í námskeiðinu verður því lögð áhersla á að skoða, og greina út frá bókmenntatextum og byggðu umhverfi, staði sem eru í senn dvalarstaðir og samskiptarými, s.s. verslunarmiðstöðar, flugvelli, skemmtigarðar, híbýli og borgarýmið í heild sinni. Í þessu samhengi verður sjónum beint sérstaklega að samspili rýmis, líkama og miðlunar – ekki síst í ljósi umhverfis og texta sem kenna má við módernisma, póst-módernisma og samtímamann á öndverðri 21. öld. Í námskeiðinu verða m.a. lesnir textar eftir Zygmunt Bauman, J.G. Ballard, Rem Koolahs, Peter Eisenman, Robert Venturi, Walter Benjamin, Svövu Jakobsdóttur, Paul Virilio, Jan Gehl and Gaston Bachelard.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- ▶ vera færir um að fjalla á gagnrýnin hátt um arkitektúr og manngert umhverfi út frá kenningum um dvalarstað, skynjun og táknfræði og vera færir um að lesa arkitektúr eins og táknkerfi sem á í samskiptum við önnur táknkerfi í umhverfi daglegs lífs, þar með talin þau tákn sem birtast okkur í formi texta og sjónrænnar miðlunar,

- ▶ hafa öðlast góðan skilning á fjölbreyttum tengslum milli manngerðs umhverfis og því umhverfi sem skapað er með texta og þá einkum og sér í lagi bókmenntatexta og geta sjálf komið auga á slík tengsl og greint þau út frá eigin forsendum og í samhengi við ólíka fræðitexta,
- ▶ geta gert grein fyrir hvernig rými og staðbundnir þættir eru skapaðir og þeim miðlað í bókmenntatexta og hvaða áhrif slíkir textar hafa á upplifun okkar af bæði texta og raunheimi,
- ▶ hafa öðlast skilning og vald á að notafæra sér ólíkar kenningar, hugtök og aðferðir til þess að beita þverfræðilegum nálgunum, bæði í greiningu og gagnrýnni umfjöllun um viðfangsefni námskeiðsins,
- ▶ að hugsa á gagnrýninn og skapandi hátt um þverfræðilegar nálganir í sjálfu sér.

Námskeið þetta, er skipulagt og kennt í samstarfi Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, Listaháskóla Íslands og Genfarháskóla.

Umsjónarkennari: Sigrún Alba Sigurðardóttir

Aðrir kennarar: David Spurr, Ástráður Eysteinnsson, Anna María Bogadóttir, Hildigunnur Sverrisdóttir, Guja Dögg Hauksdóttir og Sigrún Alba Sigurðardóttir

VAL 2-4 ECTS

Sjá sameiginleg valnámskeið

ÞRIÐJA ÁR VORMISSERI – SKYLDA

ALL303-02H Portfolio

2 ECTS – vinnustofa

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

HFR303-04H Hönnun og samfélag IV

4 ECTS – fræði

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

HFR306-02H Útskriftarverkefni – Greining

2 ECTS – fræði

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

ALL304-02H Úrvinnsla

2 ECTS – vinnustofa

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

ARK300-14H Útskriftarverkefni: Arkitektúr

14 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Markmið með lokaverkefni er að nemandi sýni fram á þekkingu og hæfni til að skila af sér heilsteyptu verki þar sem tekist er á við alla þætti arkitektúrs, frá mótun hugmynda til framsetningar á tillögu. Kennarar námskeiðs setja fyrir sameiginlega verkefnalýsingu fyrir markmið námskeiðs. Nemendur vinna einstaklingsverkefni undir handleiðslu leiðbeinenda og þróa með sér persónulega afstöðu á því viðfangsefni sem sett er fyrir í námskeiðinu. Nemandi tileinkar sér sjálfstæð vinnubrögð og sýnir fram á getu til að skipuleggja vinnu sína og þróa með sér sjálfstætt viðhorf til rannsóknar- og hönnunarferlis. Í útskriftarverkefni skal nemandi uppfylla ákveðnar kröfur um samhæfða kunnáttu, þar sem starfsemi, þróun, innra skipulag, rými og efniskennnd mynda heilsteypt verk í umhverfi sínu og sem sýnir fram á færni til að vinna byggingartæknilegar úrlausnir sem styðja hugmynd verkefnis. Mikilvægt er að nemandi sýni fram á hæfni til að vinna verkefni og miðla í fjölbreyttum mælikvörðum, allt frá mælikvarða landsvæðis/borgar í að tjá hugmynd með samsetningu efna í deililausnum. Í útskriftarverkefni skal sýnt fram á sannfærandi tengsl á milli einstakra þátta verkefnisins svo úr verði ein samverkandi heild í mynd og máli. Mikil áhersla er lögð á skapandi hugsun jafnt sem gagnrýna sýn á eigið sköpunarferli við mótun verkefnis.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ sýna fram á þekkingu og hæfni til að skila skýrt afmörkuðu útskriftarverkefni sem tekur á flestum þáttum námsins,
- ▶ geta tekist á við fjölþættar áskoranir í hönnun sem og sýnt fram á samhæfða kunnáttu þar sem hugmynd, virkni, tæknileg færni og form leiða til heildstæðrar hönnunartillögu,
- ▶ geta rökstutt ákvarðanir á faglegum grunni og tekið þátt í gagnrýnu samtali um ferli, hönnun, úrvinnslu hugmynda og framsetningu,
- ▶ hafa tileinkað sér víðsýni og frumleika í hugsun,
- ▶ hafa öðlast hæfni í að greina frá inntaki og eðli útskriftarverkefnis á skýran og
- ▶ auðskiljanlegan hátt,
- ▶ geta unnið sjálfstætt og skipulega, sett sér markmið, gert verkáætlun og fylgt henni eftir,
- ▶ hafa þróað með sér hæfni og sjálfstæð vinnubrögð fyrir frekara nám innan fræðigreinar.

Námsmat

Hugmyndavinna, þróun, rannsókn og úrvinnsla hugmynda, framsetning, verkefni, virkni og ástundun. Við námsmat er tekið mið af arkitektónskum gæðum verkefnisins og hvernig

verkið myndar eina samverkandi heild. Enn fremur er litið á allt vinnuferli og þróun verk-efnis; hugmyndavinnu, þróun, rannsókn og úrvinnslu hugmynda og hvernig tekist er á við að vinna alla þætti hönnunar, frá hugmynd til framsetningar. Nálgun nemandans og verklag við verkefnið hefur vægi við námsmat og hversu vel er gert grein fyrir þeim forsendum sem verk-efnið er byggt á. Við námsmat er litið til gæði kynningar og framsetningar verkefnis í máli, myndum, teikningum, líkönum, texta og öðrum miðlum

Umsjónarkennari: Hildigunnur Sverrisdóttir

VAL 2-4 ECTS

VER228-02H Silkiprykk

2 ECTS – tækni

Sjá sameiginleg valnámskeið

VER208-02H Bókagerð

2 ECTS – tækni

Sjá sameiginleg valnámskeið

VER240-02H Introduction to the Black and White Darkroom

2 ECTS – tækni

Sjá sameiginleg valnámskeið

VER231-02H Editorial Photography/Composition for Magazines

2 ECTS – tækni

Sjá sameiginleg valnámskeið

HFR107-02H Hönnunarmars

2 ECTS – fræði

Sjá sameiginleg valnámskeið

FATAHÖNNUN

Fatahönnun innan Listaháskóla Íslands byggir á nokkuð langri hefð þar sem aðaláherslan er lögð á framsækni evrópskrar avant-garde tískuhönnunar og kennslu í aðferðafræði við hönnun á fatnaði og fylgihlutum. Námið – eins og tískan sjálf – er mótað af árstíðum, tíðaranda og samfélagslegum aðstæðum hverju sinni en einnig stíl og persónulegri sýn einstaklinga. Í náminu er lögð áhersla á að nemendur tileinki sér fagmennsku gæði og ábyrgð í hönnun, nýti sér tæknimöguleika og það góða handverk sem býðst innan fagsins.

FYRSTA ÁR

Í vinnustofu á fyrsta ári eru kynntir fyrir grunnkenningum og aðferðum í fatahönnun. Fyrsta önnin leggur grunninn að hönnunarferli og þeim vinnuaðferðum sem notaðar eru við hönnun og þróun hugmynda innan fagsins. Á seinni önn fyrsta árs halda nemendur áfram að byggja á grunnþekkingu sinni á hönnun og tísku og hefjast handa við að tileinka sér þá tæknilegu færni sem tilheyrir faginu. Nemendur fá þá einnig tækifæri til að fara til Parísar í fimm vikna starfsnámi hjá fyrirtæki í tiskuiðnaði til að undirbúa tiskuvikuna þar í borg – eða að öðrum kosti taka þeir þátt í tiskusýningu 2. árs nema. Samhliða því að byggja grunnþekkingu og tileinka sér tækni er lögð áhersla á hönnunarsögu og aðferðafræði rannsóknarvinnu og kannað er hvernig samfélag, fjárhagur og tíðarandi hafa áhrif á hvernig við klæðumst. Í tækninámskeiðum er kenndur klæðskurður og saumur. Prufusaumur og þá er einnig kynningarnámskeið á prentverkstæði. Í sameiginlegu námskeiði með öðrum hönnunarnemendum er fjallað um hugmyndafræði og hönnunarsögu, menningarfræði, efnismenningu og áhersla er lögð á mikilvægi akademískra vinnubragða.

Hæfniviðmið

Að loknu fyrsta ári eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast innsýn í starfsumhverfi fatahönnuða,
- ▶ hafa öðlast grunnskilning og grunnfærni í fatahönnunarferli,
- ▶ hafa öðlast aukna færni til að útskýra og rökstyðja eigin verk og ákvarðanir,
- ▶ geta beitt helstu miðlunarverkfærum fagsins,
- ▶ hafa öðlast grunnfæri í sniðagerð, saumskap og textílþrykki við þróun eigin hugmynda,
- ▶ hafa tileinkað sér undirstöðuatriði akademískra vinnubragða.

ANNAÐ ÁR

Í vinnustofu á fyrsta misseri annars árs öðlast nemendur frekari þekkingu á heimi tiskunnar. Í kennslu er lögð áhersla á rannsóknir og upplýsingaöflun – bæði til þess að nemendur auki við þekkingu sína og einnig til þess að þeir eigi auðveldara með að móta eigin sýn og stíl. Á vorönn er enn frekari áhersla lögð á þróun persónulegra hæfileika hvers og eins nemenda, bæði með fjölbreyttum verkefnum og í samstarfsverkefnum innan fatahönnunar og þvert á fög. Nemendur eru þá hvattir til að þróa sína persónulegu sýn og stíl enn frekar, læra nýjar aðferðir við hönnun og hægt og bitandi að sýna aukið sjálfstæði í eigin vinnu. Á öðru ári byrja nemendur að kynna eigin verk fyrir áhorfendur, bæði með einstaklings- og hópverkum. Í

tækninámskeiðinum er kenndur klæðskurður, tiskuteikning og drapering. Í fræðanámskeiðum er áhersla lögð á sjálfbærni, sköpun og samfélagsleg- og menningarleg viðfangsefni. Þá fá nemendur einnig að kynnst betur tiskusögu.

Hæfniviðmið

Að loknu öðru ári eiga nemendur að:

- ▶ hafa þróað með sér persónulega sýn á tísku og hönnun,
- ▶ hafa þekkingu á tísku í sögulegu samhengi,
- ▶ vera meðvitaðir um áhrif eigin verka á umheiminn og öfugt ásamt því að vera færir um að fjalla um þessi áhrif,
- ▶ hafa tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð, bæði innan hóp- og einstaklingsverkefna,
- ▶ geta sett saman fatalínu frá grunni fyrir tiskusýningu og mætt tæknilegum úrlausnarmálum sem þeim fylgja.

ÞRIÐJA ÁR

Í vinnustofu á haustmisseri þriðja árs þróa nemendur enn frekar persónulega sýn og stíl með margvíslegum verkefnum, m.a. með leiðsögn erlends gestakennara og samkeppni sem haldin er í samstarfi við starfandi fataframleiðslufyrirtæki. Nemendur eru þá hvattir og studdir í þróun eigin vinnuaðferða m.a. með tilraunastarfsemi og rannsóknarvinnu, og auk þess er lögð áhersla á þjálfun þess aga sem þarf til starfa í faglegum heimi fatahönnunar. Á síðusta misseri BA náms í fatahönnun vinna nemendur fyrst og fremst að útskriftarverkefni sínu sem sýnt er í tengslum við útskriftarsýningu skólans í Listasafni Reykjavíkur eða öðrum opinberum vettvangi en einnig um hugað að næstu skrefum eftir að náminu lýkur. Nemendur eru þar sérstaklega hvattir að sýna af sér fagmennsku, frumleika og sköpunargleði. Í tækninámskeiðum er áframhaldandi kennsla í draperingu. Á þriðja ári skrifa nemendur lokaritgerð. Þá er áhersla lögð á samþættingu hönnunar og fræða og þess er vænst að nemendur sýni sjálfstæð vinnubrögð. Einnig er lögð áhersla á síðfræði, hlutverk hönnuðarins í samfélaginu, markaðs- og viðskiptafræði. Nemendur ígrunda þá eigið lokaverkefni, skrifa um það og setja í samfélagslegt og menningarlegt samhengi.

Hæfniviðmið

Að loknu þriðja ári eiga nemendur að:

- ▶ vera færir um að nýta eigin sköpunargleði og ímyndunarafl til sjálfstæðrar sköpunar og vera færir um að nýta hvorutveggja í eigin verkum,
- ▶ vera færir um að hanna og skipuleggja framkvæmd við gerð fatalínu, fylgt áætlunum eftir og unnið náíð með öðrum við framkvæmd á flóknum útfærslum,
- ▶ vera færir um að túlka og miðla hugmyndum sínum, viðfangsefnum og niðurstöðum með skýrum hætti í rituðu og mæltu máli,
- ▶ hafa þróað með sér sjálfstæð vinnubrögð til frekara náms og starfa,
- ▶ að hafa hlotið aukna færni til að rökstyðja eigin verk og ákvarðanir í hönnunarferli þess.

FATAHÖNNUN – 1 ÁR HAUST 2015

ALL111-06H Kynning

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

HFR130-02H Kynning – Fræðiskrif

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

HFR101-06H Hönnun og samfélag II

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

INTR101-0H Kynning á verkstæðum í Laugarnesi

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

INTR102-02H – Kynning á verkstæðum í Þverholti

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

VER100-04H Klæðskurður og saumur

4 ECTS – tækni

Lýsing

Nemendur læra sníðagerð þar sem áhersla er lögð á að þeir geti unnið mismunandi form og hlutföll á flíkur út frá grunnsniðum. Þeir læra grunnvinnubrögð við að sauma svo að þeir geti bjargað sér við einfaldan saumaskap og skilað af sér svo vel sé. Gerður er grunnur að pilsí og efri parti, sniðsaumar skoðaðir og hvernig hægt er að færa þá til þannig að ná megi fram ýmsum formum. Kennit er að gera ermi, kraga o.fl. Nemendur læra grunnaðferðir við sauma, s.s. að umgangast saumavélar, sauma einfaldar flíkur og pressa svo að vel fari. Skyrta er sníðin og saumuð.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa eft með sér færni til að nota grunntækni klæðskurðar og sníðagerðar við þróun hugmynda,
- ▶ hafa öðlast skilning og þekkingu á tækniáðferðum og notkunarmöguleikum tækja á saumaverkstæði,

- ▶ hafa hæfni til að beita saumataekni og sniðagerð til að rökstyðja hugmyndir í vinnustofum,
- ▶ hafa öðlast þekkingu á efnisfræði þeirra efna sem unnið er með við klæðskurð og saum.

Námsmat: Verkefni, ástundun, virkni og framsetning

Umsjónarkennari: Soffía Dröfn Marteinsdóttir

FAT101-10H Fatahönnun og aðferðafræði

10 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Í námskeiðinu er fjallað um grundvallaratriði fatahönnunar. Helstu fyrirtæki og miðlar fagsins eru kynnt, með áherslu á að nemendur þjálfist í að afla upplýsinga um faggreinina. Nemendur læra að tileinka sér að fylgjast með stefnum og straumum í tískuiðnaði og þróa með sér persónulega sýn. Fjallað er um samband teikninga, fatasniða, efna og áferða. Nemendur hljóta þjálfun og leiðsögn í teikningu og efla með sér skilning á uppbyggingu fatnaðar. Kennendur er aðferðafræði í undirbúnings- og rannsóknarvinnu fatahönnuða áður en byrjað er að skissa hugmyndir. Nemendur fá leiðsögn í þróun eigin hugmynda, útfærslu þeirra í fatnað, hvernig setja má fatalínu saman og kynnast leiðum til að kynna fatalínu fyrir öðrum. Grundvallaratriði í textílþrykki eru kynnt og gerðar tæknilegar æfingar í meðferð og blöndun efna og áferða.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja helstu fyrirtæki og miðla tengdum fatahönnun og tísku,
- ▶ þekkja grunnaðferðir við þróun verkefna í fatahönnun,
- ▶ þekkja mismunandi teikniáferðir og notkunarmöguleika þeirra,
- ▶ hafa grunnþekkingu og færni í textílþrykki,
- ▶ hafa góð tök á að fylgjast með stefnum og straumum í fatahönnun,
- ▶ geta beitt helstu miðlunarverkfærum fagsins,
- ▶ geta þróað hugmyndir með skissuvinnu,
- ▶ kunna að byggja upp rannsókn til grundvallar hönnunarferils fyrir fatalínu.

Námsmat: Vinnubækur, kynning, framsetning, ástundun, mæting og virkni

Umsjónarkennari: Linda Björg Árnadóttir

Kennarar: Linda Björg Árnadóttir, Laufey Jónsdóttir, Anne Clausen og Helga Pálína Brynjólfssdóttir

VER211-02H Ljósmyndun I

2 ECTS – tækni

Námskeiðið er kennt á ensku

Lýsing

Á námskeiðinu eru grunntækniatriði stafrænna ljósmyndavéla kynnt og kynntar ólíkar aðferðir til að beita þeim. Nemendur fá innsýn í þróun stafrænnar ljósmyndunar og kynningu á dæmum (ljósmyndum og ljósmyndurum), bæði hefðbundnum og óhefðbundnum. Nemendur fá leiðsögn í notkun stafrænnar skjalavistunar ljósmynda, vistun skráa í ólíkum sniðum ásamt því að kynnast mismunandi notkunarmöguleikum þeirra. Loks er nemendum leiðbeint í notkun ljósmyndavers skólans, umgengni, tæknigrunn og notkunarmöguleika.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að hafa:

- ▶ öðlast skilning og þekkingu á grunnatriðum myndavéla, virkni þeirra og stillingarmöguleikum,
- ▶ öðlast færni og leikni í að beita þekkingu sinni til að geta beitt ljósmyndun sem framsetningarmiðils á verkefnum,
- ▶ öðlast þekkingu og leikni í notkun ljósmæla og linsa fyrir mismunandi aðstæður,
- ▶ þekkja og geta beitt hæfni við stafrænar uppstillingar á myndavélum og þekkja mismunandi skráasnið sem ljósmyndir eru vistaðar á í tölvum.

Námsmat: Mappa, ástundun og virkni

Umsjónarkennari: Eric Wolf

FYRSTA ÁR

VORMISSERI – SKYLDA

HFR110-08H Hönnun og samfélag I

8 ECTS – fræði

Sameiginlegt skyldunámskeið

FAT101-08H Hönnunarferli: Fatahönnun

8 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Fjallað er um hönnunarferli í fatahönnun, frá hinu smáa og sértæka í hið stóra samhengi tískuheimsins. Námskeiðið skiptist í tvo hluta og er sá fyrri sértækt hönnunarferli á prjónaflíkum og sá seinni ferð til Parísar í starfsnám eða þátttaka í tiskusýningu með nemendum á öðru ári.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja vel til hönnunarferlis og hafa öðlast innsýn í starfsumhverfi fatahönnunar í stóru samhengi,
- ▶ hafa grunnþekkingu á prjónahönnun og sérstöðu hennar,
- ▶ þekkja hvaða upplýsingar þurfa að koma sérstaklega fram við hönnun á prjóni og geta sett í samhengi við önnur möguleg verkefni með sérstöðu,
- ▶ geta fylgt þráðum eigin rannsóknarvinnu í hönnunarferli,
- ▶ geta reynt aðferðir af hugvitssemi og nokkru sjálfstæði,
- ▶ geta rökstutt ákvarðanir sínar á faglegum grunni,
- ▶ geta gert greinarmun á aðferðum í hönnun á prjóni og ofnu efni,
- ▶ hafa samskiptahæfni til samstarfs við aðila innan fagsins,
- ▶ geta fjallað um starfsvettvang fatahönnuða á greinandi og gagnrýninn hátt.

Námsmat: Vinnubók, hönnunarferli, þátttaka, teikningar unnar í vinnustofu og heima, ástundun, virkni, og gæði verkefnis í lokayfirferð

Umsjónarkennari: Linda Björg Árnadóttir

Kennarar: Magnea Einarsdóttir og Linda Björg Árnadóttir

VER106-02H Kynningarnámskeið á prentverkstæði

2 ECTS – tækni

Lýsing

Í námskeiðinu er nemendum kynnt prentverkstæði skólans. Í fyrri hluta námskeiðsins er farið yfir grundvallaröryggisatriði við störf á prentverkstæði, auk þess sem nemendum er leiðbeint um verklag og umgengni við notkun stærri tækja og tóla. Einungis þeim nemendum sem lokið hafa fyrri hluta námskeiðsins um öryggismál er heimilt að nota prentverkstæðið. Í síðari hluta námskeiðsins kynnast nemendur ýmsum undirstöðuatriðum margvíslegra prentaðferða, m.a. aðferðum sem þeir nota við sjálfstæða vinnu. Nemendum eru kynntar hefðbundnar jafnt sem nýrri aðferðir í prenttækni. Áhersla er lögð á að þeir kynnist fjölbreyttum aðferðum og möguleikum í prenttækni, ásamt því að öðlast skilning á grundvallarreglum er varða öryggis- og heilsufarsþætti.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs ættu nemendur að:

- ▶ hafa tileinkað sér grunnfærni í tækni og vinnuaðferðum á prentverkstæði,
- ▶ geta beitt tækjum á prentverkstæði til að rökstyðja hugmyndir í vinnustofum,
- ▶ þekkja efnisfræði þeirra efna sem vinna má með í tækjum prentverkstæðis,
- ▶ geta umgengist viðeigandi tæki og efni með ábyrgum hætti,
- ▶ vera færir um að vinna sjálfstætt á prentverkstæði skólans.

Námsmat: Verkefni, ástundun og virkni

Umsjónarkennari: Jóhann L. Torfason

FAT201-10H Verk: Teikning og fatnaður

8 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Nemendur læra ýmsar teikni- og skissuaðferðir, bæði til hugmyndaþróunar og framsetningar. Fjallað er um framsetningu verka í mismunandi samhengi með tilgang verka í huga. Herrafatnaður er tekinn fyrir og vinna nemendur herralínu sem þeir kynna á yfirferð. Lögð er áhersla á persónulega sýn, fjölbreytni og bæði hvatvísi og agi æfð í vinnubrögðum eftir því sem við á en ávallt með framsækni í hugsun að leiðarljósi.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa aukna þekkingu á aðferðum við kynningu á hugmyndum sínum og verkum,
- ▶ hafa öðlast skilning á eigin sköpunarferli og mikilvægi þess að fylgja eigin innsæi,
- ▶ þekkja vel til helstu hönnuða karlmannafatnaðar,
- ▶ geta valið aðferðir við hæfi við þróun hugmynda,

- ▶ hafa tæknilega kunnáttu til að koma hugmyndum sínum til skila á viðeigandi hátt,
- ▶ vera vel á veg komnir með að þróa persónulegan teiknistíl,
- ▶ geta unnið í margvíslegu samhengi fyrir mismunandi markhópa,
- ▶ geta sett verkefni sín í hugmyndafræðilegt samhengi og rökstutt.

Námsmat: Vinnubók, teikningar unnar í vinnustofu og heima, ástundun, virkni og gæði verkefna, uppsetning og notkun rýmis á sýningu, fatalínu og framsetning á henni

Umsjónarkennari: Katrín María Káradóttir

Kennarar: Jette Corrine Jonkers, Dainius Bendikas og Hildur Björk Yeoman

VER107-02H Profusaumur og frágangur

2 ECTS – tækni

Lýsing

Nemendur leysa verkleg verkefni undir handleiðslu kennara. Unnið verður í profuformi og leitast við að kynnst sem flestum lausnum varðandi frágang á flíkum.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja helstu aðferðir við frágang á flíkum,
- ▶ hafa tileinkað sér tæknileg vinnubrögð við frágang á flíkum,
- ▶ hafi tamið sér og fjölbreytt vinnubrögð og áráðni í úrlausnum,
- ▶ geta notað viðeigandi tæknilegar aðferðir í eigin hönnunarverkefnum.

Námsmat: Verkefni, virkni og ástundun

Umsjónarkennari: Soffía Marteinsdóttir

HFR209-02H Efnismenning B

4 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu er fjallað um efnismenningu okkar daga. Hversdagsmenning samtímans er þá sérstaklega tekin til umfjöllunar út frá kenningum innan menningarfræði, heimspeki og þjóðfræði. Fjallað er um hvernig nota megir hugtök og fræðikenningar til að greina einstaka þætti í efnismenningu og þannig dýpka skilning okkar á áhrifaþáttum í okkar nánasta umhverfi sem eiga þátt í að móta hugmyndir okkar dags daglega. Áhersla er lögð á að tengja efni námskeiðsins við hönnun. Á námskeiðinu skoða nemendur samfélagsbreytingar síðustu aldar og áhrif þeirra á efnismenningu og hversdagslegan hugsunarhátt og virkni fólks í samfélagi síðnútímans. Þá meðal annars fjallað um síðnútímann, blæti, ofurraunveruleikann, tvíhyggju, óhrreinindi og hreinlæti, lík-

amann, neytlusamfélagið, útlit og yfirborð – og annað sem mótar okkar hversdagsumhverfi og hugmyndir okkar um það og hvert annað. Í síðari hluta námskeiðsins verður kafað dýpra í öll þessi hugtök og þau þá einnig sett í samhengi við sjálfsmynd, habitus og auðmagn.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ vera færir um að fjalla um efnismenningu samtímans á gagnrýninn hátt og setja einstaka þætti hennar í fræðilegt samhengi,
- ▶ hafa fengið innsýn í efnislega hversdagsmenningu,
- ▶ kunna skil á þeim fræðilegu hugtökum sem fjallað er um í námskeiðinu og geta nýtt þau til greiningar á efnismenningu samtímans,
- ▶ vera færir um að nýta fræðikenningar námskeiðsins í skrifuðum texta og setja þær í samhengi við eigin hugrenningar, rannsóknir og hönnun,
- ▶ vera færir um að nýta fræðikenningar námskeiðsins til að greina og fjalla um hönnun annarra hönnuða.

Námsmat: Tvær ritgerðir og próf

Umsjónarkennari: Bryndís Björgvinsdóttir

ANNAÐ ÁR HAUSTMISSERI – SKYLDA

FAT102-06H Faggrein I: Nýklassík og fataiðnaður

6 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Í námskeiðinu setja nemendur verk sín í samhengi við sögu fataiðnaðar og þróa leiðir til þess að vísa til hennar í hönnun sinni. Annars vegar er fjallað um þann fatnað sem telst klassískur nú á dögum sem kynntur er fyrir nemendum sem kafa svo sjálfir dýpra ofan í efnið. Sú rannsókn er svo notuð sem grunnur til stuðnings við þróun hugmynda og hönnunar á eigin fatalínu, út frá persónulegri sýn. Hins vegar taka nemendur þátt í fræðilegri rannsókn og afla gagna um fyrir-tæki í sögu íslensks fataiðnaðar og er áhersla lögð á að greina starfsemina og velgengni hennar.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja til sögu fyrirtækja í íslenskum fataiðnaði,
- ▶ þekkja sögu og helstu einkenni þess fatnaðar sem telst klassískur í dag,
- ▶ hafa víðtæka þekkingu á hugtökum greinarinnar,
- ▶ geta nýtt sér viðurkennd gagnasöfn og upplýsingalindir á fagsviði,
- ▶ geta beitt gagnrýnum aðferðum við greiningu viðfangsefna innan greinarinnar,

- ▶ vera færir um að nýta sér þekkingu sína á fatnaði til fræðilegra og listrænna starfa innan fatahönnunar,
- ▶ geta rökstutt skoðanir sínar og ákvarðanir á faglegum grunni og sett verk sín í sögulegt samhengi.

Námsmat: Verkefni, virkni og ástundun

Umsjónarkennari: Linda Björg Árnadóttir

Kennarar: Katrín María Káradóttir, Linda Björg Árnadóttir og Anna Dröfn Ágústsdóttir

VER201-02H Klæðskurður II

2 ECTS – tækni

Lýsing

Nemendur vinna jakka eftir eigin hönnun. Farið er yfir form, hlutföll og hreyfivídd. Nemendur efla meðvitund um hvaða form þeir eru að hanna og hvernig þeir ná því fram. Þeir læra að vinna flíkina upp í lérefit sem er svo leiðrétt og unnið með áfram þar til þeir hafa náð fram því formi sem lagt var upp með. Þeir læra fleiri útgáfur af ermum og kraga, læra að sníða og sauma fóður og farið er í helstu atriði varðandi jakkasaum og áhersla lögð á það sem ber að varast svo að heildarútlit verði sannfærandi.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs ættu nemendur að:

- ▶ hafa þróað og þroskað færni til að nota tækni klæðskurðar og sníðagerðar við hönnun fata,
- ▶ hafa aukið og eflt skilning og þekkingu á tækniaðferðum og notkunarmöguleikum tækja á saumaverkstæði,
- ▶ hafa öðlast meiri þekkingu á efnisfræði þeirra efna sem unnið er með við klæðskurð og saum.

Námsmat: Verkefni, ástundun og virkni

Umsjónarkennari: Soffía Dröfn Marteinsdóttir

FAT107-12H Faggrein II: Efni og framleiðsla

10 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Í námskeiðinu heldur nemandi áfram að glíma við hönnunarverkefni á ýmsum sviðum. Farið er í gerð mynstra, þar sem unnið er með grafík og litasamsetningar fyrir tiskufatnað sem svo er prentuð með fjölbreyttum hætti á mismunandi efni o.fl. Í síðasta hluta námskeiðsins kynnast nemendur ýmsum framleiðslu- og iðnfyrirtækjum í fataiðnaði. Lögð er áhersla á

fjölbreytta möguleika með kosti og galla við framleiðsluna í huga. Hugmyndir eru svo unnar fyrir framleiðsluferli, ásamt verk- og kostnaðaráætlun.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja til helstu aðferða við framleiðslu á fatnaði í heiminum í dag,
- ▶ þekkja eiginleika mismunandi aðferða við mynsturhönnun og prentun,
- ▶ geta beitt gagnrýnum aðferðum við greiningu á heppilegu framleiðsluferli fyrir fatnað og vita hvað hvað ber að hafa í huga við leit og val á hentugu framleiðslufyrirtæki,
- ▶ geta notað viðeigandi tækja-, tækni- og hugbúnað við mynsturgerð,
- ▶ geta prentað efni í nothæfan fatnað,
- ▶ geta hannað grafík á efni fyrir tiskufatnað og komið frá sér á nothæfan hátt,
- ▶ geta undirbúið teikningar og fylgiskjöl til framleiðslufyrirtækis og séð á faglegan hátt um samskipti við þau.

Námsmat: Þátttaka og virkni í tímum, verkefni og ástundun

Umsjónarkennari: Katrín María Káradóttir

Kennarar: Linda Björg Árnadóttir, Helga Pálína Brynjólfsdóttir, N.N. og erlendum gestakennari.

VER110-02H Tískuteikning

2 ECTS – tækni

Lýsing

Í þessu námskeiði sem er undirstöðunámskeið fá nemendur leiðsögn í tiskuteikningu. Nemendur skoða og ræða ýmsa ólíka teiknistíla, sem og aðferðir, tól og tæki til að þróa teiknistíla. Nemendum er kynntur listrænn þáttur tiskuteikningar og þeir hvattir til að gera eigin tilraunir og þróa þannig persónulegan teiknistíl. Verkefni eru rædd í vinnustofu og nemendum er leiðbeint í þróun teiknistíls. Nemendur vinna verkefni jafnt í tíma sem heima.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs ættu nemendur að:

- ▶ hafa þróað með sér persónulegan teiknistíl,
- ▶ hafa færni og þekkingu til að túlka í teikningu mismunandi efni og áferðir,
- ▶ hafa getu og færni í grunnþáttum línuteikningar fyrir fatahönnuði,
- ▶ hafa færni og tækni í að beita skyggingum í tiskuteikningum,
- ▶ hafa getu til að vinna sjálfstætt og skapandi í tiskuteikningum.

Námsmat: Sjálfstæð vinna og vinna í tímum, ástundun, virkni, þróun og gæði teikninga á námskeiðstíma

Umsjónarkennari: Hildur Björk Yeoman

VER212-02H Drapering I

2 ECTS – tækni

Lýsing

Nemendur læra að drapera, þ.e. vinna með léreft á gínu til að ná fram mismunandi formum. Gerðar eru æfingar sem hjálpa nemendum að auka skilning á sniðsaumum og formum og eiginleika efna.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs ættu nemendur að:

- ▶ hafa þróað og þroskað færni til að nota tækni klæðskurðar og sníðagerðar við hönnun fata,
- ▶ hafa aukið og eftt skilning á formum og notkunarmöguleikum sniðsauma til að ná fram mismunandi formum,
- ▶ hafa öðlast meiri þekkingu á efnisfræði þeirra efna sem unnið er með við klæðskurð og saum.

Námsmat: Verkefni, ástundun og virkni

Umsjónarkennari: Soffía Dröfn Marteinsdóttir

HFR203-02H Textíl og vefnaðarfræði

2 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu er rætt um helstu efnisflokka sem notaðir eru í textíliðnaði. Fjallað er um náttúruleg efni, hálgerviefni og gerviefni og eiginleikar hvers efnis greindir og skoðaðir. Einnig er rætt um helstu gerðir vefnaðar og notkun efna í fatnaði.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja og geta greint algengustu náttúrutrefjar og gervitrefjar,
- ▶ þekkja algengustu bindingar í ofinni og þrjónaðri vöð,
- ▶ geta valið efni er hæfir verkefnum þeirra hverju sinni.

Námsmat: Ástundun, virkni og verkefni

Umsjónarkennari: Katrín María Káradóttir

HFR207-04H Líkami, klæðnaður, samfélag

4 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu er fjallað um helstu kenningar í kynjafræði og mismunarrannsóknnum, eðlis-
hyggju og mótnarhyggju. Samhliða því er sjónum beint að líkama og klæðnaði. Rætt er
um áhrif líkamsvitundar, ímyndarsköpunar og klæðnaðar á stöðu kvenna og karla í ólíkum
menningarsamfélögum. Enn fremur er fjallað um valdasamspil og staðalmyndir í tengslum
við líkama og klæðnað.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ kunna skil á helstu kenningum kynjafræðinnar og geta beitt þeim við greiningu á ein-
stökum dæmum,
- ▶ vera færir um að tala og skrifa um hið kynjaða samspil samfélagsins, líkama og klæðnaðar
og geta stutt skoðanir sínar með fræðilegum rökum,
- ▶ geta beitt hugmyndum kynjafræðinnar með hagnýtum hætti í öllum viðfangsefnum
sínnum innan sinnar faggreinar.

Námsmat: Verkefnavinna

Umsjónarkennari: Ásta Jóhannsdóttir

BUNDIÐ VAL – 4 ECTS

Sjá sameiginleg valnámskeið

ANNAÐ ÁR

VORMISSERI – SKYLDA

ALL200-06H Together

6 ECTS – vinnustofa

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

SAT000-02S Samtal

2 ECTS – vinnustofa

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

HFR210-04H Hönnun og samfélag III

6 ECTS – fræði

Sjá sameiginleg skyldunámskeið.

VER222-02H Japönsk sniðagerð

2 ECTS – tækni

Lýsing

Markmið námskeiðsins er að kynna aðferðir sem liggja að baki nálgun japanskra listamanna á sviði sniðagerðar til að hanna og skapa fatnað. Fatnaðurinn tekur á sig ýmsar formmyndir og leikur á mörkum skúlptúra og fatnaðar. Stuðst er við tvívíða sniðagerð eins og við þekkjum hana en með ákveðinni tæknivinnu, formun og frjálsri sköpun á gínur er gengið lengra í að gefa fatnaðinum þrívíða vídd.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að hafa:

- ▶ öðlast skilning og þekkingu á því hvernig nota megi japanskar sniðaaðferðir til að hanna og skapa fatnað,
- ▶ leikni í að forma fatnað í þrívídd út frá tvívíðum léreftsrúnum,
- ▶ færni til að nýta sér skapandi sniðaaðferðir við mótun fatnaðar eftir eigin hugmyndum.

Námsmat: Verkefni 80%, virkni og ástundun 20%

Umsjónarkennari: Þórunn María Jónsdóttir

FAT201-10H Hönnun og áhrif: Tískusýning

8 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Í fyrri hluta námskeiðsins læra nemendur að nýta rannsóknaraðferðir til grundvallar hönnunarferli fatalínu og vinna beint í efni á gínu. Seinni hluti námskeiðsins snýst um að hanna og búa til fatnað til sýningar á tískusýningu á opinberum vettvangi. Í námskeiðinu er lögð mikil áhersla á að nemendur nálgist viðfangsefni á einstaklingsbundinn hátt.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast góðan skilning og innsæi í vinnuferli fatahönnuða,
- ▶ hafa skilning á því hvernig hægt er að vinna hugmyndir um form beint á gínu,
- ▶ vera meðvitaðir um áhrif eigin verka á umheiminn og öfugt,
- ▶ hafa kynnst og tileinkað sér verklag við rannsóknarvinnu með efnunum og sniðum,

- ▶ hafa fengið innsýn í skapandi sniðavinnu og geta nýtt sér hana við hönnun á fatnaði og fylgihlutum,
- ▶ geta sett saman fatalínu frá grunni fyrir tískusýningu og mætt tæknilegum úrlausnarmálum er fylgja því.

Námsmat: Ferli, fatalína, stílisering, framsetning, kynning, virkni og ástundun
 Umsjónarkennari: Katrín María Káradóttir
 Kennarar: Linda Björg Árnadóttir, Anna Clausen og Katrín María Káradóttir

VER214-02H Klæðskurður III

2 ECTS – tækni

Lýsing

Nemendur vinna buxnagrunn og fá einnig kennslu í flóknari sniðagerð og læra að máta til flíkur og færa leiðréttingar inn á sniðin. Þeim er kennt að vinna upp léreft úr flatri sniðagerð og máttun til að sjá hvernig snið eru löguð að mismunandi vaxtarlagi. Nemendur fá einnig æfingu í að færa breytingarnar inn á sniðin.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs ættu nemendur að:

- ▶ hafa þróað og þroskað færni til að nota tækni klæðskurðar og sniðagerðar við hönnun fata,
- ▶ hafa öðlast betri undirbúning til að vinna fatalínu lokaverkefni með tilliti til máttunar á léreftum og vinnslu á endanlegum sniðum,
- ▶ hafa öðlast meiri þekkingu á efnisfræði þeirra efna sem unnið er með við klæðskurð og saum.

Námsmat: Verkefni, virkni og ástundun
 Umsjónarkennari: Soffía Dröfn Marteinsdóttir

HFR216-02H Tískusaga

4 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu verður fjallað um þróun fatnaðar í Evrópu og í Bandaríkjunum fram til aldamótanna 1800. Fjallað verður um hvernig klæðnaður og klæðaburður tengist og mótast af tíðaranda og hvernig sögulegir atburðir og samfélagsþróun hefur áhrif á klæðaburð. Þá verður einnig litið til þróðunnar klæðaburðar á Íslandi frá iðnbyltingu og til okkar daga. Þá verður einnig litið til handverks, efnisnotkunar, litavals og aðferða og skoðað sérstaklega hvernig hið sögulega samhengi birtist í klæðnaði í dag og hvaða áhrif hnattvæðing og alþjóðlegur iðnaður hefur á fatnað og aðferðir í dag.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast þekkingu og skilning á þróun fatnaðar og klæðaburðar í Evrópu og í Bandaríkjunum fram til 1800 og geta gert grein fyrir henni,
- ▶ vera færir um að tjá sig um hvað einkenndi helstu tímabil í klæðnaði og tísku fram til 1800,
- ▶ geta fjallað um tísku og klæðaburð ákveðinna tímabila í faglegu samhengi og tengt einkenni hvers tímabils fyrir sig við tíðaranda og samfélagslegar breytingar,
- ▶ geta sett þróun klæðaburðar í Bandaríkjunum og Evrópu í samhengi við þróun klæðnaðar á Íslandi eftir iðnbyltingu,
- ▶ geta greint klæðnað á Íslandi í dag í sögulegu og alþjóðlegu samhengi,
- ▶ geta fjallað um áhrif hnattvæðingarinnar á útlit og gerð klæðnaðar á Íslandi í dag.

Námsmat: Verkefni

Umsjónarkennari: N.N.

Kennarar: N.N.

HFR107-02H Hönnunarmars

2 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu sækja nemendur viðburði og fyrirlestra Hönnunarmars til að kynna sér hönnun samtímans og umfjöllunina um hana. Þá verða nemendur að sækja fyrirlestra viðburðarins og sýningar Hönnunarmars. Áður en Hönnunarmars hefst sækja nemendur undirbúningsfyrirlestra. Námskeiðinu lýkur með samræðu nemenda þar sem þeir ræða um viðburðinn og þurfa nemendur þá að sýna að þeir geti bæði rætt og skrifað um samtímahönnun út frá eigin brjósti á áhugaverðan, fróðlegan og gagnrýninn hátt.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa hlotið þjálfun í að skoða framsetningu á samtímahönnun á Íslandi með gagnrýnum augum,
- ▶ hafa hlotið þjálfun í að skrifa og ræða um hönnun á uppbyggilegan, áhugaverðan og gagnrýninn hátt
- ▶ kunna skil á samtímahönnun á Íslandi eins og hún birtist á Hönnunarmars og vera færir um að setja hana í samhengi við hönnunarsögu, tíðaranda og/eða samfélagsþróun.

Námsmat: Dagbækur, fyrirlestrar og greinargerðir

Umsjónarkennari: Þórunn Árnadóttir

ÞRIÐJA ÁR

HAUSTMISSERI – SKYLDA

FAT301-12H Hönnun og samþætting: Fatahönnun

12 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Í námskeiðinu er lögð áhersla á að dýpka skilning og þekkingu nemenda á faginu með nokkrum verkefnum. Boðið er upp á leiðsögn frá erlendum gestakennara og þannig innsýn í nálgun listamanns/hönnuðar í störfum sínum og hún sett í samhengi við hönnun nemenda. Einnig vinna nemendur fatalína með starfandi fyrirtæki í huga. Þeir undirbúa og flytja kynningu á hönnun sinni fyrir fulltrúa fyrirtækis, sem velur til sigurs það verkefni sem best fellur að stíl og þörfum þess. Heimur Haute Couture er rannsakaður og önnur fatalína unnin í því samhengi með áherslu á sérstaka persónulega sýn og framsetningu.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eig nemendur að:

- ▶ hafa góða þekkingu á starfsumhverfi fatahönnuða á fjölbreyttum vettvangi,
- ▶ þekkja til margvíslegra leiða í uppbyggingu fatalína,
- ▶ hafa öðlast innsýn í mismunandi verkmenningu og listræn viðmið fyrirtækja innan fagsins,
- ▶ hafa getu til að takast á við óvænt og óvenjuleg verkefni,
- ▶ geta unnið hönnunarferli í fjölbreyttu samhengi og með ýmsum aðferðum,
- ▶ geta hagnýtt sér reynslu fagaðila og aðlagast viðhorfum og vinnulagi hans með opnum huga,
- ▶ geta aðlagast persónulega sýn sína að þörfum viðskiptavinar eða annarra sem nemandi á í samstarfi við.

Námsmat: Verkefni, framsetning, virkni og ástundun

Umsjónarkennari: Katrín María Káradóttir

Kennarar: Robert Cary-Williams, Katrín María Káradóttir, Hildur Björk Yeoman og N.N.

VER300-02H Drapering II

2 ECTS – tækni

Lýsing

Í námskeiðinu er nemendum kennt að auka við og styrkja þann grunn í saumaskap og draperingu sem lagður var í undanfara þess. Nemendur dýpka tækniþekkingu sína í draperingu og saumaskap með því að æfa sig í að setja léreft í pappír og með því að vinna með flóknari form og snið en á fyrra námskeiði.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs ættu nemendur að:

- ▶ hafa þróað og þroskað færni í saumaskap og draperingu og geta notað hana í framtíðinni við að þróa hugmyndir sínar og til útskýringar á þeim,
- ▶ hafa víkkað og eftt skilning og þekkingu á tækniáðferðum við saumaskap og draperingu,
- ▶ hafa öðlast meiri þekkingu á þeim áhöldum og eignum sem unnið er með við draperingu,
- ▶ hafa þróað með sér sjálfstætt verklag við saumaskap og draperingu með víðsýni og frumleika að leiðarljósi.

Námsmat: Verkefni, ástundun og virkni

Umsjónarkennari: Soffía Dröfn Marteinsdóttir

BAH300-00H Undirbúningur fyrir lokaritgerð

o ECTS – fræði

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

BAH300-06H Lokaritgerð

6 ECTS – fræði

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

FAT301-08H Rannsókn

6 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Í námskeiðinu gefst nemendum frekara tækifæri á að skerpa sína persónulega sýn á tísku. Unnin er rannsókn á ímyndum, stíl, stemningu og litum en einnig eru kannaðir sérstaklega möguleikar í textíl, áferðum, formum og annarri tækni. Sérstök áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og opinn huga fyrir hverju því sem hjálpar nemanda við að búa til og þróa sjónræna hugmynd til undirbúnings fyrir BA verkefni.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast innsæi og skilning á undirbúningsferli fyrir hönnun á fatalínu,
- ▶ geta unnið sjálfstætt og í samvinnu að uppbyggingu á sjónrænni hugmynd,
- ▶ hafa myndað sér skýra sýn á eigin hönnunarferli og annarra,
- ▶ geta nýtt sér þá tækni og þekkingu sem í boði er við þróun verka, innan skólans sem utan,
- ▶ hafa ræktað ímyndunarafl sitt til sjálfstæðrar sköpunar og geta nýtt sér það í eigin verkum.

Námsmat: Verkefni, virkni og ástundun
Umsjónarkennari: Katrín María Káradóttir
Kennarar: Anne Clausen, Sigríður M Sigurjónsdóttir og Katrín María Káradóttir

VAL – 2-4 ECTS

Sjá sameiginlega valnámskeið

ÞRIÐJA ÁR VORMISSERI – SKYLDA

ALL303-02H Portfolio

2 ECTS – vinnustofa

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

HFR303-04H Hönnun og samfélag IV

4 ECTS – fræði

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

HFR306-02H Útskriftarverkefni- greining

2 ECTS – fræði

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

Bryndís Björgvinsdóttir

Kennarar: N.N.

ALL304-02H Úrvinnsla

2 ECTS – vinnustofa

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

FAT300-14H Útskriftarverkefni: Fatahönnun

14 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Í útskriftarverkefni eiga nemendur að vinna fatalínu þar sem allir þættir fatahönnunar koma saman, allt frá rannsókn til fullgerðrar fatalínu, framsetning hennar og greinargerð. Nemendur hanna og fullgera línu af tískufatnaði og fylgihlutum ef vill. Mikil áhersla er lögð á að nemendur komi sinni persónulegu sýn á tísku og framtíð í raunverulegar flíkur. Línan er sýnd á módelum á tískusýningu og seinna á útskriftarsýningu. Markmið með lokaverkefni er að nemandi sýni fram á þekkingu og hæfni til að skila af sér heilsteyptu verki þar sem tekist er á við alla þætti fatahönnunar, frá mótun hugmynda til framsetningar á tillögu. Nemendur vinna einstaklingsverkefni undir handleiðslu leiðbeinenda og þróa með sér persónulega sýn á því viðfangsefni sem þeir velja sér.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja mismunandi þætti er snúa að umsýslu stærri verkefna,
- ▶ þekkja vel kenningar, hugtök, aðferðir og starfsumhverfi fatahönnunar,
- ▶ búa yfir tækni og færni til að vinna sjálfstætt og skipulega að viðfangsefnum sínum innan fagsins,
- ▶ hafa tileinkað sér víðsýni og frumleika í hugsun,
- ▶ geta hannað og skipulagt framkvæmd við gerð fatalínu, fylgt áætlunum og sýnt af sér sjálfstæði í vinnubrögðum,
- ▶ geta unnið náðið með öðrum við framkvæmd á flóknum útfærslum,
- ▶ vera færir um að túlka og miðla hugmyndum sínum, viðfangsefnum og niðurstöðum með skýrum hætti í rituðu og mæltu máli,
- ▶ hafa þróað með sér sjálfstæð vinnubrögð til frekara náms og starfa,
- ▶ geta sýnt fram á þekkingu og hæfni til að skila skýrt afmörkuðu lokaverkefni sem tekur á flestum þáttum námsins.

Námsmat: Ferli, skipulag, sjálfstæði, verkefni, framsetning og ástundun

Umsjónarkennari: Katrín María Káradóttir

Kennarar: N.N.

VAL – 2-4 ECTS

VER228-02H Silkiþrykk

2 ECTS – tækni

Lýsing

Í námskeiðinu eru grunnaðferðir silkiþrykks kenndar með áherslu á tvö verkefni:

1. Einlitt þrykk á tau með Plastisol litum, þrykktt beint á efnið og með „transfer“. Nemendur komi með efni að eigin vali til að þrykkja á.
2. Marglaga myndefni þrykktt á pappír með vatnslitum. Farið yfir undirbúning ramma, gerð rasta, myndefni skipt upp í lög (layers) og/eða fjórlit (CMYK). Þrykktt upplag (amk. jafnt nemendafjölda) í bókverk.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að hafa:

- ▶ öðlast skilning og þekkingu á tækjum sem notuð eru við silkiþrykk og virkni þeirra,
- ▶ hæfni til að beita tækni silkiþrykks til að rökstyðja hugmyndir í vinnustofum,
- ▶ öðlast þekkingu á efnisfræði þeirra efna sem vinna má með í silkiþrykki.

Námsmat: Virkni og ástundun

Umsjónarkennari: Jóhann Lúðvík Torfason

VER208-02H Bókagerð

2 ECTS – tækni

Lýsing

Kennd verður fjölbreytt tækni við bókagerð og samhengi hennar við framsetningu hugmynda. Nemendur læra grunnaðferðir við bókband og bókagerð með það að markmiði að þeir geti rannsakað bækur í sem fjölbreyttustu samhengi og átti sig á hvaða möguleikar felast í notkun bóka-gerðar. Nemendur gera stutta og óformlega athugun á bókum og hvað hefur verið gert í heimi bókkanna sem heillar þá. Rætt er um val á pappír og skoðaðir mismunandi eiginleikar hans.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að hafa:

- ▶ þróað með sér færni til að nota bókagerð sem aðferð við framsetningu efnis og beita henni til að þróa og útskýra hugmyndir sínar,
- ▶ öðlast þekkingu og skilningu á bókagerð sem verkfæri,
- ▶ þróað sjálfstætt verklag við prentun bóka með víðsýni og frumleika að leiðarljósi.

Námsmat: Verkefni, ástundun og virkni

Umsjónarkennari: Birna Geirfinnsdóttir

VER240-02H Introduction to the Black and White Darkroom

2 ECTS – tækni

Námskeiðið er kennt á ensku

Description

Students will be given instruction in the fundamentals of working in a classical film darkroom environment. Subjects covered include film selection, development, contact and enlargement printing and finishing. Since this will be a technical course, students will be responsible for purchasing their own film and paper and will have the opportunity to experiment with different techniques of black and white photo processing.

Learning outcomes

At the end of the course students should:

- ▶ have an understanding of various techniques used when working with film in a black and white or color darkroom,
- ▶ have a working knowledge of the equipment used for the above,
- ▶ be able to connect technical skills in film photography and darkroom work with their own projects.

Assessment: Attendance and participation

Supervisor: Eric Wolf

VER231-02H Editorial Photography/Composition for Magazines

2 ECTS – tækni

Námskeiðið er kennt á ensku

Description

Basic and advanced photographic composition techniques will be discussed and analyzed through practice and application. Students will work alone and in small groups to carry out photo assignments which will result in a PDF/web magazine to be published at the end of the term. The subject and content of the magazine will reflect current life at LHÍ.

Learning outcomes

At the end of the course students should:

- ▶ have a basic understanding of the necessary skills to complete a photographic assignment in a realistic, time-sensitive environment and produce quality material for as wide an audience as possible.

Assessment: Attendance, assignments and final work product

Supervisor: Eric Wolf

HFR107-02H Hönnunarmars

2 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu sækja nemendur viðburði og fyrirlestra Hönnunarmars til að kynna sér hönnun samtímans og umfjöllunina um hana. Þá verða nemendur að sækja fyrirlestra viðburðarins og sýningar Hönnunarmars. Áður en Hönnunarmars hefst sækja nemendur undirbúningsfyrirlestra. Námskeiðinu lýkur með samræðu nemenda þar sem þeir ræða um viðburðinn og þurfa nemendur þá að sýna að þeir geti bæði rætt og skrifað um samtímahönnun út frá eigin brjósti á áhugaverðan, fróðlegan og gagnrýninn hátt.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa hlotið þjálfun í að skoða framsetningu á samtímahönnun á Íslandi með gagnrýnum augum,
- ▶ hafa hlotið þjálfun í að skrifa og ræða um hönnun á uppbyggilegan, áhugaverðan og gagnrýninn hátt
- ▶ kunna skil á samtímahönnun á Íslandi eins og hún birtist á Hönnunarmars og vera færir um að setja hana í samhengi við hönnunarsögu, tíðaranda og/eða samfélagsþróun.

Námsmat: Dagbækur, fyrirlestrar og greinargerðir

Umsjónarkennari: Þórunn Árnadóttir

GRAFÍSK HÖNNUN

Grafísk hönnun er samþætting myndmáls og tungumáls með það fyrir augum að miðla upplýsingum, auka áhrif skilaboða, auka skilning og vekja áhuga fólks. Við Listaháskóla Íslands hefur kennsla grafískrar hönnunar miðað að því að efla fagið ásamt því að hvetja nemendur til þess að láta sig umhverfið og samfélagið varða – og horfa til framtíðar. Áhersla er lögð á að gefa nemendum sem víðasta sýn á fagið með fjölbreyttum námskeiðum þar sem leitast er við að skapa sem flesta snertifleti við margvíslega þætti grafískrar hönnunar. Nemendur kynnast starfandi hönnuðum til að efla tengsl við fagumhverfið, en starfandi hönnuðir sinna margir hverjir starfi stundakennara og fastráðinna starfsmanna við skólann. Þær breytingar og þróun sem eiga sér stað eru settar í samhengi við námið til þess að auka meðvitund nemenda sem hönnuða og þátttakenda í síbreytilegu samfélagi.

FYRSTA ÁR

Í vinnustofu á fyrsta ári eru grunnþættir grafískrar hönnunar kynntir ásamt hönnunarferlum og aðferðum. Nemendur eru kynntir fyrir rannsóknaraðferðum og mikilvægi samhengis í vinnu sinni, eins hvernig þeir rökstyðja verk sín og hugmyndir. Mikil áhersla er lögð á letur og fínvinnu með letur, merkjafræði og hvaða áhrif grafískir hönnuðir geta haft í stærra samhengi. Nemendur fá kynningu á þeim verkstæðum sem þeir geta nýtt sér á meðan námi þeirra stendur. Einnig fá þeir kynningu á þeim grunnforritum sem grafískir hönnuðir nýta sér. Í sameiginlegum námskeiðum með öðrum hönnunarnemendum er fjallað um hugmyndafræði og hönnunarsögu, menningarfræði og efnismenningu. Þá er áhersla lögð á mikilvægi akademískra vinnubragða. Einnig er farið sérstaklega yfir sögu grafískrar hönnunar.

Hæfniviðmið

Að loknu fyrsta ári eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast færni í að meðhöndla letur fyrir mismunandi miðla,
- ▶ hafa þróað færni í að rökstyðja vinnu sína,
- ▶ hafa kynnst grunnforritum sem nýtast við grafíska hönnun,
- ▶ hafa grunnþekkingu á myndmáli og merkingu tákna,
- ▶ hafa tileinkað sér aðferðir við hugmynda- og skissuvinnu.

ANNAÐ ÁR

Áhersla að hausti er að kynna nemendum fyrir fagumhverfi grafískra hönnuða, sér í lagi hvað við kemur mörkun, heildarútliti og upplýsingahönnun. Nemendur eru kynntir fyrir mismunandi tæknimöguleikum við miðlun upplýsinga. Á vorönn er lögð áhersla á samfélagsleg áhrif hönnunar og þverfagleg vinnubrögð ásamt hópavinnu þar sem unnið er að verkefnum sem stuðla að því að hafa áhrif í stærra samhengi. Nemendur fá grunnkennslu í vefsmíði og kynningu á notkun örtölva í grafískri hönnun. Lögð er áhersla á þverfaglega vinnu og að nemendur kynnist mismunandi tækni og þeim möguleikum sem henni fylgir. Farið er yfir sögu grafískrar hönnunar og prentleturs, lögð áhersla á samfélag, sjálfbærni og umhverfismál sem og áhrif myndmáls.

Hæfniviðmið

Að loknu öðru ári eiga nemendur að;

- ▶ hafa grunnþekkingu á mörkun og færni í að beita mismunandi aðferðum við mörkun,
- ▶ hafa grunnþekkingu á mismunandi tæknimöguleikum og forritun,
- ▶ hafa þekkingu á lettri í sögulegu samhengi,
- ▶ vera færir um að skapa myndverk í eigin stíl út frá rannsóknnum.

ÞRIÐJA ÁR

Mikil áhersla er lögð á raunveruleg verkefni. Nemendur vinna að smærri og stærri hönnunar- og rannsóknarverkefnum ásamt því að annast útgáfu tímarits. Nemendur vinna að framsetningu eigin verka út á við. Í útskriftarverki sýna nemendur fram á þekkingu og hæfni til að skila frá sér heilsteyptu verki þar sem tekist er á við alla þætti grafískrar hönnunar frá hugmynd að fullunnu verki. Mikil áhersla er lögð á akademísk vinnubrögð og nemendur vinna að BA ritgerð innan sviðs grafískrar hönnunar. Lögð er áhersla á starfsumhverfi hönnuða og skrásetningu hönnunarferlisins.

Hæfniviðmið

Að loknu þriðja ári eiga nemendur að:

- ▶ vera færir um að miðla eigin hugmyndum og verkefnum fræðilega og tæknilega,
- ▶ hafa þekkingu á starfsumhverfi hönnuða,
- ▶ vera færir um að vinna fjölbreytt verkefni tengd grafískri hönnun,
- ▶ vera færir um að tileinka sér vísðsýni og frumleika í hugsun,
- ▶ þekkja mismunandi þætti er snúa að umsýslu stærri verkefna,
- ▶ geta rökstutt ákvarðanir á faglegum grunni.

FYRSTA ÁR

HAUSTMISSERI – SKYLDA

ALL111-06H Kynning

6 ECTS – vinnustofa

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

HFR130-02H Kynning -fræðiskrif

2 ECTS – fræði

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

INTR101-0H Kynning á verkstæðum í Laugarnesi

0 ECTS – tækni

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

INT102-02H Kynning á verkstæðum í Þverholti

o ECTS – tækni

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

HFR101-06H Hönnun og samfélag II

6 ECTS – fræði

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

VER100-02H Kynningarnámskeið á prentverkstæði

2 ECTS – tækni

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

GRA101-10H Grafísk hönnun og aðferðarfræði

10 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Í námskeiðinu eru nemendum kynnt helstu hugtök og aðferðir leturfræði, flokkun leturs, byggingu og formgerð. Í fyrri hluta eru kenndar aðferðir módernisma um ferli og rökréttar niðurstöður við myndbyggingu með letri (e. type composition). Nemendur fá markvissa þjálfun og gera tilraunir með letur sem myndmál og vinna að myndbyggingu með letri. Fjallað verður um flokkun leturs, byggingu og formgerð, farið yfir skipulagningu texta og hlutverk leturs sem boðmiðils.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa kynnst hugmyndafræði módernisma í viðum skilningi,
- ▶ þekkja grunnhugtök leturfræði (e. typography), helstu leturflokka og hafa kynnt sér formræna uppbyggingu erkitýpískra leturgerða,
- ▶ hafa vald á uppsetningu leturs í samfelldum texta og geta einnig beitt því sem myndrænum formum,
- ▶ kunna skil á og geta beitt greinarmerkjasetningu í íslensku og ensku,
- ▶ hafa tileinkað sér vinnubrögð í grafískri hönnun sem byggja á rannsókn, vinnuferli og rökréttari niðurstöðu,
- ▶ hafa getu til að sýna verk sín og vinnuferli á skipulegan og rökréttan hátt,
- ▶ geta tjáð sig af öryggi um leturfræði og formfræði leturs, mynda og flatar.

Námsmat: Þátttaka og virkni í tímum, verkefni, vinnubók og ástundun

Umsjónarkennari: Atli Hilmarsson

Kennari: Atli Hilmarsson

VER101-02H Forritin öll

2 ECTS – tækni

Lýsing

Megináhersla er lögð á að nemendur læri að nota Adobe Illustrator og InDesign og meðferð þeirra í tengslum við notkun Adobe Photoshop-forrítisins sem áhalds til að miðla hugmyndum og upplýsingum. Námskeiðinu er ætlað að koma byrjendum vel af stað með að nota forritin, skilja þau og hagnýta sér helstu tól og tæki þeirra. Nemendur læra að nota forritin til einfaldrar uppsetningarvinnu, einkum til að koma til skila eigin verkum og við gerð möppu (portfolio). Í námskeiðinu öðlast nemendur þjálfun og færni í að nota forritin til að efla með sér skilning og þekkingu á framsetningaraðferðum í tölvu. Þeir þróa færni sína í notkun forritanna sem gerir þeim kleift að gera hugmyndir sínar skiljanlegri.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa þekkingu og skilning á aðferðum sem helstu framsetningartölvuforrit bjóða upp á,
- ▶ hafa tileinkað sér þekkingu á sambandi hönnunar og framsetningarforrita,
- ▶ hafa færni til að leggja sjálfstætt mat á framsetningaraðferðir og geta miðlað hugmyndum sínum og kunnáttu við hugmyndahönnun með framsetningarforriti,
- ▶ hafa þróað með sér sjálfstætt verklag með framsetningarforrit sem verkfæri, með viðsýni og frumleika að leiðarljósi.

Námsmat: Verkefni í tíma, virkni og ástundun

Umsjónarkennari: N.N.

VER211-02H Ljósmyndun I

2 ECTS – tækni

Námskeiðið er kennt á ensku

Lýsing

Á námskeiðinu eru grunntækniatriði stafrænna ljósmyndavéla kynnt og kynntar ólíkar aðferðir til að beita þeim. Nemendur fá innsýn í þróun stafrænnar ljósmyndunar og kynningu á dæmum (ljósmyndum og ljósmyndurum), bæði hefðbundnum og óhefðbundnum. Nemendur fá leiðsögn í notkun stafrænnar skjalavistunar ljósmynda, vistun skráa í ólíkum sniðum ásamt því að kynna mismunandi notkunarmöguleikum þeirra. Loks er nemendum leiðbeint í notkun ljósmyndaværs skólans, umgengni, tæknigrunn og notkunarmöguleika.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að hafa:

- ▶ öðlast skilning og þekkingu á grunnatriðum myndavéla, virkni þeirra og stillingarmöguleikum,

- ▶ öðlast færni og leikni í að beita þekkingu sinni til að geta beitt ljósmyndun sem framsetningarmiðils á verkefnum,
- ▶ þekkingu og leikni í notkun ljósmæla og linsa fyrir mismunandi aðstæður,
- ▶ þekkja og geta beitt hæfni við stafrænar uppstillingar á myndavélum og þekkja mismunandi skráasnið sem ljósmyndir eru vistaðar á í tölvum.

Námsmat: Mappa, ástundun og virkni

Umsjónarkennari: Eric Wolf

VER208-02H Bókagerð

2 ECTS – tækni

Lýsing

Kennd verður fjölbreytt tækni við bókagerð og samhengi hennar við framsetningu hugmynda. Nemendur læra grunnaðferðir við bókband og bókagerð með það að markmiði að þeir geti rannsakað bækur í sem fjölbreyttustu samhengi og átti sig á hvaða möguleikar felast í notkun bókagerðar. Nemendur gera stutta og óformlega athugun á bókum og hvað hefur verið gert í heimi bókanna sem heillar þá. Rætt er um val á pappír og skoðaðir mismunandi eiginleikar hans.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að hafa:

- ▶ þróað með sér færni til að nota bókagerð sem aðferð við framsetningu efnis og beita henni til að þróa og útskýra hugmyndir sínar,
- ▶ öðlast þekkingu og skilning á bókagerð sem verkfæri,
- ▶ þróað sjálfstætt verklag við prentun bóka með vísýni og frumleika að leiðarljósi.

Námsmat: Verkefni, ástundun og virkni

Umsjónarkennari: Birna Geirfinnsdóttir

FYRSTA ÁR

VORMISSERI – SKYLDA

HFR110-08H Hönnun og samfélag I

8 ECTS – fræði

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

GRA100-08H Hönnunarferli: Grafísk hönnun

8 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Lögð er áhersla á að nemendur tileinki sér aðferðir við miðlun á texta. Nemendur eru kynntir fyrir heimi bókahönnunar og fyrir öðrum miðlunarleiðum á texta og myndmáli. Nemendur vinna með ýmsar leiðir í framsetningu og miðlun á efni og hvernig hægt er að vinna áfram með miðlun efnis og upplýsinga með aðstoð nútímatækni. Fjallað er um grunnþætti merkjafræði og nemendur læra um gerð og tilgang merkja og hvernig megi koma tilvísunum fyrir í einföldu myndmáli með letri og/eða mynd. Lögð er áhersla á myndmál og formfræði, tæknilegar útfærslur og handbragð.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja hefðir, mismunandi hugmyndafræði og hugtök tengd bóka- og merkjahönnun,
- ▶ hafa tileinkað sér helstu tækni við bókahönnun og miðlun,
- ▶ geta tjáð sig af öryggi um bókahönnun og tilgang hennar,
- ▶ geta tjáð sig af öryggi um myndmál merkja,
- ▶ hafa tileinkað sér vinnubrögð í hönnun merkja sem byggjast á hugmyndavinnu og skissugerð,
- ▶ hafa skilning og vald á einföldum formum,
- ▶ hafa tileinkað sér vinnubrögð í bókahönnun sem byggist á rannsókn, vinnuferli og rök-réttri niðurstöðu til miðlunar inntaks,
- ▶ hafa getu til að sýna verk sín og vinnuferli á skipulagðan og rökréttan hátt.

Námsmat: Þátttaka, ástundun og verkefnavinna

Umsjónarkennari: Lóa Auðunsdóttir

Kennarar: Ármann Agnarsson, Sigurður Einar Gylfason

VER111-02H – Rafbækur og rafræn miðlun

2 ECTS – tækni

Lýsing

Nemendur skoða aðferðir til að miðla efni og inntaki með hjálp nútímatækni.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs ættu nemendur að:

- ▶ geta notað viðeigandi tækja-, tækni- og hugbúnað til rafrænnar miðlunar,
- ▶ hafa skilning á tilgangi miðlunar og þætti tilvonandi notenda,
- ▶ hafa getu og færni til að ræða miðlun og möguleika á skipulegan og rökréttan hátt,
- ▶ geta beitt gagnrýnum aðferðum við greiningu viðfangsefna,
- ▶ geta rökstutt ákvarðanir á faglegum grunni,
- ▶ geta lagt sjálfstætt mat á aðferðir sem nýttar eru.

Námsmat: Viðvera, ástundun, verkefnaskil og vinnubók

Umsjónarkennari: N.N.

VER108-02H Myndvinnsla, litafraedi og litstýring

2 ECTS – tækni

Lýsing

Kynnt eru grunnatriði í notkun á forritum Adobe Illustrator, InDesign og notkun þeirra í tengslum við Adobe Photoshop ásamt tæknilegum forsendum ólíkra miðla og framleiðsluaðferða.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs ættu nemendur að:

- ▶ hafa tileinkað sér grunnþekkingu á helstu forritum grafískra hönnuða (Adobe CSS),
- ▶ hafa skilning á tæknilegum forsendum ólíkra miðla og framleiðsluaðferða,
- ▶ hafa færni í að tileinka sér ný forrit af sama meiði og að sækja sér viðbótar þekkingu.

Námsmat: Verkefni

Umsjónarkennari: N.N.

GRA101-08H Verk: Útópía og alkemía

8 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Tilgangur er að sjá samhengi samtímans við miðaldir í merkingunni ferðalagið inn á við. Tímabilið frá endurreisn til endaloka móðernismans var einkum fólgið í rannsóknum og kortlagningu á ytri verkuleika. Þetta námskeið snýst hins vegar um innri veruleika og sköpunarferlið. Svæði táknmynda, líkingamáls og dulkóðunar er tekið fyrir og skilgreint og sett í samhengi við persónuleg og samfélagsleg viðfangsefni. Verkefni eru unnin fyrir opnum tjöldum og sýnd/framkvæmd á almennum vettvangi. Leitast er við að hafa áhrif á samfélagið þar sem verkfæri sjónrænnar miðlunar eru nýtt.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ geta tjáð persónulega sýn og miðlað henni á sjálfstæðan hátt, byggt á innsæi og skilningi á nánasta umhverfi og eigin hugarheimi,
- ▶ hafa eftt með sér víðsýni og gagnrýna hugsun og geta dregið saman aðalatriði,
- ▶ vera færir um að setja verkefni í sögulegt og hugmyndafræðilegt samhengi og geta tjáð skoðun með verkum sínum,
- ▶ geta lagt sjálfstætt mat á aðferðir sem nýttar eru, og hæfni til að beita aðferðum, tækjum og tólum sem hæfa viðfangsefninu,
- ▶ geta undirbúið sýningu/framsetningu á verkum sínum og mótað heildarmynd hennar í samstarfi,
- ▶ sýna færni í skapandi úrlausn og geta miðlað inntaki á beinskeyttan og markvissan hátt.

Námsmat: Verkefni, umræður, framsetning, virkni og ástundun

Umsjónarkennari: Lóa Auðunsdóttir

Kennarar: Þorvaldur Óttar Guðlaugsson

HFR111-02H Efnismenning A

2 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu er efnisleg hversdagsmenning tekin til umfjöllunar. Gefið er yfirlit yfir þetta þverfaglega rannsóknarsvið og rýnt í dæmi, bæði nýleg og eldri, hérlendis frá og erlendis. Fjallað er um mismunandi sýn á rusl og hreinlæti, matarhætti og hlutina í kringum okkur í okkar daglega lífi, handverk, neyslumeningu og menningararf. Um leið kynnast nemendur ýmsum kenningum af mismunandi fræðasviðum sem allar tengjast efnismenningu á einn eða annan hátt, sem leggja m.a. áherslu á upplifanir, sjónarhorn, framsetningu, rými, tíma og stað.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa fengið innsýn í efnislega hversdagsmenningu,
- ▶ kunna skil á ólíkum sviðum efnismenningar,
- ▶ hafa kynnst nálgunum ólíkra sjónarhorna á hið þverfaglega svið efnismenningar,
- ▶ kunna skil á þeim fræðilegu hugtökum sem fjallað er um í námskeiðinu og geta nýtt þau til greiningar á efnismenningu,
- ▶ vera færir um að nýta fræðikenningar námskeiðsins í skrifuðum texta og setja þær í samhengi við eigin hugrenningar, rannsóknir og hönnun,
- ▶ vera færir um að túlka einstaka hluti og þætti efnismenningar sem heimildir um tiltekin samfélög.

Námsmat: Stutt ritgerð og próf

Umsjónarkennari: Bryndís Björgvinsdóttir

HFR-103 02H Myndmál og stjórnmál

2 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu er fjallað um tengsl myndmáls og stjórn mála. Skoðað er hvernig myndmál hefur verið notað í pólitískum tilgangi á 20. öld og fram á okkar daga. Áhersla verður lögð á að greina hvernig myndmál er notað með tilliti til táknmynda og uppruna þeirra, myndbyggingar, litanotkunar og leturvals. Myndmál og áróðursefni sem tengist nasistatímanum í Þýskalandi, kommúnismanum í Austur-Þýskalandi, Sovétríkjunum og Kína verður skoðað sérstaklega. Þá verður myndmál búsaðaldabyltingarinnar skoðað og sett í samhengi við annað pólitískt myndmál.

Hæfnisviðmið

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- ▶ geta fjallað og greint pólitískt myndmál út frá sjónrænum og sögulegum þáttum,
- ▶ geta greint á milli mismunandi táknmynda og borið kennsl á þær í sjónmenningu 20. aldar,
- ▶ geta útskýrt myndbyggingu, lita- og leturval tiltekins pólitísks myndmáls og rætt um ástæður og tilgang þess.

Námsmat: Verkefni

Umsjónarkennari: Guðmundur Oddur Magnússon

ANNAÐ ÁR

HAUSTMISSERI – SKYLDA

GRA206-06H Faggrein I: Mörkun

6 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Í námskeiðinu er fjallað um tvö af undirstöðuatriðum auglýsingagerðar; hugmyndavinnu og mörkun (e. branding). Farið verður náið yfir ferli hugmyndavinnu og tæki og tól kynnt til sögunnar. Þá verður fjallað um viðfangsefni mörkunar og samband marks (e. brand) við samfélag og umhverfi. Nemendur skapa eða endurskapa mark og ná þannig færni í að skoða sérstöðu þess, staðsetningu á markaði og lofordið sem það felur í sér. Helstu aðferðir og kenningar eru kynntar til sögunnar (m.a. með dæmum um auglýsingar, herferðir og mörkun) og nemendur tileinka sér þær á persónulegan og skapandi hátt.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast þekkingu á og færni til að nota ýmis tæki og tól greinarinnar í hugmyndavinnu,
- ▶ geta gert grein fyrir hugmyndum á frumstigi, kynnt hana og unnið úr henni á skipulegan hátt,
- ▶ hafa tileinkað sér færni í umræðu um hugmyndir og samhengi þeirra við umhverfi, samfélag og siðfræði greinarinnar,
- ▶ búa yfir færni til að greina mörkunarkerfni, miðla sérstöðu, leiða verkefni og þekkja þau lögmál sem mörkunarkerfni byggist á,
- ▶ geta unnið sjálfstætt og skipulega að viðfangsefnum,
- ▶ geta beitt gagnrýnum aðferðum við að greina viðfangsefni og geta rökstutt ákvarðanir á faglegum grunni.

Námsmat: Hóp- og einstaklingsverkefni, þátttaka í umræðum, vinnubók

Umsjónarkennari: Stefán Snær Grétarsson

Kennarar: Þorvaldur Sverrisson og Ásmundur Þórðarson

HFR207-04H Líkami, klæðnaður, samfélag

4 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu er fjallað um helstu kenningar í kynjafræði og mismunarrannsóknum, eðlis-
hyggju og mótnarhyggju. Samhliða því er sjónum beint að líkama og klæðnaði. Rætt er
um áhrif líkamsvitundar, ímyndarsköpunar og klæðnaðar á stöðu kvenna og karla í ólíkum
menningarsamfélögum. Enn fremur er fjallað um valdasamspil og staðalmyndir í tengslum
við líkama og klæðnað.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ kunna skil á helstu kenningum kynjafræðinnar og geta beitt þeim við greiningu á ein-
stökum dæmum,
- ▶ vera færir um að tala og skrifa um hið kynjaða samspil samfélagsins, líkama og klæðnaðar
og geta stutt skoðanir sínar með fræðilegum rökum,
- ▶ geta beitt hugmyndum kynjafræðinnar með hagnýtum hætti í öllum viðfangsefnum
sínnum innan sinnar faggreinar.

Námsmat: Verkefnavinna

Umsjónarkennari: Ásta Jóhannsdóttir

HFR234-02H Frá hugmynd og hönnun á markað

2 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu er fjallað um störf hönnuða á auglýsingastofum og við aðra markaðsmiðaða
vinnu. Rætt er um samskipti og samstarf við aðrar starfsstéttir og fagaðila í þessu samhengi.
Þá er fjallað sérstaklega um mörkun og hlutverk mörkunar í markaðssetningu auk þess sem
hugað er að markaðsrannsóknum og notkun auglýsinga í ólíkum miðlum.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja og skilja þau ferli sem notuð eru við markaðssetningu og auglýsingagerð,
- ▶ geta greint frá helstu kenningum og hugtökum í markaðsfræði og auglýsingafræðum,
- ▶ geta unnið markvisst að auglýsingagerð og markaðssetningu með ákveðna markhópa og
birtingaleiðir í huga.

Námsmat: Skrifleg verkefni

Umsjónarkennarar: Þorvaldur Sverrisson og Ásmundur Þórðarson

GRA201-10H Faggrein II: Tækni og upplýsingar

10 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Í námskeiðinu er fjallað um gagnvirkni (e. interactivity), rauntímaupplýsingar (e. real time information) og margskyns tæknimöguleikar skoðaðir, s.s. forritun og notkun skynjara, í þeim tilgangi að hafa áhrif á hönnunarferli og hönnunarverk. Kynntir eru grunnþættir upplýsingahönnunar, skoðuð dæmi og nemendur tileinka sér röksemdarfærslu þegar kemur að ákvörðunartöku í úrlausn verkefna.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa skilning á grunnþáttum í forritun og geta gert grein fyrir möguleikum sem þeir þættir bjóða upp á,
- ▶ þekkja tilgang og hugmyndafræði upplýsingahönnunar,
- ▶ geta fjallað á gagnrýninn hátt um áhrif þeirrar tækni sem tekin er fyrir í námskeiðinu,
- ▶ hafa tileinkað sér vinnubrögð upplýsingahönnunar, sem byggja á rannsókn, vinnuferli og rökstuddri niðurstöðu,
- ▶ vera færir um að nýta möguleika þeirrar tækni sem kynnt er í námskeiðinu til þess að skapa eigið hönnunarverk,
- ▶ hafa öðlast færni til að sýna verk sín og vinnuferli á skipulegan og rökréttan hátt.

Námsmat: Þátttaka, verkefni, vinnubók og ástundun

Umsjónarkennari: Lóa Auðunsdóttir

Kennarar: Sam Rees, Hörður Lárússon og N.N.

HFR300-02H Galdrar og tákni

2 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu er fjallað bæði um merkingu einstakra tákna og merkingu heildar. Þá verður litið sérstaklega til þess hvernig merking er búin til og hvernig skilningur okkar er – það er að segja, hvernig við skiljum tákni. Litið verður til kenninga innan málvísinda og kenninga um hvernig orð og hlutir öðlast merkingu. Þá verður tákni fræði sett í samhengi við galdra og myndmál. Litið verður til galdra og alkemíu í menningarsögu Vesturlanda og fjallað er um tákni rænt eðli galdra og notkun alkemíu fyrir á tímum og í dag. Fjallað er um galdra í þjóðsögum og um galdra sem lifandi veruleika í nútímanum og fjölbætta endurvinnslu galdraheimsins í samtímanum.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja og geta gert grein fyrir meginhugmyndum manna um galdra og hlutverk þeirra,
- ▶ þekkja táknafræði (e. semiotics) og geta greint frá helstu hugmyndum hennar um hvernig merking verður til,
- ▶ þekkja birtingarmynd galdra í þjóðsögum og nútímanum,
- ▶ geta túlkað tákni og myndmál og sett í samhengi,
- ▶ geta fjallað um táknotkun á fræðilegan og gagnrýnan hátt.

Námsmat: Verkefni

Umsjónarkennari: N.N.

Kennarar: N.N.

VER216-02H Kóði og skynjarar

2 ECTS – tækni

Lýsing

Nemendur kynnast örtölvum (e. microcontrollers) og læra hvernig tölvurnar bæði lesa umhverfi sitt í gegnum skynjara (e. sensors) og hafa áhrif á umhverfið með mótorum og ljósum (e. actuators), svo eitthvað sé nefnt. Farið er í forritunartungumálið sem tölvunum fylgja, hvernig hægt er að skrifa kóða frá grunni eða finna ýmsa kóða á netinu sem gera það sem nemendur óska, og farið í breytingar á þeim. Nemendur skoða einnig önnur forritunartungumál, tengingu á milli örtölva og forritunarmála og möguleikana sem þar bjóðast. Nemendur læra að vinna með rauntímaupplýsingar og einfalda kóða til að ná fram langtímaáhrifum og verk sem gerast í tíma, auk verkefna sem bjóða upp á gagnvirkni með tölvum og skynjurum.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa grunnþekkingu á valinni örtölvu og umhverfi hennar og færni til þess að stjórna henni,
- ▶ hafa grunnskilning á forritunartungumálinu sem tölvunni fylgir,
- ▶ hafa þekkingu á sambandi ýmissa örtölva og annarra tækja og tóla, í samhengi gagnvirkni og hönnunar,
- ▶ hafa grunnþekkingu á öðrum forritunartungumálum,
- ▶ hafa hæfni til að leita sér þekkingar og þróa hugmyndir um lifandi verk og gagnvirkni.

Námsmat: Mæting og ástundun, vinna, samræður og lausn verkefna

Umsjónarkennari: Sam Rees

VER303-02H Vefsmíði

2 ECTS – tækni

Lýsing

Nemendur koma sér upp vefsíðu og laga hana að sinni hönnun. Vinnuferli við heimasíðugerð er kynnt, nemendur fara í gegnum skrefin við að panta sér hýsingu, vinna með skjöl á vefþjóni og uppfæra efni. Nemendur velta fyrir sér sinni eigin hönnun og hvernig þeir geti á sem bestan hátt nýtt sér vefumhverfið til að kynna hana. Markmið og tilgangur slíks vefs er skoðaður og hver markhópurinn sé, þ.e. skólar erlendis til að sækja um framhaldsnám í, fyrirtæki á Íslandi og/eda erlendis til að sækja um vinnu hjá.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa tileinkað sér tæknilega þekkingu til framsetningar eigin verka á heimasíðu,
- ▶ geta lokið við hönnun og uppsetningu eigin heimasíðu á netinu,
- ▶ geta viðhaldið heimasíðu sinni og þróað áfram.

Námsmat: Virkni, ástundun, verkefni.

Umsjónakennari: Ragnar Freyr Pálsson.

BUNDIÐ VAL – 4 ECTS

Sjá sameiginleg valnámskeið

ANNAÐ ÁR VORMISSERI – SKYLDA

HFR210-04H – Hönnun og samfélag III

6 ECTS – fræði

Sjá sameiginleg skyldunámskeið.

ALL200-06H Together

6 ECTS – vinnustofa

Námskeiðið er kennt á ensku

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

SAT000-02S Samtal

2 ECTS – vinnustofa

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

HFR213-02H – Saga prentleturs

2 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu er fjallað um grunnþætti leturfræðinnar og sögu prentleturs. Áhersla er lögð á að skoða og greina helstu tímabilin í sögu prentleturs og skoða áhrif samfélagsþróunar á þróun leturs. Einstaka leturtegundir eru skoðaðar sérstaklega og greindar út frá áhrifavöldum, samfélagslegum aðstæðum og tækniþróun.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja sögu prentleturs og geta vísað til hennar í umræðum og skrifum,
- ▶ þekkja helstu leturtegundir í prentletri og geta greint þær út frá áhrifavöldum, samfélagslegum aðstæðum og tækniþróun,
- ▶ geta greint einstakar leturtegundir og fjallað um þau í listrænu, sögulegu og samfélagslegu samhengi.

Námsmat: Ritgerð

Umsjónarkennari: Birna Geirfinnsdóttir og Atli Hilmarsson

VER112-02H – Leturtækni

2 ECTS – tækni

Lýsing

Tæknihlíðar leturs – Hvernig verður skrift að letri, og hvernig er letur unnið áfram í tölvu. Skriftarkennsla í tengslum við leturhönnun. Nemendur læra á leturteiknunarforrit til að hreinteikna og ljúka eigin leturhönnun.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs ættu nemendur að:

- ▶ hafa kynnst grunnhreyfingu skriftar,
- ▶ hafa tileinkað sér viðeigandi hugbúnað,
- ▶ geta komið eigin letri á lykklaborðshæft form.

Námsmat: Ástundun og verkefni

Umsjónarkennari: Guðmundur Úlfarsson

Kennarar: Freyja Bergsveinsdóttir, Guðmundur Úlfarsson og Gunnar Þór Vilhjálmsson

GRA200-10H – Hönnun og áhrif: Letur og rannsókn

8 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Nemendur kynnast grunnþáttum er snúa að leturteikningu, bæði hvernig beita eigi penna en einnig hvernig letur hefur þróast úr handletrun yfir í stafrænar skriftir. Skoðaðar eru ólíkar aðferðir í skrift og stafrænu letri, og ólíkar aðferðir í hugmyndavinnu og teikningu í leturhönnun. Nemendur læra um sögu stafanna og skoðuð er flokkun leturs. Einnig eru nemendur hvattir til að þróa sinn eigin stíl og vinna með myndlýsingar sér til aðstoðar til þess að miðla hugmyndum. Lögð er áhersla á rannsóknarvinnu og að nemendur kynni sér mismunandi myndheima.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa þekkingu á gotneskri, húmanískri og ítalskri skrift og geta skrifað að minnsta kosti eina þeirra,
- ▶ þekkja mismunandi form myndlýsinga,
- ▶ kunna að búa til breiðpenna, breyta honum og þekkja fjölbreytt úrval hans,
- ▶ hafa færni í að rannsaka myndheima, sögu og hugmyndaheima innan persónulegs áhugasviðs,
- ▶ hafa tileinkað sér viðeigandi hugbúnað og geta komið eigin letri á lykklaborðshæft form,
- ▶ geta fært rök fyrir ákvörðunum sínum og hönnunarferli og dregið ályktun í formi mótáðrar leturgerðar og myndar,
- ▶ hafa færni til að skapa ný og persónuleg myndverk út frá niðurstöðum rannsókna.

Námsmat: Þátttaka og virkni í tímum, vinnubækur, verkefni

Umsjónarkennari: Guðmundur Úlfarsson

Kennarar: Freyja Bergsveinsdóttir, Guðmundur Úlfarsson, Gunnar Þór Vilhjálmsson, N.N.

HFR-103 02H Myndmál og stjórnmál

2 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu er fjallað um tengsl myndmáls og stjórnmála. Skoðað er hvernig myndmál hefur verið notað í pólitískum tilgangi á 20. öld og fram á okkar daga. Áhersla verður lögð á að greina hvernig myndmál er notað með tilliti til táknumynda og uppruna þeirra, myndbyggingar, litanotkunar og leturvals. Myndmál og áróðursefni sem tengist nasistatímanum í Þýskalandi, kommúnismanum í Austur-Þýskalandi, Sovétríkjunum og Kína verður skoðað sérstaklega. Þá verður myndmál búsáhaldabyltingarinnar skoðað og sett í samhengi við annað pólitískt myndmál.

Hæfnisviðmið

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- ▶ geta fjallað og greint pólitískt myndmál út frá sjónrænum og sögulegum þáttum,
- ▶ geta greint á milli mismunandi táknmynda og borið kennsl á þær í sjónmenningu 20. aldar,
- ▶ geta útskýrt myndbyggingu, lita- og leturval tiltekins pólitísku myndmáls og rætt um ástæður og tilgang þess.

Námsmat: Verkefni

Umsjónarkennari: Guðmundur Oddur Magnússon

VER224-02H Teikning

2 ECTS – tækni

Námskeiðslýsingu vantar

GRAFÍSK HÖNNUN – 3 ÁR HAUST 2015

GRA300-18H Hönnun og samþætting: Veruleiki

18 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Námskeiðið er tvíþætt, annars vegar vinna nemendur saman að því að stofna hönnunar- og auglýsingastofu og hins vegar fullvinna nemendur tímaritið Mænu. Nemendur vinna hagnýt verkefni þar sem áhersla er lögð á samþættingu verkþátta og skipulagningu frá upphafi til enda í samstarfi hönnuða, ritstjóra, verkkaupa, prentara og annarra. Tekið er á og fjallað um greiningu verkefna, áætlanir, verkferla, verkaskiptingu og stjórnun hönnunarverkefna.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa skilning á meginþáttum í fjölbreyttu starfi hönnuða á hönnunar/auglýsingastofu,
- ▶ hafa getu til að takast á við óvænt og óvenjuleg verkefni,
- ▶ geta nýtt sér gagnasöfn og upplýsingalindir, greint hvenær er þörf á þeim og geta metið áreiðanleika þeirra,
- ▶ hafa lagt grunn að hönnunarstefnu (e. art direction),
- ▶ búa yfir færni til að túlka, kynna og miðla sérhæfðu efni innan fræðasviðsins,
- ▶ geta tekið virkan þátt í samstarfi og leitt verkþátta,
- ▶ geta greint og fjallað um sérstöðu, einkenni, sögu og samkeppnisstöðu viðskiptavina,

- ▶ geta unnið að hagnýtu hönnunar- og útgáfuverkefni og kunna skil á mismunandi verkþáttum þess.

Námsmat: Mæting og þátttaka, hópa- og einstaklingsverkefni

Umsjónarkennari: Lóa Auðunsdóttir

Kennarar: Ármann Agnarsson, Jónas Valtýsson, Ragnar Freyr Pálsson, Lóa Auðunsdóttir, Guðmundur Úlfarsson, N.N.

BAH300-00H Undirbúningur fyrir lokaritgerð

0 ECTS – fræði

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

BAH300-06H Lokaritgerð

6 ECTS – fræði

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

VAL – 4 ECTS

Sjá sameiginleg valnámskeið

GRAFÍSK HÖNNUN – 3 ÁR VOR 2016

ALL303-02H Portfolio

2 ECTS – vinnustofa

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

HFR303-04H Hönnun og samfélag IV

4 ECTS

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

HFR306-02H Útskriftarverkefni – Greining

2 ECTS – fræði

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

ALL304-02H Úrvinnsla

2 ECTS – vinnustofa

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

GRA300-14H Útskriftarverkefni: Grafísk hönnun

14 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Nemendur vinna einstaklingsverkefni undir handleiðslu leiðbeinenda og þróa með sér persónulega afstöðu gagnvart því viðfangsefni sem þeir vinna í námskeiðinu. Lögð er áhersla á að nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð og sýni fram á getu til að skipuleggja vinnu sína og þróa með sér sjálfstætt viðhorf til rannsóknar- og hönnunarferlis. Nemendum er ætlað að styrkja alla þá hugmynda- og rannsóknarvinnu sem unnin er í tengslum við útskriftarverk. Nemendur skýra þá rannsóknarvinnu sem býr að baki og gera hana sýnilegri. Nemendur gera grein fyrir hugmyndum sínum og listsköpun á markvissan hátt og þróa eigin vekefnislýsingu í samstarfi við leiðbeinendur í samhengi við markmið útskriftarverkefnis. Mikil áhersla er lögð á skapandi hugsun jafnt sem gagnrýna sýn á eigið sköpunarferli við mótun verkefnis. Í útskriftarverkefni er lögð áhersla á að nemandi uppfylli ákveðnar kröfur um samhæfða kunnáttu, þar sem mynda skal heilsteyppt verk samfara færni til að vinna að tæknilegum úrlausnum sem styðja hugmynd verkefnis. Mikilvægt er að nemandi sýni fram á hæfni til að vinna verkefni og miðla í fjölbreyttum miðlum. Með útskriftarverkefni sýnir nemandi fram á þekkingu og hæfni til að skila af sér heilsteypptu verki þar sem tekist er á við alla þætti grafískrar hönnunar, frá mótun hugmynda til framsetningar á tillögu.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ sýna fram á þekkingu og hæfni til að skila skýrt afmörkuðu útskriftarverkefni sem tekur á flestum þáttum námsins,
- ▶ þekkja mismunandi þætti er snúa að umsýslu stærri verkefna,
- ▶ miðla þeirri grunnhugmynd sem býr að baki útskriftarverki þeirra á markvissan hátt í knöppu formi,
- ▶ geta tjáð sig um eigið útskriftarverk í fræðilegu samhengi í vel skrifuðum texta,
- ▶ nota ljósmyndir, teikningar og texta á markvissan hátt til að skýra þá hugmynd og þá rannsóknarvinnu sem útskriftarverk þeirra felur í sér,
- ▶ hafa tileinkað sér víðsýni og frumleika í hugsun,
- ▶ geta rökstutt ákvarðanir á faglegum grunni og tekið þátt í gagnrýnu samtali um ferli, hönnun, úrvinnslu hugmynda og framsetningu,
- ▶ hafa öðlast hæfni í að greina frá inntaki og eðli lokaverks á skýran og auðskiljanlegan hátt.

Námsmat: Greining, verkefni, framsetning, kynning, virkni og ástundun. Verkefnið er kynnt

á lokasýningu námsbrautarinnar (enda sé verkefnið unnið á vorönn). Fræðileg greinargerð (2.000–2.500 orð) og kynningarefni.

Umsjónarkennari: Lóa Auðunsdóttir

Kennarar: Lóa Auðunsdóttir, Atli Hilmarsson, Bryndís Björgvinsdóttir, N.N.

VAL – 2-4 ECTS

VER228-02H Silkiþrykk

2 ECTS – tækni

Lýsing

Í námskeiðinu eru grunnaðferðir silkiþrykks kenndar með áherslu á tvö verkefni:

1. Einlitt þrykk á tau með Plastisol litum, þrykkð beint á efnið og með „transfer“. Nemendur komi með efni að eigin vali til að þrykkja á.
2. Marglaga myndefni þrykkð á pappír með vatnslitum. Farið yfir undirbúning ramma, gerð rasta, myndefni skipt upp í lög (layers) og/eða fjórlit (CMYK). Þrykkð upplag (amk. jafnt nemendafjölda) í bókverk.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að hafa:

- ▶ öðlast skilning og þekkingu á tækjum sem notuð eru við silkiþrykk og virkni þeirra,
- ▶ hæfni til að beita tækni silkiþrykks til að rökstyðja hugmyndir í vinnustofum,
- ▶ öðlast þekkingu á efnisfræði þeirra efna sem vinna má með í silkiþrykki.

Námsmat: Virkni og ástundun

Umsjónarkennari: Jóhann Lúðvík Torfason

VER240-02H – Introduction to the Black and White Darkroom

2 ECTS – tækni

Námskeiðið er kennt á ensku

Description

Students will be given instruction in the fundamentals of working in a classical film darkroom environment. Subjects covered include film selection, development, contact and enlargement printing and finishing. Since this will be a technical course, students will be responsible for purchasing their own film and paper and will have the opportunity to experiment with different techniques of black and white photo processing.

Learning outcomes

At the end of the course students should:

- ▶ have an understanding of various techniques used when working with film in a black and white or color darkroom,
- ▶ have a working knowledge of the equipment used for the above,
- ▶ be able to connect technical skills in film photography and darkroom work with their own projects.

Assessment: Attendance and participation

Supervisor: Eric Wolf

VER231-02H – Editorial Photography/Composition for Magazines

2 ECTS – tækni

Námskeiðið er kennt á ensku

Description

Basic and advanced photographic composition techniques will be discussed and analyzed through practice and application. Students will work alone and in small groups to carry out photo assignments which will result in a PDF/web magazine to be published at the end of the term. The subject and content of the magazine will reflect current life at LHÍ.

Learning outcomes

At the end of the course students should:

- ▶ have a basic understanding of the necessary skills to complete a photographic assignment in a realistic, time-sensitive environment and produce quality material for as wide an audience as possible.

Assessment: Attendance, assignments and final work product

Supervisor: Eric Wolf

HFR107-02H Hönnunarmars

2 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu sækja nemendur viðburði og fyrirlestra Hönnunarmars til að kynna sér hönnun samtímans og umfjöllunina um hana. Þá verða nemendur að sækja fyrirlestra viðburðarins og sýningar Hönnunarmars. Áður en Hönnunarmars hefst sækja nemendur undirbúningsfyrirlestra. Námskeiðinu lýkur með samræðu nemenda þar sem þeir ræða um viðburðinn og þurfa nemendur þá að sýna að þeir geti bæði rætt og skrifað um samtímahönnun út frá eigin brjosti á áhugaverðan, fróðlegan og gagnrýninn hátt.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa hlotið þjálfun í að skoða framsetningu á samtímahönnun á Íslandi með gagnrýnum augum,
- ▶ hafa hlotið þjálfun í að skrifa og ræða um hönnun á uppbyggilegan, áhugaverðan og gagnrýninn hátt
- ▶ kunna skil á samtímahönnun á Íslandi eins og hún birtist á Hönnunarmars og vera færir um að setja hana í samhengi við hönnunarsögu, tíðaranda og/eða samfélagsþróun.

Námsmat: Dagbækur, fyrirlestrar og greinargerðir

Umsjónarkennari: Þórunn Árnadóttir

VÖRUHÖNNUN

Efni, tæki og umbreyting eru hugtök sem koma aftur og aftur fyrir í vinnu vöruhönnuða. Lífhringur efna er rannsakaður til þess að vöruhönnuðir séu meðvitaðir um umbreytingu efnis frá uppruna þess og til endaloka. Áhersla er lögð á að dýpka skilning nemenda á þeim áhrifum sem þeir hafa með verkum sínum í stað þess að einblína á notagildi og lokaniðurstöðu. Áherslubreyting samtímans felst í því að spurt er af hverju? frekar en hvernig? Vöruhönnuðurinn setur spurningarmerki við verkferla, endurskilgreinir þá og endurnýjar. Þessum grunni er síðan speglað aftur og aftur á mismunandi snertipunkta hinna ýmsu ferla í gegnum námið.

FYRSTA ÁR

Á fyrsta ári er lögð áhersla á sjálfskoðun, að nemendur leiti inn á við og að skilgreina hönnuðinn sem höfund. Nemendur eru kynntir fyrir grunnvinnu vöruhönnuða, hönnunarferlum, rannsóknum og aðferðum. Áhersla er einnig lögð á að nemendur geti sett eigin verk í samhengi og að þeir geti rökstutt verk sín og hugmyndir. Nemendur læra grunnþætti vöruhönnunar, um samspil efna og tækja og þá er einnig litið til samspils hins huglæga og efnislega. Nemendur fá kynningu á þeim verkstæðum sem þeir geta nýtt sér á meðan námi þeirra stendur. Nemendur sækja námskeið í teikningu, fagtengdum forritum ásamt því að fá grunnþjálfun í ljósmyndun. Í sameiginlegu námskeiði með öðrum hönnunarnemendum er fjallað um hugmyndafræði og hönnunarsögu, menningarfræði og efnismenningu. Áhersla er lögð á mikilvægi rannsóknaraðferða og akademískra vinnubragða.

Hæfniviðmið

Að loknu fyrsta ári eiga nemendur að:

- ▶ þekkja grunnhugtök í vinnuferlum vöruhönnuða og geta sett þau í samhengi hvert við annað,
- ▶ hafa þróað færni í að rökstyðja vinnu sína og ákvarðanir við hönnunarvinnu,
- ▶ hafa kynnst grunnforritum sem nýtast við vöruhönnun,
- ▶ hafa tileinkað sér aðferðir til sköpunar á verkferlum og hugmyndum,
- ▶ geta kynnt verk sín á faglegan hátt, munnlega, skriflega og með efnislegri tjáningu.

ANNÆÐ ÁR

Á öðru ári er litið til stærra samfélagslegs samhengis og grunnhugtök fyrsta árs eru þá tekin til ítarlegri skoðunnar. Nemendur vinna á opinberum vettvangi í rannsóknar- og greiningarvinnu. Áhersla er lögð á samfélagslega umbreytingu í verki. Á vorönn vinna nemendur með fyrirtækjum og þróa í samvinnu við þau nýja verkferla, vörur og upplifanir. Árinu lýkur með löngu sameiginlegu námskeiði milli brauta í hönnunardeildinni þar sem unnið er markvisst í samfélagslegum málefnum líðandi stundar. Nemendur taka tvö aðskilin námskeið í þrívíðri tölvuteikningu og vinna með verkferla tengdri tölvustuddri hönnun, þrívíddarprentun, laserskurði o.s.frv. Nemendur sækja námskeið í málmverkstæði og kynnst þar grunnþáttum málmíðna. Að auki sækja nemendur kúrs í miðlun með hreyfimyndir. Leitast er við að tengja

alla tæknikúrsa við vinnustofukúrsa. Í fræðanámskeiðum er áhersla lögð á sjálfbærni, sköpun og samfélagsleg- og menningarleg viðfangsefni. Þá fá nemendur einnig að kynnast betur íslenskri vöruhönnun og sögu hennar.

Hæfniviðmið

Að loknu öðru ári eiga nemendur að;

- ▶ geta beitt grunnhugtökum í vinnuferlum vöruhönnuða og varpað þeim á stærra
- ▶ samfélagslegt samhengi,
- ▶ geta skipulagt og skapað sinn eigin vinnu- og verkferil,
- ▶ vera færir um að skapa verk út frá eigin vinnu og verkferli,
- ▶ geta unnið í teymi með fagaðilum innan og utan fagsins,
- ▶ hafa grunnþekkingu á mismunandi tæknimöguleikum og forritun og hafa sýnt fram á getu til að beita þekkingunni efnislega.

ÞRIÐJA ÁR

Þriðja árið miðar að því að skapa raunveruleg verkefni og skiptist útskriftarárið í tvö löng námskeið. Á haustönn er tónninn settur af kennurum hvað uppbyggingu á útskriftarverkefni varðar, þar sem þrjú námskeiðshlutar tengjast. Farið er frá rannsókn og hugmyndarvinnu yfir í hönnun og framleiðslu til kynningarvinnu þar sem notast er við hreyfimiðla, ljósmyndir og texta. Á vorönn eiga nemendur að skipuleggja og skapa sér sín eigin útskriftarverkefni til prófdæmingar og sýningarhalds í lok skólaárs. Þar þurfa nemendur að sýna fram á þekkingu og hæfni til að skila af sér heilsteypu verki þar sem tekist er á við alla þætti vöruhönnunar frá rannsókn að fullbúnu verki. Nemendur sækja eitt tækninámskeið í miðlun á hreyfimynd. Tækninámskeiðið er í samtali við vinnustofu á haustönn. Á þriðja ári skrifa nemendur loka-ritgerð. Þá er áhersla lögð á samþættingu hönnunar og fræða og þess er vænst að nemendur sýni sjálfstæð vinnubrögð. Einnig er lögð áhersla á siðfræði, hlutverk hönnuðarins í samfélaginu, markaðs- og viðskiptafræði. Nemendur ígrunda þá eigið útskriftarverkefni, skrifa um það og setja í samfélagslegt og menningarlegt samhengi.

Hæfniviðmið

Að loknu þriðja ári eiga nemendur að:

- ▶ vera fullfærir um að miðla verkum sínum fræðilega og tæknilega,
- ▶ geta sett eigin verk og verkferil í samhengi og gert grein fyrir hvoru tveggja í samfélagslegu samhengi,
- ▶ hafa þekkingu á starfsumhverfi hönnuða,
- ▶ vera færir um að vinna fjölbreytt verkefni tengd vöruhönnun,
- ▶ vera færir um að tileinka sér víðsýni og frumleika í hugsun,
- ▶ geta rökstutt eigin ákvarðanir á faglegum grunni.

FYRSTA ÁR HAUSTMISSERI SKYLDA

ALL111-06H Kynning

6 ECTS – vinnustofa

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

HFR130-02H- Kynning – fræðiskrif

2 ECTS – fræði

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

INTR101-0H – Kynning á verkstæðum í Laugarnesi

0 ECTS – tækni

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

INTR102-02H – Kynning á verkstæðum í Þverholti

0 ECTS – tækni

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

HFR101-06H Hönnun og samfélag II

6 ECTS – fræði

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

VER210-02H Forritin öll

2 ECTS – tækni

VÖR101-10H – Vöruhönnun og aðferðafræði: Skapandi hugsun

10 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Í námskeiðinu kafa nemendur djúpt í heim hönnunarferilsins, nemendur takast á við og greina lykilhugtök í vinnu vöruhönnuða, efni, tæki, hugmynd og samband þeirra á milli. Lögð er áhersla á að fara frá hinu efnislega yfir í hið óhlutbundna. Að auki eru nemendur beðnir um að greina samband sitt við verkferilinn sjálfan og hvaða hlutverki hönnuðir/höfundar gegna í samfélaginu.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa kynnst nýjum og áður ókönnuðum leiðum til lausnar á viðfangsefni,
- ▶ hafa styrkt og eftt skilning á frumlegri hugsun,
- ▶ geta tekið þátt í gagnrýnum umræðum um eigin verk og annarra,
- ▶ hafa þróað með sér sjálfstæða og gagnrýna hugsun og frumleika við úrvinnslu viðfangsefna,
- ▶ hafa tileinkað sér viðtækari nálgun við hönnun,
- ▶ hafa grunnskilning á lykilhugtökum í vinnu vöruhönnuða.

Námsmat: Vinnuferill, sýning/kynning, vinnubók

Umsjónarkennari: Garðar Eyjólfsson

Kennarar: Thomas Pausz, Tinna Gunnarsdóttir, Garðar Eyjólfsson og erlendar gestakennari.

VER103-02H Kynningarnámskeið á trésmíðaverkstæði

2 ECTS – tækni

Lýsing

Í námskeiðinu er smíðaverkstæði skólans kynnt fyrir nemendum. Í fyrri hluta námskeiðsins er farið yfir grundvallaröryggisatriði við störf á smíðaverkstæði, auk þess sem nemendum er leiðbeint um verklag og umgengni við stærri vélar og verkfæri. Einungis þeim nemendum er lokið hafa fyrri hluta námskeiðsins um öryggismál er heimilt að nota vélar á trésmíðaverkstæði. Í síðari hluta námskeiðsins kynnast nemendur ýmsum undirstöðuatriðum í trésmíði, m.a. mismunandi eiginleikum viðartegunda og smíðaaðferðum sem nemendur nota við sjálfstæða vinnu.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast skilning og þekkingu á tækjum á trésmíðaverkstæði og virkni þeirra,
- ▶ hafa hæfni til að beita tækjum á trésmíðaverkstæði til smíði líkana, frumgerða, sem notuð eru til að rökstyðja hugmyndir í vöruhönnun,
- ▶ hafa öðlast þekkingu á eiginleikum þeirra efna sem vinna má með í tækjum trésmíðaverkstæðis,
- ▶ hafa öðlast kunnáttu til að beita þeirri tækni sem verkstæðið býður upp á til að efla vísýni og frumleika í framsetningu og hugmyndavinnu.

Námsmat: Mappa, framsetning, verkferlar og virkni

Umsjónarkennari: Gulleik Lövskar

VER105-02H Þrívídd/tvívídd

2 ECTS – tækni

Lýsing

Nemendum er kynnt svokölluð „rendering“-teiknitækni þar sem mótuð er þrívídd í tvívídd. Nemendur fara í gegnum röð teikniæfinga þar sem megináhersla er lögð á „rendering“-framsetningu með persónulegum stíl hvers og eins.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs ættu nemendur að:

- ▶ hafa færni til að nota „rendering“-tækni við framsetningu,
- ▶ hafa færni til að nota „rendering“-tækni samhliða öðrum framsetningaraðferðum,
- ▶ hafa skilning á framsetningaraðferðinni og getu til að nýta hana til að þróa og þroska persónulegan og skapandi stíl í framsetningu,
- ▶ hafa getu til að vinna sjálfstætt að framsetningu með ákveðinni tækni.

Námsmat: Verkefnamappa, virkni í tímum og ástundun

Umsjónarkennari: Sindri Páll Sigurðsson

FYRSTA ÁR

VORMISSERI – SKYLDA

VER100-02H Kynningarnámskeið á prentverkstæði

2 ECTS – tækni

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

HFR110-08H Hönnun og samfélag I

8 ECTS – fræði

Sameiginleg skyldunámskeið

VÖR100-08H Hönnunarferli: Tilraunastofa

16 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Í námskeiðinu fá nemendur innsýn í rannsókn- og hugmyndavinnu, með áherslu á að fara úr því óhlutbundna yfir í hið efnislega. Nemendur vinna stutt verkefni, fá innsýn í aðferðarfræði sem stuðlar að hugmyndasköpun. Lögð er áhersla á faglegar og lofandi frumgerðir í lok námskeiðs ásamt stuttri og hnitmiðaðri kynningu.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs ættu nemendur að:

- ▶ geta rannsakað afmarkað samhengi og sett það efnislega fram,
- ▶ hafa öðlast færni í því að dýpka hugmyndavinnu sína í gegnum tilraunir með hug og hönd,
- ▶ búa yfir hæfni til að rökstyðja fræðilegar og hagnýtar úrlausnir,
- ▶ hafa tileinkað sér víðsýni og frumleika í hugsun,
- ▶ hafa öðlast færni til að gera sannfærandi prótótýpur og setja þær fram á faglegan hátt,
- ▶ hafa öðlast færni og getu til að fjalla um eigin verk og annarra á gagnrýninn og uppbyggilegan hátt,
- ▶ hafa færni til þess að kynna verk sín á faglegan hátt.

Námsmat: Vinnuferill, kynning, vinnubók

Umsjónarkennari: Rúna Thors

VER122-02H Tilraunastofa: Ljósmyndun

2 ECTS – tækni

Lýsing

Í námskeiðinu eru grunntækniatriði stafrænna ljósmyndavéla kynnt og kynntar ólíkar aðferðir til að beita þeim. Nemendur fá innsýn í þróun stafrænnar ljósmyndunar og kynningu á dæmum (ljósmyndum og ljósmyndurum), bæði hefðbundnum og óhefðbundnum. Nemendur fá leiðsögn í notkun stafrænnar skjalavistunar ljósmynda, vistun skráa í ólíkum sniðum ásamt því að kynnst mismunandi notkunarmöguleikum þeirra. Loks er nemendum leiðbeint í notkun ljósmyndavers skólans, umgengni, tæknigrunni og notkunarmöguleikum.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs ættu nemendur að:

- ▶ hafa öðlast skilning og þekkingu á grunnatriðum myndavéla, virkni þeirra og stillingarmöguleikum,
- ▶ hafa öðlast færni og leikni í að beita þekkingu sinni til að geta beitt ljósmyndun sem framsetningarmiðils á verkefnum,
- ▶ hafa þekkingu og leikni í notkun ljósmæla og linsa fyrir mismunandi aðstæður,
- ▶ þekkja og geta beitt hæfni við stafrænar uppstillingar á myndavélum,
- ▶ þekkja mismunandi skráasnið sem ljósmyndir eru vistaðar á í tölvum.

Námsmat: Mappa, ástundun og virkni

Umsjónarkennari: Eric Wolf

HFR209-02H Efnismenning B

4 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu er fjallað um efnismenningu okkar daga. Hversdagsmenning samtímans er þá sérstaklega tekin til umfjöllunar út frá kenningum innan menningarfræði, heimspeki og þjóðfræði. Fjallað er um hvernig nota megi hugtök og fræðikenningar til að greina einstaka þætti í efnismenningu og þannig dýpka skilning okkar á áhrifaþáttum í okkar nánasta umhverfi sem eiga þátt í að móta hugmyndir okkar dags daglega. Áhersla er lögð á að tengja efni námskeiðsins við hönnun. Áhersla er lögð á að tengja efni námskeiðsins við hönnun. Í námskeiðinu skoða nemendur samfélagsbreytingar síðustu aldar og áhrif þeirra á efnismenningu og hversdagslegan hugsunarhátt og virkni fólks í samfélagi síðnútímans. Þá meðal annars fjallað um síðnútímamann, blæti, ofurraunveruleikann, tvíhyggju, óhreinindi og hreinlæti, líkamann, neyklusamfélagið, útlit og yfirborð – og annað sem mótar okkar hversdagsumhverfi og hugmyndir okkar um það og hvert annað. Í síðari hluta námskeiðsins verður kafað dýpra í öll þessi hugtök og þau þá einnig sett í samhengi við sjálfsmynd, habitus og auðmagn.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ vera færir um að fjalla um efnismenningu samtímans á gagnrýninn hátt og setja einstaka þætti hennar í fræðilegt samhengi,
- ▶ hafa fengið innsýn í efnislega hversdagsmenningu,
- ▶ kunna skil á þeim fræðilegu hugtökum sem fjallað er um í námskeiðinu og geta nýtt þau til greiningar á efnismenningu samtímans,
- ▶ vera færir um að nýta fræðikenningar námskeiðsins í skrifuðum texta og setja þær í samhengi við eigin hugrenningar, rannsóknir og hönnun,
- ▶ vera færir um að nýta fræðikenningar námskeiðsins til að greina og fjalla um hönnun annarra hönnuða.

Námsmat: Tvær ritgerðir og próf

Umsjónarkennari: Bryndís Björgvinsdóttir

ANNAD ÁR HAUSTMISSERI – SKYLDA

VÖR202-06H Faggrein I: Hugmynd og smíði

6 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Námskeiðið skiptist í þrjá hluta. Í fyrsta hluta er unnið innan mjög þröngs tímaramma. Þar er unnið með fjölda vinnumóðela í mælikvarðanum 1:1 með áherslu á hugkvæmni og virkni. Í öðrum hluta er unnið frekar með valdar hugmyndir úr fyrsta hluta, þær þróaðar áfram og efni, strúktúr og smáatriðum gefinn gaumur. Í þriðja hluta er einn hlutur valinn, hann útfærður ítarlega og smíðuð frumgerð.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa þekkingu og skilning á vinnuferli frá hugmynd til efnis,
- ▶ hafa færni í því að þróa áfram hugmyndir frá skissu til lokaniðurstöðu,
- ▶ geta smíðað vandaða frumgerð,
- ▶ geta rökstutt munnlega og skriflega vinnuferli og efnisval.

Námsmat: Verkefni og skissubók

Umsjónarkennari: N.N.

VÖR200-12H Faggrein II: Tækni og menning

10 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Námskeiðið er tvíþætt, annars vegar Opin vinnustofa þar sem valið er tiltekið staðbundið menningarsamhengi til rannsóknar og greiningar. Í námskeiðinu er farið yfir helstu skilgreiningar á aðgerðarstefnu í hönnun (e. Design Activism), tilheyrandi hugsunarhætti, verkfærum og aðferðarfræði. Nemendur skoða hugtakið frá fræðilegu sjónarhorni og öðlast skilning á aðferðarfræðinni í gegnum vinnusmiðju. Hinsvegar er Tækni og Menning þar sem nemendur nýta þekkingu sem sköpuð var úr Opin Vinnustofa og varpa henni út samfélagið með túlkun í ýmsa miðla, efni, ferla, texta, myndir, hreyfimynd o.s.frv. Notast er við fræðitexta til að veita innsýn inn í myndmál til nýtingar í miðlun verks.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ geta greint og myndað inngrip inn í afmarkaða staðbundna menningu,
- ▶ þekkja helstu skilgreiningar á aðgerðarstefnu í hönnun (e. design activism),

- ▶ geta nýtt sér tæknilegar úrlausnir í eigin hönnunarvinnu,
- ▶ getað miðlað rannsókn með valinni tækni til samfélagsins.

Námsmat: Verkefni, ástundun og virkni

Umsjónarkennari: Thomas Pausz

Kennarar: Thomas Pausz og Garðar Eyjólfsson.

VER125-02H – CAD/CAM

2 ECTS – tækni

Lýsing

Í námskeiðinu læra nemendur undirstöðuatriði í tölvustuddri hönnun (e. CAD – Computer Aided Design) og tölvustuddri framleiðslu (e. CAM – Computer Aided Manufacture). Farið er í þá þætti er skipta máli í þrívíðri hönnun í tölvu og undirbúningi verkferla fyrir stafrænt stýrð vinnslutæki s.s. fræsara, plasma- eða vatnsskurðarvélur eða leiserskera. Í námskeiðinu þjálfast nemendur í því að nota þrívíddarprentara og leiserskera skólans. Nemendur vinna með forritið Rhino 3D sem er öflugt en jafnframt aðgengilegt.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs ættu nemendur að:

- ▶ geta unnið einfaldar þrívíddarteikningar í Rhino,
- ▶ geta útbúið kvarðaðar vinnuteikningar af einföldum þrívíðum teikningum í Rhino,
- ▶ geta undirbúið skurðarferla fyrir leiserskera skólans,
- ▶ geta undirbúið þrívíð prentverk fyrir þrívíddarprentara skólans.

Námsmat: Mæting og hönnun á verki fyrir laser-skera eða þrívíddarprentara skólans sem verður framleitt í námskeiðinu

Umsjónarkennari: Halldór Úlfarsson

HFR213-04H Alþjóðleg vöruhönnun

4 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu verður fjallað um alþjóðlega vöruhönnun frá tíma Bauhaus skólans til dagsins í dag. Farið verður í gegnum helstu strauma og stefnur tímabilsins, með áherslu á að tengja verk einstakra hönnuða og hönnunarhópa við þær samfélagslegu aðstæður sem þau spretta upp úr. Fjallað verður um áhrif tækninýjunga, lífsstílsbreytinga, menninarlöndunar, efnahagskreppu og hverskyns samfélagslegs umróts á þróun vöruhönnunar.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðsins er gert ráð fyrir að nemendur:

- ▶ þekki helstu stíleinkenni ólíkra tímabila í vöruhönnun og geta gert grein fyrir þeim,
- ▶ hafi fengið hjálfum í að þekkja og koma auga á helstu lista- og hönnunarstefnur 20. aldarinnar og geti fjallað um þær,
- ▶ þekki verk helstu vöruhönnuða og geti sett þau í sögulegt samhengi,
- ▶ hafi tileinkað sér fræðileg hugtök sem geta nýst við að fjalla um vöruhönnun í faglegu samhengi,
- ▶ hafi fengið grunnþjálfun í akademískum vinnubrögðum og geti beitt þeim á sjálfstæðan hátt í eigin vinnu.

Námsmat: Skriflegt verkefni og próf

Umsjónarkennari: Tinna Gunnarsdóttir

HFR235-04H Íslensk vöruhönnun

4 ECTS – fræði

Lýsing

Fjallað er um bakgrunn og þróun íslenskrar vöruhönnunar frá fyrri hluta 20. aldar til samtímans og umfjöllunin sett í samhengi við alþjóðlega strauða og stefnur í hönnun. Skoðuð eru mörk hefða og nútíma og tilkoma nýrrar tækni og efna. Megináhersla er á þátt vöruhönnunar í þróun íslensks hönnunarsamfélags þar sem könnuð er birtingarmynd ímyndar og sérkenna og tilvísun í menningararf og hefðir. Skyggst er inn í hugmyndaheim valinna hönnuða sem leita nýrra leiða og lausna í samfélagi án hefðbundins iðnaðar og þröngs markaðar. Kynntar eru nýjar áherslur í vöruhönnun samtímans sem mótast af endurskoðun verðmætamat og samfélagslegri vitund gegn neysluhyggju og af hugmyndum um bætt umhverfi og betri heim, þar sem hönnun er nýtt sem afl til breytinga.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast þekkingu á þróun og sögu íslenskrar vöruhönnunar og geta gert grein fyrir henni,
- ▶ kunna skil á innkomu módernismans og áhrifum hans í samfélagsmótun og þróun í listiðnaði og síðar vöruhönnun á Íslandi,
- ▶ þekkja þær áherslubreytingar sem hafa orðið í íslenskri vöruhönnun frá bernsku fagsins til samtímans og geta skilgreint hvað að baki þeim býr,
- ▶ hafa á valdi sínu að geta greint og fjallað um einstök verk úr efni námskeiðsins og sett þau í samhengi við tíðaranda og samfélagsþróun,
- ▶ kunna að nýta sér fræðileg vinnubrögð á faglegan og sjálfstæðan hátt í túlkun viðfangsefna.

Námsmat: Ritgerð eða skilgreint verkefni

Umsjónarkennari: Elísabet V. Ingvarsdóttir

VER223-02H Málverkstæði

2 ECTS – tækni

Lýsing

Í námskeiðinu er málverkstæði skólans kynnt fyrir nemendum. Farið er yfir grundvallaröruggisatriði við störf á verkstæðinu. Virkni véla á verkstæði er kynnt og farið er yfir mismunandi suðu- og mótunaraðferðir á stáli, nemendur æfa sig í notkun véla með einföldum æfingum. Að loknum kynningarhluta námskeiðs hanna nemendur hlut með sérstaka eiginleika stáls til hliðsjónar og framleiða hann. Að námskeiði loknu geta nemendur nýtt aðstöðu á málverkstæði í samráði við umsjónarmann þess.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs ættu nemendur að:

- ▶ hafa öðlast skilning og þekkingu á tækjum á málverkstæði og virkni þeirra,
- ▶ þekkja áhættuþætti við málmsmíði og kunna að vinna örugglega á verkstæði,
- ▶ hafa innsýn í mismunandi vinnsluaðferðir á málmum og hvaða málma hægt er að vinna með á verkstæði skólans,
- ▶ hafa hæfni til að vinna einföld verk í stál undir handleiðslu tæknimanns,
- ▶ hafa öðlast hugtakaforða til að tjá sig við fagmenn í málmsmíði um hönnunarverkefni sín.

Námsmat: Mæting og þátttaka í vinnu á námskeiði, lokaverkefni

Umsjónarkennari: Halldór Úlfarsson

BUNDIÐ VAL – 4 ECTS

Sjá sameiginleg valnámskeið

ANNAÐ ÁR

VORMISSERI -SKYLDA

SAT000-02S Samtal

2 ECTS – vinnustofa

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

HFR210-04H Hönnun og samfélag III

6 ECTS – fræði

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

ALL200-06H Together

6 ECTS – vinnustofa

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

VÖR201-10H Hönnun og áhrif: Staðbundin framleiðsla

8 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Nemendur fara með kennara í vettvangsferðir í valin fyrirtæki og fá kynningu á starfsemi þeirra og sögu. Í kjölfarið eru fyrirtækin kortlögð, skilgreind og metin í máli og myndum, þar sem framleiðsluaðferðum, framleiðslugetu, framleiðsluefnum, framleiðslumöguleikum o.s.frv. eru gerð ítarleg skil, sem og sögu fyrirtækjanna og einkennum þeirra. Lögð er áhersla á að vinna út frá þeim möguleikum sem til staðar eru og skapa nýjum vörum sérstöðu með því að upprunategja vöruna. Í seinni hluta námskeiðsins er unnið með grafískum hönnuði að framsetningu vörunnar og ljósi varpað á mikilvægi grafískrar framsetningar í allri miðlun.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs ættu nemendur að:

- ▶ hafa tileinkað sér færni til að meta og skilja mikilvægi sjálfbærrar þróunar og fjölbreytileika í nánasta umhverfi fyrirtækja og virkja þá þætti til stuðnings þeirra,
- ▶ þekkja fjölda framleiðslufyrirtækja á afmörkuðu svæði og hafa öðlast getu til að kanna möguleika þeirra og takmarkanir,
- ▶ hafa færni til að vinna með staðbundnum framleiðslufyrirtækjum að þróun og frumgerð nýrrar vöru,
- ▶ hafa getu til að skilja og meta undirstöðuatriði í grafískri framsetningu með það að markmiði að styðja við framsetta vöru á skapandi og skilmerkilegan hátt,
- ▶ hafa öðlast skilning og færni á því að setja verkefni faglega fram,
- ▶ geta beitt gagnrýnum aðferðum við greiningu á heppilegu framleiðsluferli og vita hvað hvað ber að hafa í huga við leit og val á hentugu framleiðslufyrirtæki.

Námsmat: Vinnuferill, frumgerð, miðlun

Umsjónarkennari: Garðar Eyjólfsson

Kennari: Garðar Eyjólfsson og N.N.

VER234-02H Vídeó sem miðill I

2 ECTS – tækni

Lýsing

Í námskeiðinu fá nemendur grunninnsýn í miðlun á efni með hreyfimynd. Nemendur fá stutt sögulegt ágríp ásamt innsýn í notkun hreyfimynda sem miðils í samtímanum. Nemendur þróa með sér sína eigin aðferðarfræði til miðlunar á verkum sínum. Nemendur nýta innihald námskeiðsins Staðbundin framleiðsla sem efni til að vinna útfra.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs ættu nemendur að:

- ▶ hafa öðlast grunnþekkingu á helstu straumum og stefnum í hreyfimynd,
- ▶ hafa þróað með sér verkferil til miðlunar verkum sínum (valið forrit eða aðferðafræði),
- ▶ geta miðlað verkferli og frumgerðum á einfaldan hátt í hreyfimynd.

Námsmat: Vinnuferill og lokaverk

Umsjónarkennari: Kristín Arna Sigurðardóttir

HFR220-04H Heimsfræði: Vísindi og sköpun

4 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu er leitast við að varpa ljósi á tengslin á milli vísinda og hönnunar með því að beina sjónum að mismunandi fræðasviðum sem öll takast á við sköpun á einn eða annan hátt, hringrásir eða orsakalögmál. Litið er til gamalla og nýrra vísindakenninga um sköpun, hvort sem sköpunin sprettur þá úr efni, af innblæstri eða jafnvel úr engu. Þá er leitast við að spegla stórar vísindalegar hugmyndir í hönnun og mannlegu eðli.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa hlotið þjálfun í að nota sér kenningar innan raunvísinda í samhengi við hönnun og við eigin hönnunarvinnu eða listsköpun,
- ▶ hafa hlotið þjálfun í að skrifa og ræða um hönnun út frá þverfaglegum forsendum,
- ▶ hafa hlotið aukna færni til að leita til raunvísinda við eigin sköpun og vera færir um að beita þeirri þekkingu sinni á sjálfstæðan og gagnrýninn hátt í eigin verkefnum,
- ▶ að hafa öðlast færni til að þekkja nokkur helstu hugtök sem einkenna landamæri hönnunar og vísinda.

Námsmat: Dagbækur og greinargerðir

Umsjónarkennari: N.N.

VER202-02H Mótagerð og afsteypur

2 ECTS – tækni

Lýsing

Kennd eru undirstöðuatriði í afsteypugerð á verkstæði deildarinnar. Kennd er notkun vax, gifs og annarra mótagerðarefna. Einnig er leiðbeint um nauðsynlegustu handbrögð og grunnaðferðir við skipulag mótagerðar. Farið er yfir nauðsynleg öryggisatriði við vinnu í afsteypugerð. Nemendum eru kenndar verklagsreglur við undirbúning og framkvæmd afsteypugerðar.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- ▶ skilja og þekkja helstu aðferðir mótasmíði og afsteypugerðar,
- ▶ geta beitt mótum til smíða á afsteypum fyrir prótótýpur, allt til þróunar og framsetningar á hugmyndum,
- ▶ þekkja efnisfræði þeirra efna sem unnið er með við móta- og afsteypugerð,
- ▶ vera færir um að beita þeirri tækni sem verkstæðið býður upp á til að efla víðsýni og frumleika í framsetningu og hugmyndavinnu,
- ▶ geta unnið sjálfstætt og skipulega.

Námsmat: Verkefni, kynning og virkni

Umsjónarkennari: Ragnhildur Stefánsdóttir

VAL – 2 ECTS

HFR107-02H Hönnunarmars

2 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu sækja nemendur viðburði og fyrirlestra Hönnunarmars til að kynna sér hönnun samtímans og umfjöllunina um hana. Þá verða nemendur að sækja fyrirlestra viðburðarins og sýningar Hönnunarmars. Áður en Hönnunarmars hefst sækja nemendur undirbúningsfyrirlestra. Námskeiðinu lýkur með samræðu nemenda þar sem þeir ræða um viðburðinn og þurfa nemendur þá að sýna að þeir geti bæði rætt og skrifað um samtímahönnun út frá eigin brjósti á áhugaverðan, fróðlegan og gagnrýninn hátt.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa hlotið þjálfun í að skoða framsetningu á samtímahönnun á Íslandi með gagnrýnum augum,
- ▶ hafa hlotið þjálfun í að skrifa og ræða um hönnun á uppbyggilegan, áhugaverðan og gagnrýninn hátt

- ▶ kunna skil á samtímahönnun á Íslandi eins og hún birtist á Hönnunarmars og vera færir um að setja hana í samhengi við hönnunarsögu, tíðaranda og/eða samfélagsþróun.

Námsmat: Dagbækur, fyrirlestrar og greinargerðir

Umsjónarkennari: Þórunn Árnadóttir

ÞRIÐJAÁR HAUSTMISSERI

VÖR300-18H Hönnun og samþætting: Stefnu­mót

18 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Í námskeiðinu vinna nemendur hugmyndir að framleiðsluvörum sem tengjast beint við atvinnulífið oft með nýtingu á hráefni að leiðarljósi. Áhersla er lögð á samstarf við framleiðendur og frumkvöðlaverkefni til þess að skapa einstakar afurðir. Nemendur fullmóta hugmyndir, gera vinnuteikningar og verkáætlanir að framleiðslu, frumgerðir/módel, og þróa og aðlaga að efnisnotkun og framleiðsluferli. Farið er yfir aðferðir við þróun, skipulagningu og rýnt í grófar verk- og kostnaðaráætlanir. Markmið verkefnanna er að þróa afurðir sem geta skapað efnahagslegan ávinning og verið fyrirmyndir fyrir framleiðendur til að auka vægi nýsköpunarframleiðslunnar í samstarfi við hönnuði. Nemendur vinna einstaklings- og hópverkefni. Lögð er áhersla á miðlun verkefnisins til samfélagsins með texta, myndum og vídeóverkum.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja aðferðir og efni sem eru til staðar í landbúnaðar- og iðnaðarsamfélaginu eftir því sem við á hverju sinni,
- ▶ þekkja möguleika á framleiðslu á völdu hráefni í íslensku samhengi,
- ▶ geta greint hagnýt flókin viðfangsefni í faglegu samhengi,
- ▶ geta unnið í hópi hönnuða sem og með öðrum starfsstéttum,
- ▶ hafa öðlast færni í öflun upplýsinga og skráningu þeirra,
- ▶ hafa öðlast grunnfærni í að setja sig inn í hugsunarhátt, framleiðslugetu og aðferðarfræði í framleiðslufyrirtæki,
- ▶ geta gert grunn að verk- og kostnaðaráætlun ásamt miðlun á verki til framleiðslufyrirtækja í formi tæknilegra teikninga og texta,
- ▶ þekkja grunnaðferðir við kynningu á verkefni með notkun ýmiss konar miðla, texta, mynda og hreyfimynda,
- ▶ geta tekið ákvarðanir og rökstutt þær á faglegum grunni starfssviðsins,
- ▶ hafa færni til að túlka og kynna niðurstöður skriflega, með vinnuteikningum og módelum,

- ▶ geta miðlað niðurstöðum úr rannsóknum sínum á tíðaranda efnislega og munnlega í texta ásamt hreyfimynd.

Námsmat: Verkefni, kynningar, þátttaka og virkni

Umsjónarkennari: Tinna Gunnarsdóttir

Kennarar: Tinna Gunnarsdóttir og N.N.

BAH300-00H Undirbúningur fyrir lokaritgerð

0 ECTS – fræði

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

BAH300-06H Lokaritgerð

6 ECTS – fræði

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

VER221-02H Vídeó sem miðill II

2 ECTS – tækni

Lýsing

Í námskeiðinu byggja nemendur ofan á þá þekkingu sem sköpuð var með Vídeó sem miðill 1. Lögð er áhersla á að hver nemandi fái að þroska og þróa sína eigin aðferðarfræði til miðlunar á verkum sínum. Innihald námskeiðsins Stefnumót er notað sem efniviður í vinnu námskeiðsins.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs ættu nemendur að:

- ▶ hafa öðlast djúpa þekkingu á afmarkaðri stefnu í hreyfimyndagerð,
- ▶ hafa fullþróað faglega og lofandi aðferðarfræði til miðlunar á verkum sínum,
- ▶ hafa öðlast hæfni til að miðla verkum sínum og hugmyndafræði með persónulegri nálgun í hreyfimynd.

Námsmat: Vinnuferill og lokaverk

Umsjónarkennari: Kristín Arna Sigurðardóttir

VAL – 2-4 ECTS

Sjá sameiginleg valnámskeið

ÞRIÐJA ÁR

VORMISSERI – SKYLDA

ALL303-02H Portfolio

2 ECTS – vinnustofa

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

HFR303-04H Hönnun og samfélag IV

4 ECTS – fræði

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

HFR306-02H Útskriftarverkefni – greining

2 ECTS – fræði

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

ALL304-02H Úrvinnsla

2 ECTS – vinnustofa

Sjá sameiginleg skyldunámskeið

VÖR300-14H Útskriftarverkefni: Vöruhönnun

14 ECTS – vinnustofa

Lýsing

Með lokaverkefni sýna nemendur fram á þekkingu og hæfni til að skila af sér heilsteyptu verki þar sem tekist er á við alla þætti vöruhönnunar, frá mótun hugmynda til framsetningar á tillögu. Nemendur vinna einstaklingsverkefni undir handleiðslu leiðbeinenda og þróa með sér persónulega nálgun á því viðfangsefni sem þeir vinna í námskeiðinu. Nemandi tileinkar sér sjálfstæð vinnubrögð og sýnir fram á getu til að skipuleggja vinnu sína og þróa með sér sjálfstætt viðhorf til rannsóknar- og hönnunarferlis. Nemendum er ætlað að styrkja alla þá hugmynda- og rannsóknarvinnu sem unnin er í tengslum við lokaverk. Nemendur skýra þá rannsóknarvinnu sem býr að baki og gera hana sýnilegri. Nemendur gera grein fyrir hugmyndum sínum og listsköpun á markvissan hátt. Nemendur þróa eigin vekefnislýsingu í samstarfi við leiðbeinendur í sambengi við markmið lokaverkefnis. Mikil áhersla er lögð á skapandi hugsun jafnt sem gagnrýna sýn á eigið sköpunarferli við mótun verkefnis. Í lokaverkefni skal nemandi uppfylla ákveðnar kröfur um samhæfða kunnáttu þar sem mynda skal heilsteypt verk samfara færni til að vinna að tæknilegum úrlausnum sem styðja hugmynd verkefnis. Mikilvægt er að nemandi sýni fram á hæfni til að vinna verkefni og miðla í fjöl-

breyttum miðlum. Í lokaverkefni skal sýnt fram á sannfærandi tengsl á milli einstakra þátta verkefnisins svo úr verði ein samverkandi heild í mynd og máli.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ sýna fram á þekkingu og hæfni til að skila skýrt afmörkuðu verkefni sem tekur á flestum þáttum námsins,
- ▶ þekkja mismunandi þætti er snúa að umsýslu stærri verkefna,
- ▶ geta miðlað þeirri grunnhugmynd sem býr að baki verki þeirra á markvissan hátt í knöppu formi.
- ▶ geta tjáð sig um eigið verk í fræðilegu samhengi í vel skrifuðum texta,
- ▶ geta notað vídeó, ljósmyndir, teikningar og texta ásamt efnislegum tilraunum á markvissan hátt til að skýra þá hugmynd og þá rannsóknarvinnu sem lokaverk þeirra felur í sér,
- ▶ hafa þróað með sér og sýnt fram á sjálfstæð og skipuleg vinnubrögð, sett sér markmið, gert verkátlan og fylgt henni eftir,
- ▶ hafa tileinkað sér vísðýni og frumleika í hugsun,
- ▶ geta rökstutt ákvarðanir á faglegum grunni og tekið þátt í gagnrýnu samtali um ferli, hönnun, úrvinnslu hugmynda og framsetningu,
- ▶ hafa tekist á við fjölþættar áskoranir í hönnun sem og sýnt fram á samhæfða kunnáttu þar sem hugmynd, virkni, tæknileg færni og form leiða til heildstæðrar hönnunartillögu.

Námsmat: Greining, verkefni, framsetning, kynning, virkni og ástundun. Verkefnið er kynnt á útskriftarsýningu námsbrautarinnar (sé verkefnið unnið á vorönn) Fræðileg greinargerð (2.000–2.500 orð) og kynningarefni

Umsjónarkennari: Garðar Eyjólfsson & Thomas Pausz

VAL – 2-4 ECTS

VER228-02H Silkiprykk

2 ECTS – tækni

Lýsing

Í námskeiðinu eru grunnaðferðir silkiprykks kenndar með áherslu á tvö verkefni:

1. Einlitt þrykk á tau með Plastisol litum, þrykkð beint á efnið og með „transfer“. Nemendur komi með efni að eigin vali til að þrykkja á.
2. Marglaga myndefni þrykkð á pappír með vatnslitum. Farið yfir undirbúning ramma, gerð rasta, myndefni skipt upp í lög (layers) og/eða fjórlit (CMYK). Þrykkð upplag (amk. jafnt nemendafjölda) í bókverk.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðsins eiga nemendur að hafa:

- ▶ öðlast skilning og þekkingu á tækjum sem notuð eru við silkiþrykk og virkni þeirra,
- ▶ hæfni til að beita tækni silkiþrykks til að rökstyðja hugmyndir í vinnustofum,
- ▶ öðlast þekkingu á efnisfræði þeirra efna sem vinna má með í silkiþrykki.

Námsmat: Virkni og ástundun

Umsjónarkennari: Jóhann Lúðvík Torfason

VER208-02H Bókagerð

2 ECTS – tækni

Lýsing

Kennd verður fjölbreytt tækni við bókagerð og samhengi hennar við framsetningu hugmynda. Nemendur læra grunnaðferðir við bókband og bókagerð með það að markmiði að þeir geti rannsakað bækur í sem fjölbreyttustu samhengi og átti sig á hvaða möguleikar felast í notkun bókagerðar. Nemendur gera stutta og óformlega athugun á bókum og hvað hefur verið gert í heimi bókanna sem heillar þá. Rætt er um val á pappír og skoðaðir mismunandi eiginleikar hans.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að hafa:

- ▶ þróað með sér færni til að nota bókagerð sem aðferð við framsetningu efnis og beita henni til að þróa og útskýra hugmyndir sínar,
- ▶ öðlast þekkingu og skilningu á bókagerð sem verkfæri,
- ▶ þróað sjálfstætt verklag við prentun bóka með víðsýni og frumleika að leiðarljósi.

Námsmat: Verkefni, ástundun og virkni

Umsjónarkennari: Birna Geirfinnsdóttir

VER240-02H Introduction to the Black and White Darkroom

2 ECTS – tækni

Námskeiðið er kennt á ensku

Description

Students will be given instruction in the fundamentals of working in a classical film darkroom environment. Subjects covered include film selection, development, contact and enlargement printing and finishing. Since this will be a technical course, students will be responsible for purchasing their own film and paper and will have the opportunity to experiment with different techniques of black and white photo processing.

Learning outcomes

At the end of the course students should:

- ▶ have an understanding of various techniques used when working with film in a black and white or color darkroom,
- ▶ have a working knowledge of the equipment used for the above,
- ▶ be able to connect technical skills in film photography and darkroom work with their own projects.

Assessment: Attendance and participation

Supervisor: Eric Wolf

VER231-02H Editorial Photography/Composition for Magazines

2 ECTS – tækni

Námskeiðið er kennt á ensku

Description

Basic and advanced photographic composition techniques will be discussed and analyzed through practice and application. Students will work alone and in small groups to carry out photo assignments which will result in a PDF/web magazine to be published at the end of the term. The subject and content of the magazine will reflect current life at LHÍ.

Learning outcomes

At the end of the course students should:

- ▶ have a basic understanding of the necessary skills to complete a photographic assignment in a realistic, time-sensitive environment and produce quality material for as wide an audience as possible.

Assessment: Attendance, assignments and final work product

Supervisor: Eric Wolf

HFR107-02H Hönnunarmars

2 ECTS – fræði

Lýsing

Í námskeiðinu sækja nemendur viðburði og fyrirlestra Hönnunarmars til að kynna sér hönnun samtímans og umfjöllunina um hana. Þá verða nemendur að sækja fyrirlestra viðburðarins og sýningar Hönnunarmars. Áður en Hönnunarmars hefst sækja nemendur undirbúningsfyrirlestra. Námskeiðinu lýkur með samræðu nemenda þar sem þeir ræða um viðburðinn og þurfa nemendur þá að sýna að þeir geti bæði rætt og skrifað um samtímahönnun út frá eigin brjósti á áhugaverðan, fróðlegan og gagnrýninn hátt.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa hlotið þjálfun í að skoða framsetningu á samtímahönnun á Íslandi með gagnrýnum augum,
- ▶ hafa hlotið þjálfun í að skrifa og ræða um hönnun á uppbyggilegan, áhugaverðan og gagnrýninn hátt
- ▶ kunna skil á samtímahönnun á Íslandi eins og hún birtist á Hönnunarmars og vera færir um að setja hana í samhengi við hönnunarsögu, tíðaranda og/eða samfélagsþróun.

Námsmat: Dagbækur, fyrirlestrar og greinargerðir

Umsjónarkennari: Þórunn Árnadóttir

ARKITEKTÚR

1 ÁR

T	KYNNING TRÉSM.	ARKITEKTÚRTEIKN.	CAD			LJÓSMYNDUN
---	----------------	------------------	-----	--	--	------------

V	KYNNING	ARKITEKTÚR & AÐFERÐAFRÆÐI		HÖNNUNARFERLI HÚS NR. 1		HÖNNUN FERLI FRAMKY.
---	---------	---------------------------	--	-------------------------	--	----------------------

	HÖNNUN OG SAMFÉLAG II			HÖNNUN OG SAMFÉLAG I		
--	-----------------------	--	--	----------------------	--	--

F	KYNNING - FRÆÐISKRIF			BYGGINGARFRÆÐI		EFNISMENNING
---	----------------------	--	--	----------------	--	--------------

2 ÁR

T	FORRIT FYRIR ARKITEKTA			FORRITIN ÖLL		MÓDELSMÓÐI
---	------------------------	--	--	--------------	--	------------

V	FAGGR. I: BORGABR.	FAGGREIN II: AÐ BYGGJA BORG		SAMTAL	HÖNNUN & ÁHRIF	HÉTTING BYGG. TOGETHER
---	--------------------	-----------------------------	--	--------	----------------	------------------------

		DELHÖNNUN	BYGGINGAR- EÐLISFRÆÐI	HÖNNUN OG SAMFÉLAG III		
--	--	-----------	--------------------------	------------------------	--	--

F	BORGARFRÆÐI	VALNÁMSKEIÐ		BYGGINGARLIST Á ÍSLANDI		
---	-------------	-------------	--	-------------------------	--	--

3 ÁR

T						
---	--	--	--	--	--	--

V	HÖNNUN OG SAMHÆTTING: VISTVÆNI BYGG. BANNSÓKN			PORTF.	ÚTSKRIFTARVERKEFNI	ÖNÝ.
---	---	--	--	--------	--------------------	------

	LOKARITGERÐ			HÖNNUN OG SAMFÉLAG IV		
--	-------------	--	--	-----------------------	--	--

F	ARKITEKTUR OG BOKMENNTIÐ			ÚTSKRIFTARVERKEFNI - GREINING		
---	--------------------------	--	--	-------------------------------	--	--

T: TÆXNI V: VINNUSTOFA F: FRÆÐI

FATAHÖNNUN

1 ÁR

T	LJÓSMYNDUN	KLÆÐSKURÐUR OG SAUMUR		KYNNINGARNÁMSKEIÐ PRENT		PROFUS. OG FRÁG.
---	------------	-----------------------	--	-------------------------	--	------------------

V	KYNNING	FATAHÖNNUN & AÐFERÐAFRÆÐI		HÖNNUNARFERLI		VERK: TEIKNING OG FATNADUR
---	---------	---------------------------	--	---------------	--	----------------------------

	HÖNNUN OG SAMFÉLAG II			HÖNNUN OG SAMFÉLAG I		
--	-----------------------	--	--	----------------------	--	--

F	KYNNING - FRÆÐISKRIF					EFNISMENNING
---	----------------------	--	--	--	--	--------------

2 ÁR

T	KLÆÐSKURÐUR II	TÍSKUTEIKNING	DRAPERING I		KLÆÐSKURÐUR III	JAF. SNÉDAGERÐ
---	----------------	---------------	-------------	--	-----------------	----------------

V	FAGGREIN I: NÝKL.	FAGGREIN II: EFN. OG FRAMLEIÐSLA		SAMTAL	HÖNNUN & ÁHRIF	TÍSKUSTYÐING TOGETHER
---	-------------------	----------------------------------	--	--------	----------------	-----------------------

F	LÍKAM, KLÆ. OG SAM.	VALNÁMSKEIÐ	TEXTÍL OG VEFN.FR.	HÖNNUN OG SAMF. II	HÖNNUNARMARS	TÍSKUSAGA I
---	---------------------	-------------	--------------------	--------------------	--------------	-------------

3 ÁR

T	DRAPERING II					
---	--------------	--	--	--	--	--

V	HÖNNUN OG SAMHÆTTING		BANNSÓKN	PORTF.	ÚTSKRIFTARVERKEFNI	ÖNÝ.
---	----------------------	--	----------	--------	--------------------	------

	LOKARITGERÐ			HÖNNUN OG SAMFÉLAG IV		
--	-------------	--	--	-----------------------	--	--

F	VALNÁMSKEIÐ			VALNÁMSKEIÐ	ÚTSKRIFTARVERKEFNI - GREINING	
---	-------------	--	--	-------------	-------------------------------	--

T: TÆXNI V: VINNUSTOFA F: FRÆÐI

GRAFÍSK HÖNNUN

1 ÁR

T	KYNNING PRENT	LJÓSM.	BÓKAL.	FORBITIN ÓLL	RAFSÆKUR	MYNDV. LITAFR.
V	KYNNING	GRAFÍSK HÖNNUN & AÐFERDAFR.			HÖNNUNARFERLI	ÚTÓPIA OG ALKEMÍA
	HÖNNUN OG SAMFÉLAG II				HÖNNUN OG SAMFÉLAG I	
F	KYNNING - FRÆÐISKRIF				MYNEMÁL OG STJÓRNMÁL	EFNISMENNING

2 ÁR

T	KÓDI OG SKYNIARAR			VEFSMÍDI	TEKNING	LETURTÆKNI
V	FAGGREIN I: MÖRKUN FAGGREIN II: TÆKNI OG UPPLÝSINGAR				SAMTAL HÖNNUN & ÁHRIF: LETUR & BANNI. TOGETHER	
	GALDRAR OG TÆKN		FRÁ H. & H. Á M.		HÖNNUN OG SAMFÉLAG III	
F	LÍKAMI KLÆÐNADUR OG SAMFÉLAG		VALNÁMSKEIÐ		SAGA PRENTL.	MYNEMÁL OG STJÓRNMÁL

3 ÁR

T							
V	HÖNNUN OG SAMBÆTTING: VERULEIKI				PORTF.	ÚTSKRIFTARVERKEFNI	ÖRV.
F	LOKARTGERÐ		VALNÁMSKEIÐ		HÖNNUN OG SAMFÉLAG IV		VALNÁMSKEIÐ
	ÚTSKRIFTARVERKEFNI - GRÖNING						

T: TÆKNI V: VINNUSTOFA F: FRÆÐI

VÖRUHÖNNUN

1 ÁR

T	KYNNING TRÉSMÍÐAV.	FORBITIN ÓLL	HRÍVÉÐ: TVÍVÉÐ	KYNNING PRENTV. LJÓSMYNDUN		
V	KYNNING	VÖRUHÖNNUN & AÐFERDAFR.		HÖNNUNARFERLI: TILBÚGNASTOFA		
	HÖNNUN OG SAMFÉLAG II				HÖNNUN OG SAMFÉLAG I	
F	KYNNING - FRÆÐISKRIF				EFNISMENNING	

2 ÁR

T	CAD/CAM	MÁLMEYKING		MÓTAGERÐ OG AFS. VÍÐÉO SEM MIÐILL I		
V	FAGGR. I: HUGM. /SMÍÐ FAGGREIN II: TÆKNI OG MEYKING			SAMTAL HÖNNUN & ÁHRIF: STADN. FRAML. TOGETHER		
	ALDJOLEG VÖRUHÖNNUN				HÖNNUN OG SAMFÉLAG III	
F	VALNÁMSKEIÐ	ÍSLENSK VÖRUHÖNNUN		HÖNNUNARMARS	HÖMISFR. VÍSINDI OG SKÓPUN	

3 ÁR

T	VÍÐÉO SEM MIÐILL II						
V	HÖNNUN OG SAMBÆTTING: STEFNUMÓT				PORTF.	ÚTSKRIFTARVERKEFNI	ÖRV.
F	LOKARTGERÐ		VALNÁMSKEIÐ		HÖNNUN OG SAMFÉLAG IV		VALNÁMSKEIÐ
	ÚTSKRIFTARVERKEFNI - GRÖNING						

T: TÆKNI V: VINNUSTOFA F: FRÆÐI

MIKILVÆGAR DAGSETNINGAR 2015–2016

HAUSTÖNN 2015

24. ágúst	Skólassetning – kennslutímabil á haustönn hefst
14. ágúst	Gjalddagi fyrri hluta skólagjalda
24. september	Haustútskrift
2.–6. nóvember	Verkefnavika
13. nóvember	Opinn dagur
11. desember	Síðasti kennsludagur á haustönn
14.–18. desember	Verkefna- og prófavika
21. desember	Jólafrí hefst

VORÖNN 2016

04. janúar	Skrifstofa opnar eftir jólaleyfi
11. janúar	Kennslutímabil á vorönn hefst
29. janúar	Vetrarútskrift
15. febrúar	Gjalddagi seinni hluta skólagjalda
28. febrúar	Háskóladagurinn – Opinn dagur
15.–19. febrúar	Verkefnavika
26. febrúar	Hugarflug
21. mars – 30. mars	Páskafrí
12. maí	Síðasti kennsludagur vorannar
15.–20. maí	Verkefna- og prófavika
17. júní	Útskrift skólans

